



LANDSSKIPULAG
2015–2026

Tillaga að landsskipulagsstefnu



Loftslag, landslag, lýðheilsa

Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026
Nóvember 2020

Formáli

Hér er kynnt tillaga að landsskipulagsstefnu. Í tillögunni er sett fram stefna um skipulagsmál með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu, auk viðbóta við fyrirbyggjandi landsskipulagsstefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Fyrir er í gildi Landsskipulagsstefna 2015–2026 sem Alþingi samþykkti árið 2016. Þeirri tillögu sem hér er kynnt er ætlað að koma til viðbótar þeirri stefnu.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram sýn og stefna um skipulagsmál á landsvísu. Hvort sem áformað er að byggja hús, leggja veg, reisa virkjun eða leggja drög að nýju hverfi, höfum við sameiginlega hagsmuni af því að skipulagsákvæðanir séu traustar og vel grundaðar. Þá getur skipt miklu að við höfum gefið okkur ráðrúm til að horfa vítt yfir sviðið og fram í tímann, eins og tækifæri gefst til þegar unnið er að heildstæðri skipulagsstefnu á landsvísu.

Í tillögunni sem hér er lögð fram eru settar fram áherslur í skipulagsmálum til að gera okkur betur kleift að vinna markvisst að aðgerðum í loftslagsmálum um leið og hugað er að landslagsgæðum og því hvernig fyrirkomulag og útfærsla byggðar getur eftir lýðheilsu.

Við mótun tillögunnar hefur verið lögð mikil áhersla á upplýsingamiðlun og samráð. Auk lýsingar, sem kynnt var í upphafi ferlis við mótun tillögunnar, hefur verið efnt til málstofa og teknar saman skýrslur og greinargerðir um einstök efni. Öllu hefur því verið miðlað jafnóðum og gert aðgengilegt á vefsetri landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is.

Nú liggur fyrir tillaga að landsskipulagsstefnu sem lögð er fram til átta vikna kynningar. Það er von okkar á Skipulagsstofnun að tillagan vekji áhuga og umræðu og sé til þess fallin að auka samstöðu og skilning um mikilvægi skipulagsgerðar sem hreyfiafls framfara og breytinga og stjórnþækis til að standa vörð um náttúru- og menningargæði og almannahagsmuni.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri Skipulagsstofnunar

Efnisyfirlit

Tillaga að landsskipulagsstefnu	3
1. Skipulag á miðhálandi Íslands	8
2. Skipulag í dreifbýli	8
3. Búsetumynstur og dreifing byggðar	8
4. Skipulag á haf- og strandsvæðum	9
5. Loftslagsmiðað skipulag	13
6. Staðarmótun og landslagsvernd	35
7. Heilsuvæn byggð og landnotkun	55
Fylgiskjöl.....	65
- Yfirlit yfir ferlið við mótun tillögunnar	
- Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda	
- Umhverfismat tillögunnar	

Tillaga að landsskipulagsstefnu

Stjórnvöld skulu vinna að skipulagsmálum í samræmi við landsskipulagsstefnu þessa, sem felur í sér stefnu um:

1. Skipulag á miðhálandi Íslands
2. Skipulag í dreifbýli
3. Búsetumynstur og dreifingu byggðar
4. Skipulag á haf- og strandsvæðum
5. Loftslagsmiðað skipulag
6. Staðarmótun og landslagsvernd
7. Heilsuvæna byggð og landnotkun

Í landsskipulagsstefnu þessari er eftirfarandi lagt til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta

Greinargerð

Hér er sett fram tillaga að landsskipulagsstefnu sem ætlað er að verða viðauki við gildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem Alþingi samþykkti árið 2016. Tillagan er unnin á grundvelli skipulagslaga.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt með þingsályktun á Alþingi 16. mars 2016. Með henni var í fyrsta skipti sett fram formleg stefna um skipulagsmál á landsvísu til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um landnotkun og byggðapróun.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er mörkuð stefna um fjögur viðfangsefni: Skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Þar eru einnig sett fram fjögur leiðarljós fyrir stefnumótun um skipulagsmál og framkvæmd skipulagsmála, en þau eru um sjálfbærni, seiglu og sveigjanleika, lífsgæði og samkeppnishæfni.

Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, fól Skipulagsstofnun árið 2018 að hefja vinnu við breytingar á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem mótuð yrði nánari stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Að auki fól ráðherra Skipulagsstofnun að yfirfara gildandi stefnu um haf- og strandsvæði með hliðsjón af nýjum lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Ráðherra beindi því jafnframt til stofnunarinnar að taka mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna við mótun tillögunnar, sérstaklega markmiði 11 um sjálfbærar borgir og samfélög og markmiði 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Tillagan sem hér er kynnt byggist á þeim áherslum sem ráðherra lagði fyrir Skipulagsstofnun í upphafi ferlisins. Tillagan gerir ráð fyrir að Landsskipulagsstefna 2015-2026 gildi áfram með eftirfarandi breytingum:

- Lagt er til að fjórum nýjum aðgerðum verði bætt við 4. kafla Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem fjallar um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum.
- Lagt er til að þremur nýjum köflum verði bætt við Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þeir kaflar sem lagt er til að bætist við eru eftirfarandi:

5. Loftslagsmiðað skipulag

6. Staðarmótun og landslagsvernd

7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Stefnan sem lögð er til í kafla 5, um loftslagsmiðað skipulag, kafla 6, um staðarmótun og landslagsvernd, og kafla 7, um heilsuvæna byggð og landnotkun, á eftir atvikum við um öll viðfangsefni gildandi landskipulagsstefnu og er ætlað að dýpka og útfæra þá stefnu sem fyrir er.

Nýju kaflarnir tvinnast einnig saman með ýmsum hætti enda var við gerð tillögunnar leitast við að útfæra eins og kostur er skipulagsáherslur sem miða að ávinningi á öllum áherslusviðum tillögunnar. Tiltekna skipulagshugmyndir sem skila margþættum ávinningi koma því endurtekið fyrir í tillögunni, þvert á viðfangsefni. Þar má fyrst nefna skipulagshugmyndina um *20 mínútna bæinn* sem birtist í öllum nýju köflunum. Áhersla á græna innviði er einnig gegnumgangandi í tillögunni, enda geta þeir haft ávinning í för með sér á mörgum sviðum, meðal annars til að auka viðnámsþrótt gegn loftslagsáhrifum, bæta og fegra umhverfið og stuðla að aukinni hreyfingu og bættri heilsu fólks.

		VIÐFANGSEFNI GILDANDI LANDSSKIPULAGSSTEFNU			
		Búsetumynstur og dreifing byggðar	Skipulag í dreifbýli	Skipulag miðhálandisins	Skipulag haf- og strandsvæða
NÝVIÐFANGSEFNI LANDSSKIPULAGSSTEFNU	LOFTSLAG				
	LANDSLAG				
	LÝÐHEILSA				

Mikilvægt er að skoða og túlka þá stefnu sem fram kemur í tillögunni sem eina heild, auk þess sem hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi landsskipulagsstefnu. Við skipulagsgerð sveitarfélaga ætti jafnframt að samþætta eins og kostur er þau mismunandi markmið sem að er stefnt og leita leiða til að ná margþættum ávinningi með sömu aðgerðum.

Áhrif landsskipulagsstefnu á skipulagsgerð sveitarfélaga og áætlanagerð ríkisins


Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt í gegnum skipulagsgerð sveitarfélaga. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags og taka mið af henni við gerð skipulagsáætlana.

Í landsskipulagsstefnu er við hvert markmið stefnunnar sett fram hvernig gert er ráð fyrir að því sé framfylgt í skipulagsgerð sveitarfélaga. Þar eru sett fram sjónarmið og áherslur í skipulagsmálum til útfærslu í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Það er síðan á valdi hvernar sveitarstjórnar að útfæra hvernig hún telur eiga við að vinna úr þeirri stefnu innan sinnar lögsögu og í samvinnu við önnur sveitarfélög þegar þannig háttar til.

Hafa þarf í huga að þrátt fyrir að tillagan geri ráð fyrir ýmsum verkefnum stjórnvalda sem eiga að útfæra nánar og leiðbeina um einstök markmið stefnunnar, er framkvæmd slíkra verkefna ekki

forsenda þess að sveitarfélög geti byggt skipulagsgerð sína á viðkomandi markmiðum landsskipulagsstefnu.

Auk þess að vera framfylgt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, hefur landsskipulagsstefna áhrif á áætlanir stjórnvalda á landsvísi í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðapróun. Gert er ráð fyrir að við mótnun slíkra áætlana ríkisins sé horft til þeirra áherslna sem settar eru fram í landsskipulagsstefnu. Það getur átt við áætlanir eins og byggðáætlun, kerfisáætlun, rammaáætlun og samgönguáætlun, svo dæmi séu tekin.



Uppbygging tillögunnar

Fremst í tillögunni eru sett fram fjögur leiðarljós, þau sömu og í gildandi landsskipulagsstefnu, sem eru lögð til grundvallar í öllum köflum landsskipulagsstefnu.

Þá taka við sjö kaflar sem hver fjallar um eitt viðfangsefni landskipulagsstefnu. Kaflar 1-4 eru óbreyttir frá gildandi landsskipulagsstefnu, nema hvað lagðar eru til viðbætur við 4. kafla. Kaflar 5-7 fela í sér viðbót við gildandi landsskipulagsstefnu.

Í hverjum kafla er fyrst sett fram eitt yfirmarkmið fyrir kaflann í heild og síðan nánar útfærð markmið um einstaka efnisþætti sem varða það viðfangsefni sem viðkomandi kafla fjallar um.

Hverju markmiði er fylgt eftir með aðgerðum eða leiðum sem ætlað er að stuðla að framfylgd viðkomandi markmiðs. Leiðirnar eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða tilmæli og aðgerðir sem beint er til sveitarfélaga að vinna að í skipulagsáætlunum sínum. Hins vegar er um að ræða ýmis verkefni stjórnvalda í samstarfi við ýmsa aðila, sem vinna að útfærslu og framfylgd stefnunnar. Þar getur verið um að ræða leiðbeiningar- eða þróunarverkefni, til að hrinda tilteknum markmiðum stefnunnar í framkvæmd. Vinna að framfylgdarverkefnum landskipulagsstefnu kallar á náð og gott samráð og samstarf ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og eftir atvikum annarra aðila.

Skýringar við tillöguna eru settar fram í greinargerðartexta sem settur er fram á eftir hverju markmiði og aðgerðum.

Kynning tillögunnar

Tillaga að landskipulagsstefnu, ásamt umhverfismati (sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali), er kynnt í átta vikur, sbr. 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga.

Öllum er frjálst að senda inn athugasemdir við tillöguna og skulu þær berast með bréfpósti til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á netfangið landsskipulag@skipulag.is eða með því að skila inn athugasemd á athugasemdagátt á www.landsskipulag.is.

Ferli að loknum kynningartíma

Eftir að kynningartíma tillögunnar lýkur tekur Skipulagsstofnun afstöðu til framkominna umsagna og athugasemda og skilar í kjölfarið endanlegri tillögu stofnunarinnar að landskipulagsstefnu til umhverfis- og auðlindaráðherra. Stofnunin gerir jafnframt þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við hina auglýstu tillögu grein fyrir umsögn sinni um þær.

Umhverfis- og auðlindaráðherra tekur tillögu Skipulagsstofnunar til skoðunar og leggur í kjölfarið fram tillögu til þingsályktunar um landskipulagsstefnu á Alþingi, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Landsskipulagsstefna öðlast gildi þegar hún hefur verið afgreidd sem þingsályktun frá Alþingi.

1. Skipulag á miðhálandi Íslands

Um skipulag á miðhálandi Íslands gildir sú stefna sem kemur fram í 1. kafla þingsályktunar nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

2. Skipulag í dreifbýli

Um skipulag í dreifbýli gildir sú stefna sem kemur fram í 2. kafla þingsályktunar nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

3. Búsetumynstur og dreifing byggðar

Um búsetumynstur og dreifingu byggðar gildir sú stefna sem kemur fram í 3. kafla þingsályktunar nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

4. Skipulag á haf- og strandsvæðum

Um skipulag á haf- og strandsvæðum gildir sú stefna sem kemur fram í 4. kafla þingsályktunar nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015–2026 ásamt eftirfarandi viðbótum.

Við kafla 4.1 bætist:

4.1.3 Gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum
Skipulagsstofnun setji á stofn gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á haf- og strandsvæðum. Gagnagátt og kortavefsjá verði komin í rekstur árið 2022.

Við kafla 4.3 bætist:

4.3.2 Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga

Við gerð strandsvæðisskipulags verði tekið mið af bestu fyrirliggjandi upplýsingum um áhrif loftslagsbreytinga, svo sem um breytingar á sjávarborði og röskun á búsvæðum.

4.3.3 Gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði

Hafin verði vinna við gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði. Ráðherra skipi svæðisráð um gerð þess eigi síðar en 1. október 2021.

4.3.4 Mat á þörf fyrir strandsvæðisskipulag

Skipulagsstofnun, að höfðu samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga og ráðgefandi aðila samkvæmt lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, greini þörf fyrir gerð strandsvæðisskipulags á landsvísu og setji fram tillögu um forgangsröðun svæða fyrir næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu.

Greinargerð

Landsskipulagsstefna skal ávallt hafa að geyma uppfærða stefnu um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum. Í Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er 4. kafli helgaður skipulagi á haf- og strandsvæðum. Þegar stefnan var samþykkt árið 2016 hafði ekki verið sett löggjöf um skipulag á haf- og strandsvæðum og endurspeglast það í efni og áherslum kaflans.

Í upphafi vinnu við gerð viðauka við landsskipulagsstefnu árið 2018 fól umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun að yfirfara gildandi stefnu um haf- og strandsvæði með tilliti til laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, sem þá höfðu nýlega tekið gildi.

Í tillögunni er lagt til að fjórum nýjum aðgerðum verði bætt við gildandi stefnu um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum í 4. kafla Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Tilgangur breytinganna er:

- Að skerpa á áherslum 4. kafla með hliðsjón af ákvæðum nýrra laga um skipulag haf- og strandsvæða.
- Að fjalla um á hvaða afmörkuðu svæðum skuli gera strandsvæðisskipulag í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Ekki er talin þörf á að gera breytingar á 4. kafla gildandi landsskipulagsstefnu að öðru leyti, en hafa ber í huga að sum þeirra markmiða og aðgerða sem þar eru tilgreind hafa þegar komið til framkvæmda.

Gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum

Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða skulu leyfisveitendur senda Skipulagsstofnun upplýsingar um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum og ber stofnuninni að birta upplýsingar um leyfin í landupplýsingagátt á vef stofnunarinnar. Tilgangur þess er að ná fram heildarsýn yfir leyfisskylda starfsemi og framkvæmdir á viðkomandi svæðum, meðal annars til upplýsingar fyrir leyfisveitendur.

Stefnt er að því að framangreindri vinnu verði lokið árið 2022. Gert er ráð fyrir að kortavefsjain verði aðgengileg á sérstöku vefsvæði stofnunarinnar um skipulag á haf- og strandsvæðum, www.hafskipulag.is. Einnig kemur til álita að hún verði hluti nýrrar samráðs- og upplýsingagáttar um skipulag og framkvæmdir sem fjallað er um í 7. kafla þessarar tillögu.

Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga

Meðal markmiða laga um skipulag haf- og strandsvæða er að skipulag taki mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga. Í samræmi við það er hér lögð til aðgerð sem felur í sér að við gerð strandsvæðisskipulags verði tekið mið af áhrifum loftslagsbreytinga. Í reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags er jafnframt kveðið á um að í strandsvæðisskipulagi sé sérstaklega fjallað um mótvægisáðgerðir og aðlögun með tilliti til loftslagsbreytinga. Mikilvægt er að umfjöllun og ákvarðanir um framangreinda þætti byggist á bestu upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma, sem meðal annars er unnt að afla hjá þeim stofnunum sem fara með málaflokkinn hér á landi.

Gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði

Sú stefna um skipulag haf- og strandsvæða, sem setja skal fram í landsskipulagsstefnu, á meðal annars að segja fyrir um hvar vinna skal að gerð strandsvæðisskipulags. Skipulagslög mæla fyrir um að áður skuli umhverfis- og auðlindaráðherra setja fram sameiginlega áherslu með ráðherrum sjávarútvegsmála, orkumála, ferðamála og samgöngumála um það á hvaða afmörkuðu svæðum skuli gera strandsvæðisskipulag.

Strandsvæðisskipulag getur tekið til svæðis sem afmarkast til lands af netlögum og til hafs af viðmiðunarlinu sem tilgreind er í 1. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 3. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Önnur afmörkun strandsvæðisskipulags er ákveðin í landsskipulagsstefnu hverju sinni.

Við ákvörðun um á hvaða afmörkuðu svæðum skuli gera strandsvæðisskipulag eiga að hafa forgang þau svæði þar sem talið er brýnt að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið.


Í bráðabirgðaákvæði með lögum um skipulag haf- og strandsvæða var mælt fyrir um að vinna skyldi hafin við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum. Sú vinna stendur nú yfir og má fylgjast með ferli skipulagsgerðarinnar á vefnum www.hafskipulag.is.

Veturinn 2019-2020 óskaði svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar eftir því við Skipulagsstofnun að gert verði strandsvæðisskipulag fyrir Eyjafjörð. Í beiðni svæðisskipulagsnefndarinnar kemur fram að fjölbreytt starfsemi sé í og við fjörðinn og áform um nýja nýtingu, meðal annars fiskeldi. Á svæðinu sé þétt byggð og mikil skipaumferð fiski-, flutninga- og skemmtiferðaskipa. Töluverðar veiðar séu stundaðar í firðinum og einnig hvalaskoðun og önnur ferðaþjónusta, svo sem sjóstangaveiði og skemmtisiglingar. Svæðisskipulagsnefndin bendir einnig á að í firðinum séu friðlýstar hverastrýtur sem þyki einstakar á heimsvísu, auk þess sem Hrísey gefi firðinum nokkra sérstöðu sem byggð eyja.

Samkvæmt lögum um fiskeldi getur sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart fiskeldi. Eyjafjörður er ekki meðal þeirra svæða sem slíkt bann gildir um. Engin rekstrarleyfi hafa verið gefin út fyrir laxeldi í Eyjafirði og fjörðurinn hefur ekki verið burðarþolsmetinn. Í júní 2020 óskaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eftir umsögnum frá Fiskistofu, Matvælastofnun, Hafrannsóknastofnun og sveitarstjórnnum á svæðinu um hvort rétt sé að banna eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum í Eyjafirði á grundvelli framangreindra ákvæða í lögum um fiskeldi.

Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun tilefni til að mælt verði fyrir um gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði í landsskipulagsstefnu. Skipulagsstofnun tilkynnti umhverfis- og auðlindaráðherra um fyrirhugaða tillögu sína þess efnis í ágúst 2020. Hann bar tillöguna í kjölfarið undir ráðherra sjávarútvegsmála, orkumála, ferðamála og samgöngumála og náðist samstaða um tillöguna. Liggur því fyrir sameiginleg áhersla framangreindra ráðherra um á hvaða svæði skuli gera strandsvæðisskipulag í samræmi við 1. mgr. 11. gr. skipulagslaga.

Afmörkun svæðisins sem tillagan miðast við er sýnd að neðan, en gert er ráð fyrir að skipulagssvæðið afmarkist af Siglunesi í vestri og Bjarnarfjalli í austri. Á kortinu eru einnig sýnd þau svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum sem yfirstandandi vinna við strandsvæðisskipulag nær til.



Mat á þörf fyrir strandsvæðisskipulag

Eins og að ofan greinir gera lög ráð fyrir að við ákvörðun um á hvaða afmörkuðu svæðum skuli gera strandsvæðisskipulag hafi forgang þau svæði þar sem talið er brýnt að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið. Forsenda slíkrar forgangsröðunar er að fram fari heildstætt mat á landsvísu þar sem þörf á strandsvæðisskipulagi einstakra strandsvæða er greind. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er lagt til að Skipulagsstofnun standi fyrir slíkri greiningu og hafi við þá vinnu samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga og ráðgefandi aðila samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með ráðgefandi aðilum er vísað til fagstofnana sem fara með málaflokka sem varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum og vatnasvæðisnefndir samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

5. Loftslagsmiðað skipulag

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

5.0.1 Stefna um loftslagsmiðað skipulag

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Einnig stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum loftslagsbreytinga. Miðað verði að eins miklum og skjóttum árangri og kostur er við að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda, að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna. Jafnframt verði stefnt að því að viðkomandi samfélög hafi viðnámsþrótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga til langs tíma. Stefnan verði lögð til grundvallar við útfærslu skipulagsákvæða um þróun byggðar, samgöngur og landnotkun og eftir því sem við á sett mælanleg markmið um árangur í loftslagsmálum.

5.0.2 Mat á loftslagsáhrifum og viðnámsþrótti skipulags

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma. Jafnframt verði lagt mat á viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Önnur verkefni stjórnvalda:

5.0.3 Mat á loftslagsáhrifum áætlana

Umhverfismat annarra áætlana en skipulagsáætlana sveitarfélaga feli í sér mat á loftslagsáhrifum.

5.0.4 Leiðbeiningar um loftslagsmiðað skipulag og hvatning til loftslagsvæns lífsstíls


Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis fyrir sveitarfélög, skipulagsráðgjafa og hönnuði um loftslagsmiðað skipulag, í samráði við hlutaðeigandi aðila. Skipulagsstofnun hafi jafnframt frumkvæði að og hvetji til annarra verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um loftslagsáhrif byggðar, samgangna og landnotkunar. Sveitarfélög hvetji íbúa til loftslagsvæns lífsstíls með aðgengilegum upplýsingum um skipulag og innviði.

5.0.5 Endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til loftslagsmála
 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, fari yfir löggjöf um skipulagsmál og umhverfismat með tilliti til þess að þar sé skýr hvatning og grundvöllur fyrir loftslagsmiðaða skipulagsgerð.

Greinargerð

Flest bendir til þess að loftslagsmál verði eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda og almennings á komandi áratugum og muni setja mark sitt á samfélag og hagkerfi til frambúðar. Ísland tekur þátt í alþjóðlegu átaki í loftslagsmálum, meðal annars á grunni Parísarsamningsins og EES-samningsins, og hefur skuldbundið sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Loftslagsmál eru meðal helstu áherslumála ríkisstjórnarinnar og í sáttmála hennar er mörkuð stefna um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Stjórnvöld kynntu sumarið 2020 aðra útgáfu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Á grundvelli hennar er unnið að fjölbreyttum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Að auki stendur nú yfir vinna við undirbúning fyrstu áætlunar íslenskra stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Hér á landi sem annars staðar kalla viðbrögð við loftslagsvandanum á kerfisbreytingar og endurhugsun á umhverfi okkar og innviðum. Þörf er á umbyltingu í orkunotkun samgangna og aðgerðum sem skapa forsendur fyrir loftslagsvænni hegðun, þar á meðal breytingum á ferða- og neysluvenjum. Um leið þarf að búa samfélagið undir loftslagsbreytingar og verja byggð og samfélagslega innviði gagnvart afleiðingum þeirra.



Myndin sýnir dæmi um aðgerðir sem beita má í skipulagi til að vinna að loftslagsmálum.

Áherslur og aðgerðir í skipulagi geta með ýmsum hætti stuðlað að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni kolefnisbindingu og þannig dregið úr loftslagsáhrifum byggðar og landnotkunar. Auk þess getur skipulag falið í sér aðgerðir til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga líkt og hækkun sjávarstöðu. Horfa þarf heildstætt á hvers konar aðgerðir á sviði loftslagsmála og samræma stefnumótun um þær með það að markmiði að aðgerðir til að draga úr loftslagsáhrifum hafi ekki neikvæð áhrif á aðlögunarhæfni samfélagsins og öfugt.

Loftslagsmál eru víðfeðmur málaflokkur sem teygir anga sína inn á flest svið samfélagsins. Til að ná megi markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum, þar á meðal markmiði um kolefnishlutleysi, er lykilatriði að loftslagsmarkmið séu samþætt stefnumótun og áætlanagerð á sem flestum sviðum og verði með þeim hætti innbyggð inn í efnahagslega og samfélagslega þróun.

Stefna um loftslagsmiðað skipulag

Í ljósi framangreinds gerir tillaga að landsskipulagsstefnu ráð fyrir því að sveitarfélög marki stefnu um loftslagsmiðað skipulag byggðar og landnotkunar og hafi loftslagsmarkmið í forgrunni við útfærslu skipulags á öllum stigum. Í þessu felst að öll sveitarfélög kanni þá möguleika sem eru fyrir hendi á viðkomandi svæði til að stuðla að kolefnishlutleysi með aðgerðum í skipulagi. Sveitarfélög ættu hvert um sig að stefna að eins miklum árangri og kostur er með tilliti til aðstæðna, en það getur ráðist af þáttum á borð við íbúafjölda, búsetumynstur, fjárhag og vægi einstakra losunarþátta í heildarlosun viðkomandi svæðis.

Mikilvægt er að stefna sveitarfélaga byggist á eins góðum upplýsingum og völ er á, meðal annars um losun á svæðinu, og greiningu á möguleikum til að draga úr losun og auka bindingu. Í því samhengi má nefna að nokkur sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga hafa látið taka saman upplýsingar um kolefnisspor á sínu svæði. Slík vinna hefur mikið gildi við að útfæra loftslagsvænar skipulagsáherslur á hverjum stað. Ætla má að meiri árangri en ella megi ná með samvinnu sveitarfélaga í loftslagsmálum, eftir atvikum með gerð svæðisskipulags.

Samkvæmt lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál ber öllum sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu um eigin starfsemi sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun fer með eftirlits- og ráðgjafarhlutverk gagnvart þeirri stefnumótun og leggur til losunarstuðla til að reikna út losun frá helstu uppsprettum gróðurhúsalofttegunda í rekstri sveitarfélaga. Mikilvægt er að nýta afrakstur þessarar vinnu eins og kostur er á breiðari grundvelli, bæði við stefnumótun um loftslagsmiðað skipulag og aðra stefnumótun sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Mat á loftslagsáhrifum skipulagsáætlana og annarra áætlana stjórnvalda

Til að tryggja að horft sé til loftslagssjónarmiða við skipulagsgerð er mikilvægt að umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á loftslagsáhrifum og áhrifum á viðnámsþrótt samfélagsins gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga. Með því að gera kerfisbundið grein fyrir loftslagsmálum í umhverfismati skipulagsáætlana er ekki eingöngu stuðlað að bættri skipulagsgerð heldur einnig miðlun þekkingar milli sveitarfélaga og markvissari upplýsingagjöf til almennings og hagsmunaaðila.

Hið sama á við um aðrar áætlanir stjórnvalda sem varða þróun byggðar og landnotkunar, þar á meðal áætlanir sem gerðar eru á landsvísu um samgöngur, byggðamál og skógrækt. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að umhverfismat slíkra áætlana feli ávallt í sér mat á loftslagsáhrifum. Byggist það meðal annars á markmiði ríkisstjórnarinnar um að stærri áætlanir ríkisins verði metnar út frá loftslagsmarkmiðum.

Leiðbeiningar og hvatning

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis um loftslagsmiðaða skipulagsgerð, eftir atvikum í samstarfi við sérfróða aðila innan og utan stjórnkerfisins. Tilgangur þess er að tryggja aðgengi að bestu fánlegu upplýsingum og þekkingu á hverjum tíma til stuðnings sveitarstjórnnum og þeim sem vinna að skipulagsgerð fyrir þeirra hönd. Meðal þess sem slík upplýsingamiðlun gæti falið í sér er útgáfa hugmynda og dæma um loftslagsmiðaða skipulagsgerð og sértækar leiðbeiningar, svo sem um skipulag 20 mínútna bæjarins og skipulag sem styður loftslagsvæna mannvirkjagerð. Jafnframt er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun leiðbeini sveitarfélögum og öðrum stjórnvöldum um umfjöllun um loftslagsmál í umhverfismati, svo sem með útgáfu gátlista eða með öðrum hætti.

Meðvitund um loftslagsmál hefur aukist jafnt og þétt á öllum sviðum samfélagsins. Styðja má við þá vitundarvakningu með markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um loftslagsáhrif hins byggða umhverfis og loftslagsvænan lífsstíl. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun og sveitarfélög hafi frumkvæði að verkefnum sem fela í sér hvatningu og stuðning til íbúa varðandi loftslagsvænan lífsstíl. Í því sambandi er tilefni til að leggja áherslu á hvers konar hliðarávinning og jákvæðar afleiðingar sem loftslagsvæn byggð og landnotkun hefur í för með sér, svo sem fyrir lýðheilsu. Dæmi um einfalda leið sem fara má til að vekja vitund íbúa um loftslagsvæna ferðamáta sem jafnframt eru heilsuvænir, er miðlun svokallaðra korterskorta, þar sem vakin er athygli á vegalengdum sem ferðast má gangandi eða hjólandi á innan við 15 mínútum.



Dæmi um korterskort, fengin af www.hjolafaerni.is

Endurskoðun laga og reglugerða

Eins og fram er komið eru skipulagsgerð og umhverfismat mikilvæg stjórnátaki til að draga úr loftslagsáhrifum og takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Þrátt fyrir það felur núverandi löggjöf um skipulagsmál og umhverfismat í sér fáar beinar tilvísanir til loftslagsmála. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er lagt til að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, fari yfir löggjöf um skipulagsmál og umhverfismat og meti hvort tilefni sé til endurskoðunar með það að markmiði að löggjöfin feli í sér skýra hvatningu og grundvöll fyrir loftslagsmiðaða skipulagsgerð. Í því sambandi er gagnlegt að líta til þróunar skipulagslöggjafar í nágrennalöndum með tilliti til loftslagsmála.

5.1 LOFTSLAGSVÆNAR SAMGÖNGUR

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta og almenningsamgöngur.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

5.1.1 Byggðamynstur í þágu loftslagsmála

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að draga úr vegalengdum og ferðapörf og auka hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði skilgreind vinnusóknar- og þjónustusvæði og stuðlað að góðum tengslum milli byggðarheilda með almenningsamgöngum og svæðisbundnu stígakerfi.

5.1.2 Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virka ferðamáta og almenningsamgöngur. Skipulag styðji einnig við orkuskipti og skapi, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna.

Önnur verkefni stjórnvalda:

5.1.3 Greining byggðapróunar á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins

Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð úttektar á þróun búsetu- og samgöngumynsturs á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra hlutaðeigandi aðila. Þar verði jafnframt dregnar upp sviðsmyndir um framtíðarþróun byggðar og samgangna á svæðinu til langs tíma að teknu tilliti til markmiða í loftslagsmálum.

5.1.4 Könnun á viðhorfi til virkra ferðamáta og almenningsamgangna


Skipulagsstofnun hafi forgöngu um að kannaðir verði hvatar og hindranir fyrir notkun virkra ferðamáta og almenningsamgangna sem liggja kunna í skipulagi byggðar og innviða.

Greinargerð

Losun frá vegasamgöngum er um þriðjungur þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem heyrir undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er miðað að því að draga úr þessari losun um 21% til ársins 2030 miðað við árið 2005. Um viðamikilð verkefni er að ræða, einkum í ljósi þess að losun frá

vegasamgöngum hér á landi jókst um 26% milli árána 2005 og 2018. Framangreint markmið aðgerðaáætlunarinnar felur því í sér samdrátt um 37% fram til ársins 2030, miðað við losun árið 2018.

Losun frá vegasamgöngum 1990–2018



Heimild: Umhverfisstofnun

Til að draga úr þessari losun leggur aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum áherslu á tvær meginleiðir, breyttar ferðavenjur og orkuskipti. Af aðgerðum sem ráðist verður í á þeim sviðum má nefna aukna uppbyggingu innviða fyrir virka ferðamáta og vistvæn ökutæki, eflingu almenningsamgangna og aðgerð til að hraða innleiðingu vistvænna bílaleigubíla. Þá er stefnt að því að nýskráning bensín- og dísilbíla verði óheimil árið 2030.

Framangreind áhersla stjórnvalda á breyttar ferðavenjur endurspeglast einnig í samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020–2034, einkum í markmiðum um eflingu almenningsamgangna og uppbyggingu innviða fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Breyttar ferðavenjur eru jafnframt meðal markmiða samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 2019. Þar er stefnt að uppbyggingu Borgarlínu og stofnstígakerfis fyrir göngu- og hjólaleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Loks var árið 2019 samþykkt heildarstefna í almenningsamgöngum milli byggða undir yfirskriftinni Ferðumst saman. Meðal markmiða hennar er að byggt verði upp kerfi umhverfislega sjálfbærra almenningsamgangna um allt land.

Byggðamynstur í þágu loftslagsmála

Tillaga að landsskipulagsstefnu styður við framangreind markmið stjórnvalda með áherslu á samþætt skipulag byggðar og samgangna. Sérstaklega er horft til þess hvernig útfærsla byggðar getur stuðlað að aukinni hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna. Með virkum ferðamátum er átt við ferðamáta sem fela í sér líkamlega hreyfingu, en rafknúin reiðhjól og hlaupahjól falla einnig þar undir. Skipulagsákvæðanir um þróun og útfærslu byggðar hafa afgerandi áhrif á möguleika fólks til að velja slíka ferðamáta.

20 mínútna bærinn

Skipulagshugmyndin um 20 mínútna bæinn, eða 20 mínútna hverfið, er lögð til grundvallar áherslum í tillögu að landsskipulagsstefnu um byggðamynstur í þágu loftslagsmála.

Þessi nálgun í skipulagsmálum er oftast rakin til skipulags Portland í Oregon í Bandaríkjunum og Melbourne í Ástralíu. Þar var hún sett fram fyrir um áratug en hefur að undanförnu verið tekin upp í skipulagi borga og bæja víða um heim. Sér í lagi hefur áhugi stjórnvalda víðsvegar á 20 mínútna bænum/hverfinu aukist eftir að heimsfaraldur kórónuveirunnar skall á, sem hefur hvatt stjórnvöld til að bæta aðstæður fyrir virka ferðamáta og nærsamfélag í borgum og bæjum. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld í Skotlandi settu nýverið fram stefnu um 20 mínútna hverfið og einnig hefur stefna sem borgarstjórinn í París kynnti fyrir á árinu um að París verði 15 mínútna borg vakið athygli víða.



Byggt á skýringarmynd um 20 mínútna hverfið í skipulagi Melbourne í Ástralíu.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem staðfest var árið 2015, er sett fram markmið um að borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Markmiðið felur í sér að byggð og umhverfi verði mótuð út frá mannlegum þörfum og mælikvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru. Í svæðisskipulaginu er 20 mínútna hverfinu lýst svo, að innan þess sé gott framboð af fjölbreyttum húsakosti og öll helsta þjónusta. Miðað verði við að íbúar eigi ekki lengra að sækja í miðkjarna en sem nemur tuttugu mínútna göngu. Nærþjónusta dreifist víðar svo íbúar eigi kost á nauðsynlegustu þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómstundastarfsemi og matvöruverslun innan 5–10 mínútna göngufjarlægðar.


Áherslur 20 mínútna bæjarins draga úr vegalengdum og ferðaþörf og eiga að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi. Lykilforsenda þess er að byggðin sé þétt og að íbúðir, vinnustaðir og þjónusta séu staðsett í nálægð hvert við annað. Mikið

getur áunnist í loftslagsmálum með slíkum áherslum, bæði vegna minni losunar frá samgöngum og vegna þess að minna land þarf að brjóta undir byggð og samgöngumannvirki en ella.

Möguleikar til að draga úr losun með breyttum ferðavenjum eru eðli málsins samkvæmt mestir á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum stærri þéttbýlisstöðum. Tækifæri felast þó ekki síður í að skipuleggja byggð og samgöngur minni þéttbýlisstaða og byggðarlaga með markmið 20 mínútna bæjarins að leiðarljósi. Skipulag í anda 20 mínútna bæjarins er ekki aðeins ákjósanlegt í loftslagstilliti, heldur er það einnig til þess fallið að auka virkni íbúa, bæta heilsu og loftgæði og draga úr hávaðamengun. Það getur einnig leitt af sér fjölbreytt og lifandi bæjarrými sem styðja samskipti og mannlíf. Sjá einnig umfjöllun í köflum 6 og 7 hér á eftir.

Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna

Stór hluti þéttbýlis hér á landi hefur byggst upp eftir tilkomu einkabílsins og hefur í skipulagi almennt verið lögð nokkur áhersla á flæði bílaumferðar og rými fyrir bílastæði. Tillaga að landsskipulagsstefnu miðar að því að skipulag og útfærsla byggðar geri göngu, hjólreiðar og almenningssamgöngur að samkeppnishæfum ferðamátum við einkabílinn og stuðli að því að íbúar þurfi síður að reiða sig á einkabíl í daglegum erindum. Það kallar víða á breytta nálgun í hönnun og útfærslu byggðar. Tryggja þarf virkum ferðamátum og almenningsamgöngum nægilegt rými og viðeigandi umhverfishönnun og eftir atvikum er tilefni til að skipuleggja og hanna byggð og innviði með þarfir þessara ferðamáta í forgangi.



Stefnan felur í sér að snúa við þeim forgangi sem settur hefur verið á umferðarflæði einkabílsins og gera virka ferðamáta og almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti við einkabílinn, með viðeigandi aðgerðum í skipulagi.

Jafnframt þarf skipulag innviða að styðja við orkuskipti, sem til dæmis má gera með því að gera ráð fyrir viðeigandi rými og eftir atvikum forgangi fyrir hreinorkubíla. Í skipulagi þarf að greina þörf fyrir uppbyggingu hleðslustöðva fyrir rafbíla og eldsneytisstöðva fyrir metan, vetni og annað loftslagsvænt eldsneyti og byggja stefnumótun á mati á stöðu og nýtingu núverandi innviða. Í ljósi áætlana um hröð orkuskipti hér á landi er til að mynda tilefni til að endurmeta þörf fyrir bensínstöðvar, sem geta breyst í stöðvar fyrir loftslagsvænt eldsneyti eða viðkomandi land þróast yfir í aðra notkun.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er einnig lögð áhersla á að skipulag skapi skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna (sbr. það sem kallað hefur verið Mobility as a Service). Með samtengdu kerfi samgangna er horft heildstætt til allra ferðamáta með það að leiðarljósi að einn ferðamáti útiloki ekki annan heldur sé vegfarendum unnt að samnýta ólíka ferðamáta. Með slíkri samþættri þjónustu er hægt að draga úr umferðarþunga og rýmisþörf umferðar. Markmiðið ætti að vera að bjóða upp á lausnir sem þjóna ferðaþörfum hvers og eins með eins litlu raski fyrir umhverfi, samfélag og landnotkun og kostur er. Um leið þurfa sveitarfélög að fylgjast vel með þróun nýrra samgöngukosta, svo sem rafhlaupahjóla, deilibíla og annarra nýjunga á sviði deiliahagkerfisins, og meta hvernig styðja má við æskilega þróun samgangna á viðkomandi svæði með áherslum og aðgerðum í skipulagi og útfærslu byggðar.

Greining byggðapróunar á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins

Samkvæmt skipulagslögum skal unnið svæðisskipulag fyrir þau sjö sveitarfélög sem tilheyra höfuðborgarsvæðinu. Enginn augljós vettvangur er hinsvegar fyrir hendi, annar en landsskipulagsstefna, til að setja fram sýn og samþætta stefnu um þróun byggðar á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins sem nær yfir mun stærra svæði; yfir Reykjanes, austur fyrir Hellisheiði og norður fyrir Hvalfjörð. Rétt er þó að halda til haga að svæðisskipulagsgerð utan um stærri heild en höfuðborgarsvæðið er möguleg á grundvelli skipulagslaga.

Margvíslegir hagsmunir liggja hér undir. Ástæða er til að horfa meðal annars samþætt á húsnæðis- og samgöngukostnað fjölskyldna, sem og á að þróun búsetu- og samgöngumynsturs á þessu fjölmennasta svæði landsins styðji til framtíðar markmið í loftslagsmálum. Þá er einnig tilefni til að horfa til markmiða um 20 mínútna bæinn og möguleika til fjarvinnu. Því er í tillögu að landsskipulagsstefnu gerð tillaga um úttekt og sviðsmyndagreiningu á þróun búsetu- og samgöngumynsturs á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins, sem nýta megi sem undirstöðu að framtíðarstefnu um skipulagsmál á þessu landsvæði.

Könnun á viðhorfi til virkra ferðamáta og almenningsgangna

Mikilvægt er að skipulagsákvæðanir sveitarfélaga um samgöngur og ferðamáta byggist á bestu fáanlegu upplýsingum, meðal annars reglulegum ferðavenjukönnunum. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um að kannaðir séu hvatar og hindranir fyrir notkun virkra ferðamáta og almenningsgangna sem kunna að felast í skipulagi byggðar og innviða. Slík greining fæli í sér ítarlegri vísbendingar en finna má í ferðavenjukönnunum á vegum stjórnvalda til þessa um það hvernig má draga úr hindrunum fyrir notkun virkra ferðamáta og almenningsgangna með markvissum aðgerðum í skipulagi og útfærslu byggðar.

5.2 LOFTSLAGSVÆN BYGGÐ

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að minnka kolefnisspor samfélagsins með áherslu á loftslagsvæna mannvirkjagerð og eflingu hringrásarhagkerfis.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

5.2.1 Loftslagsvæn mannvirkjagerð

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að kolefnisspor byggðar sé eins lítið og kostur er. Þannig verði við skipulagsgerð hugað að því að byggingar og almenningsrými séu sveigjanleg gagnvart breyttri nýtingu. Jafnframt verði tekin afstaða til þess í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, hvort gera eigi sérstakar kröfur um vistvænar áherslur og kolefnisspor mannvirkjagerðar.

5.2.2 Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um aðstæður fyrir endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið og draga eins og kostur er úr urðun úrgangs. Skipulag styðji við að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti, í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Greinargerð

Til að vinna að kolefnishlutleysi þarf að leita allra leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þvert á hagkerfið og minnka kolefnisspor einstakra atvinnugreina og þátta samfélagsins. Skipulagsáætlanir gegna hér mikilvægu hlutverki enda fela þær í sér heildstæða stefnu um langtímaþróun sveitarfélaga varðandi þróun byggðar og landnotkunar. Þær eru þar af leiðandi heppilegur vettvangur til að draga fram og nýta sem best svæðisbundna möguleika til að minnka kolefnisspor samfélagsins.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er því beint til skipulagsgerðar sveitarfélaga að stuðla að loftslagsvænni byggð með því að minnka kolefnisspor samfélagsins þar sem þess er kostur og efla hringrásarhagkerfið. Áhersla er lögð á mannvirkjagerð og úrgangsmál enda ljóst að miklum loftslagsávinningi má ná með vel útfærðum skipulagsákvörðunum á þessum sviðum.

Hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins snýst í meginatriðum um að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, hámarka virði auðlinda og koma í veg fyrir úrgangsmýndun, meðal annars með endurnotkun og endurvinnslu, fullnýtingu afurða og nýsköpun í vöruþróun. Mikilvægt er að aðgerðir í skipulagi sem miða að því að minnka kolefnisspor mannvirkja og meðhöndlunar úrgangs nýti með markvissum hætti

þekkingu, aðferðir og verkfæri sem þróast hafa til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Vistferilsgreining er eitt þessara verkfæra, en hún felur í sér heildstæða greiningu á umhverfisáhrifum vöru, þjónustu eða kerfis á öllum stigum og getur meðal annars nýst við að meta kolefnisspor.

Loftslagsvæn mannvirkjagerð

Loftslagsáhrif mannvirkjagerðar eru mikil hér á landi líkt og annars staðar í heiminum. Torvelt er að leggja mat á nákvæmt umfang slíkrar losunar enda fellur hún undir nokkra flokka í losunarbókhalda, meðal annars samgöngur, orkuframleiðslu, úrgang og iðnað. Að auki fellur stór hluti losunarinnar til utan landsteinanna, við framleiðslu og flutning byggingarefna.

Á grundvelli aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum er hafin vinna sem miðar að því að draga úr loftslagsáhrifum byggingariðnaðarins. Sett hefur verið af stað samstarfsverkefni stjórnvalda og byggingariðnaðarins undir stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að vinna áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaðinum. Áætlunin verður byggð á verkefnum og rannsóknum sem ráðist hefur verið í á vegum hins opinbera um loftslagsáhrif byggingariðnaðarins og fjalla um lífsferilsgreiningar, meðhöndlun úrgangs, umhverfisvæna steinsteypu o.fl. Einnig verður byggt á greiningum og leiðbeiningum Grænni byggðar á þessu sviði sem varða meðal annars hringrásarhagkerfið, byggingarúrgang og umhverfisvottanir.

Mikilvægt er að skipulag sveitarfélaga nýti sem best tækifæri til að stuðla að loftslagsvænni mannvirkjagerð. Auk þess að ráða því hvaða land er brotið undir byggð getur skipulag mælt fyrir um efnisnotkun og nýtingu bygginga þannig að umhverfisálag sé minna en ella. Það getur meðal annars varðað möguleika á sveigjanlegri nýtingu bygginga yfir æviferil þeirra, en samfélagsbreytingar geta kallað á að byggð aðlagi sig að breyttum forsendum og þörfum. Einnig er í skipulagi hægt að skilgreina umhverfiskröfur til bygginga. Það má til dæmis gera með vísun til viðurkenndra umhverfisvottunarkerfa, eins og BREEAM, LEED eða Svansins. Mikilvægt er að slíkar kröfur taki til lífsferils mannvirkja, allt frá hönnun til framkvæmda, viðhalds og niðurrifs.

Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting

Stærsti hluti losunar gróðurhúsalofttegunda sem rekja má til úrgangs hér á landi tengist urðun, en nokkur losun stafar einnig af meðhöndlun skólps, brennslu og jarðgerð. Dregið hefur úr losun frá úrgangi á síðustu árum, sem skýrist einkum af framförum í flokkun og endurvinnslu og söfnun á metani.

Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 er stefnt að því að bæta nýtingu úrgangs enn frekar og draga verulega úr urðun, meðal annars með því að draga markvisst úr urðun lífræns úrgangs, auðvelda almenningi að skila frá sér flokkuðum úrgangi, koma á sértækri söfnun á pappír, málmum, plasti og gleri um land allt og auka flokkun á byggingar- og niðurrifsúrgangi. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er sett fram markmið um að banna urðun lífræns úrgangs. Stefna stjórnvalda um að draga úr losun frá úrgangi er nátengd aðgerðum til að efla hringrásarhagkerfið. Slíkar aðgerðir byggjast meðal annars á stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangsforvarnir 2016-2027 sem sett var fram undir yfirskriftinni Saman gegn sóun.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að möguleikar skipulagsgerðar verði nýttir eins og kostur er til að auka endurvinnslu og endurnýtingu og draga úr urðun úrgangs í samræmi við framangreindar áherslur stjórnvalda. Það má til dæmis gera með skipulagsákvörðunum sem tryggja aðgengi íbúa að grenndarstöðvum og annarri aðstöðu til flokkunar úrgangs. Einnig þarf að aðlaga skipulag að þróun hringrásarhagkerfisins og nýjum möguleikum til auðlindanýtingar. Liður í því er að greina tækifæri til að endurnýta aukaafurðir sem falla til á viðkomandi svæði og koma þannig í veg fyrir úrgangsmýndun. Um leið er vert að nýta þá yfirsýn sem fæst við skipulagsgerð til að tengja saman uppsprettu auðlinda og mögulega notendur þeirra. Sem dæmi má nefna möguleika til að nýta lífrænan úrgang til orkuframleiðslu og til að nýta affallsvarma til matvælaframleiðslu.

5.3 LOFTSLAGSVÆN LANDNOTKUN

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

5.3.1 Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulags, verði lagt mat á ástand lands með tilliti til kolefnisbúskapar. Í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita land þar sem eru miklar kolefnisbirgðir. Hún miði einnig að því að draga úr jarðvegseyðingu og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, með það að markmiði að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Jafnframt verði, eftir því sem við á, tekin afstaða til ráðstöfunar lands fyrir bindingu kolefnis í bergi.

5.3.2 Vernd og endurheimt votlendis

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um verndun og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita og binda kolefni í votlendi.

5.3.3 Skógar og skógrækt

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

5.3.4 Framleiðsla matvæla og orkujurta

Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar.

Önnur verkefni stjórnvalda:

5.3.5 Upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi forgöngu um smíði upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar, svo sem um kolefnisspor ólíkrar landnotkunar.

Greinargerð

Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri er lykilforsenda fyrir kolefnishlutleysi Íslands. Á grundvelli aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum frá 2018 var ráðist í átak til að draga úr losun frá landi með vernd og endurheimt votlendis, ásamt því að auka kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu. Í annarri útgáfu aðgerðaáætlunarinnar sem kynnt var sumarið 2020 var þessu átaki fylgt eftir með frekari aðgerðum til að draga úr losun og auka bindingu með bættri landnotkun.

Átak stjórnvalda byggist á áherslum sem umhverfis- og auðlindaráðherra setti fram sumarið 2019 í áætlun til fjögurra ára undir yfirskriftinni Bætt landnýting í þágu loftslagsmála. Meðal þessara áherslna er að aðgerðum á sviði landnotkunar verði forgangsraðað með það að markmiði að draga úr losun frá illa förnu landi með skógrækt, uppgræðslu og verndun og endurheimt skóga og votlendis ásamt breyttri landnýtingu. Stjórnvöld hafa jafnframt lagt áherslu á að aðgerðir sem miða að kolefnisbindingu og samdrætti í losun frá landi samræmist og styðji við stefnu stjórnvalda á öðrum sviðum, meðal annars varðandi líffræðilega fjölbreytni, vernd og endurheimt vistkerfa, uppbyggingu og nýtingu skógarauðlindar og að skipulag taki mið af landslagsheildum.

Varðveisla og binding kolefnis

Tillaga að landsskipulagsstefnu byggir á framangreindum áherslum stjórnvalda, en skipulag landnotkunar er þýðingarmikið verkfæri til að bæta kolefnisbúskap landsins. Mikilvægt er að öll sveitarfélög leggi sitt af mörkum við að bæta landnotkun í þágu loftslagsmála. Tillaga að landsskipulagsstefnu gerir ráð fyrir að hvert og eitt sveitarfélag marki sér stefnu, í samræmi við eigin aðstæður, um varðveislu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Lögð er áhersla á að sveitarfélög forðist að ganga á land sem er ríkt af kolefni, svo sem votlendi og annan kolefnisríkan jarðveg og skóga. Áhersla er jafnframt lögð á aðgerðir sem draga úr jarðvegseyðingu og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast.

Unnið hefur verið að því síðustu misseri að skapa skilyrði fyrir niðurdælingu koltvíoxíðs frá stórum losendum hér á landi, einkum stóriðju. Fyrirhugaðar eru lagabreytingar í því skyni að heimila nýtingu svokallaðrar Carbfix-aðferðar hér á landi, en hún hefur hingað til aðeins verið heimil í rannsóknar- og tilraunaskyni. Aðferðin felst í því að koltvíoxíð er steingert í basalti neðanjarðar, en vegna jarðfræðilegra aðstæðna kunna miklir möguleikar að liggja í nýtingu hennar hér á landi.

Óvissa ríkir enn um framtíð stórra niðurdælingarverkefna á Íslandi, en slík starfsemi kallar á skipulagsákvæðanir um staðsetningu og tilhögun niðurdælingarsvæða og tilheyrandi mannvirkja, þar á meðal flutningsmannvirkja. Mikilvægt er að sveitarfélög fylgist með þróun þessara mála og taki afstöðu til hugsanlegrar ráðstöfunar lands til slíkrar starfsemi.

Vernd og endurheimt votlendis

Umtalsverða losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi má rekja til framræsts votlendis. Útreikningar sem gerðir hafa verið á kolefnisspori sveitarfélaga og landshluta benda til þess að losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu votlendi sé víða langstærsti hluti losunar á viðkomandi svæði. Ákvarðanir í skipulagi um nýtingu eða vernd votlendis hafa því mikið að segja um loftslagsáhrif landnotkunar. Sjá einnig umfjöllun í kafla 6 hér á eftir.

Í þessu samhengi er einnig rétt að minna á 61. gr. laga um náttúruvernd sem kveður á um sérstaka vernd votlendis 2 ha og stærra. Samkvæmt lögnum ber að forðast að raska slíku votlendi nema brýna nauðsyn beri til.

Skógar og skógrækt

Stefnu um loftslagsvæna landnotkun er auk ofangreinds að finna í lögum um skóga og skógrækt en í markmiðsákvæðum þeirra kemur fram að stefnt skuli að aukinni kolefnisbindingu. Lögin mæla fyrir um gerð landsáætlana og svæðisbundinna áætlana sem meðal annars er ætlað að móta stefnu um skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga.

Í landsáætlun um skógrækt, sem nú er í mótun, verður sett fram framtíðarsýn og stefna um skógrækt. Á grunni hennar er síðan áformað að setja fram landshlutaáætlanir um skógrækt. Mikilvægt er að skipulagsgerð sveitarfélaga sé nýtt til að leggja mat á og móta staðbundnar áherslur um æskilega tilhögun skógræktar sem miðar í senn að árangri í loftslagsmálum og að tekið sé tillit til annarra sjónarmiða um landnýtingu. Sjá einnig umfjöllun í kafla 6 hér á eftir.

Framleiðsla matvæla og orkujurta

Stór hluti matvæla er fluttur inn hér á landi. Hægt er að minnka kolefnisspor sem því fylgir með því að efla innlenda framleiðslu á matvælum og fódri. Mikilvægt er að við skipulagsgerð sveitarfélaga sé lagt mat á ræktunarskilyrði og að stefna í skipulagsáætlunum um nýtingu landbúnaðarlands taki mið af framangreindu. Sjá einnig umfjöllun í kafla 6 hér á eftir.

Á vegum stjórnvalda stendur yfir greining á möguleikum til að auka ræktun orkujurta og framleiðslu lífeldsneytis hér á landi. Við skipulagsgerð ætti að huga að því að varðveita land sem hentar til ræktunar orkujurta.

Upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði lagt mat á ástand lands með tilliti til kolefnisbúskapar. Slíkar upplýsingar eru forsenda markvissrar stefnumótunar um loftslagsvæna landnotkun. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að efla þróun og miðlun þekkingar sem aukið getur skilning á eðli losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda í landi og vegna landnotkunar. Unnið er að margvíslegum rannsóknum um landnotkun hér á landi og bætist jafnt og þétt við þekkingu um nýtingu og ástand lands og loftslagsáhrif landnotkunar. Má til dæmis nefna verkefnið Grólinn sem unnið er í samstarfi Landgræðslunnar, Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og miðar að því að þróa aðferðir til að meta ástand lands og kortleggja beitarlönd sauðfjár í samvinnu við bændur.

Mikilvægt er að tryggja yfirsýn yfir og aðgengi að gögnum um eiginleika lands og loftslagsáhrif landnotkunar til að fyrirliggjandi þekking geti nýst með markvissum hætti við ákvarðanir um ráðstöfun lands og stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun, þar á meðal við skipulagsgerð sveitarfélaga. Slík yfirsýn getur einnig leitt í ljós þekkingarglufur og gagnast við að forgangsraða fé til rannsókna.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi forgöngu um smíði upplýsingagáttar þar sem sett er fram yfirlit yfir bestu fánlegu upplýsingar á hverjum tíma um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar.

5.4 BYGGÐ MEÐ VIÐNÁMSÞRÓTT GAGNVART UMHVERFISBREYTINGUM

Skipulag efla viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

5.4.1 Greining áskorana

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga verði greint hvaða áskorana er að vænta í sveitarfélaginu til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnýtingu og þróun byggðar. Það getur meðal annars átt við hækkun sjávarborðs og ágang sjávar, vatnsflóð, hörfun jökla, skriðuföll, úrkomuákefð, ofviðri, gróðurelda og líffræðilega fjölbreytni.

5.4.2 Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði tekin afstaða til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og sett viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við.

5.4.3 Grænir innviðir

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta má græna innviði til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð.

Önnur verkefni stjórnvalda:

5.4.4 Leiðbeiningar um aðlögun í skipulagi byggðar

Skipulagsstofnun, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, hafi forgöngu um gerð leiðbeiningarefnis um aðlögun að loftslagsbreytingum í skipulagi.

Greinargerð

Samhliða því að draga úr loftslagsáhrifum byggðar og landnotkunar þurfa sveitarfélög að laga sig að breyttum aðstæðum vegna loftslagsbreytinga, meðal annars með útfærslu hins byggða umhverfis. Tillaga að landsskipulagsstefnu gerir ráð fyrir að skipulagsáskvarðanir sveitarfélaga byggist á heildstæðri stefnu um þetta viðfangsefni, sjá nánar gr. 5.0.1. Hér eru sett fram nánari markmið sem varða undirbúning og gerð skipulags með það að markmiði að efla viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Greining áskorana

Við skipulagsgerð þarf að greina, með hliðsjón af bestu fánlegu þekkingu á hverjum tíma, þær áskoranir sem líklegt er að afleiðingar loftslagsbreytinga skapi viðkomandi sveitarfélagi. Meðal þessara afleiðinga eru stöðugar og hægfara umhverfisbreytingar líkt og hlýnun veðurfars og hækkun sjávarborðs, en einnig loftslagstengdar náttúruhamfarir líkt og flóð og ofsaveður. Í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá árinu 2018 eru rakin áhrif sem gera má ráð fyrir að loftslagsbreytingar hafi á innviði, atvinnuvegi og samfélag hér á landi, til dæmis á fráveitu- og ofanvatnskerfi, vatnsgæði, orkuframleiðslu, vegakerfi, fiskeldi og sjávarútveg. Fjallað er um leiðir til að aðlagast framangreindum breytingum og koma í veg fyrir tjón af völdum loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkandi sjávarstöðu, skriðufalla, aukinnar tíðni óveðra og aukinnar úrkomu.

Dæmi um loftslagsvá á Íslandi til framtíðar

Dæmi um áhrif	Dæmi um afleiðingar	Dæmi um áhrif á samfélag
Purrkadögum kann að fjölga	Tíðari gróður- og skógareldar	Mannslíf í hættu, mannvirki brenna
Úrkomuákefð eykst	Flóðahætta eykst	Tjón á mannvirkjum og innbúi
Sjávarborðshækkun viðá	Flóðahætta eykst	Tjón á mannvirkjum, endurskipulag byggðar
Rúmmál jökla minnkar	Breyting á árfarvegum	Tjón á vegum og brúm
Hlýnun veðurfars	Ágengar teg. lífvera breiðast út	Aukin smitsjúkdómahætta o.fl. ofnæmisvaldar
Bráðnun sífrera	Skriðuföll aukast	Mannslíf í hættu, tjón á mannvirkjum
Súrnun og hlýnun sjávar	Breytingar á lífríki sjávar	Breytt aflasamsetning, minni tekjur af sjávarfangi

Heimild: Loftslagsráð 2020. Að búa sig undir breyttan heim.

Nú stendur yfir vinna við gerð fyrstu áætlunar íslenskra stjórnvalda um aðlögun á landsvísu í samræmi við ákvæði laga um loftslagsmál. Vinnan byggist meðal annars á undirbúningsvinnu Loftslagsráðs sem hélt ráðstefnu og vinnustofu um aðlögun að loftslagsbreytingum árið 2019 og gaf í upphafi ársins 2020 út umræðuskýrslu um aðlögun vegna loftslagsvá. Einnig er byggt á fyrrnefndri skýrslu vísindanefndar frá árinu 2018 sem verður uppfærð reglulega í samræmi við ákvæði laga um loftslagsmál.

Samhliða framangreindri vinnu og á grunni hennar þurfa sveitarfélög við skipulagsgerð að greina staðbundna áhættu vegna loftslagsbreytinga. Það er hægt að gera á grunni fyrirliggjandi rannsókna og vöktun og greiningu á mögulegum áhrifum á viðkomandi svæði, svo sem kortlagningu flóðasvæða þar sem það á við.

Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga

Í skipulagi eru teknar ákvarðanir um framtíðarnýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja, meðal annars staðsetningu og útfærslu nýrrar byggðar og ofanvatns- og fráveitukerfa. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er áhersla lögð á að skipulag taki mið af þeim takmörkunum sem afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu.

Þær afleiðingar loftslagsbreytinga sem fyrirséð er að hafi einna helst áhrif í þéttbýli á Íslandi eru sjávarflóð vegna hækkandi sjávarborðs og flóð innan byggðar vegna úrkomu. Mikilvægt er að draga úr áhrifum af flóðum innan byggðar með því að taka tillit til hækkunar sjávarstöðu við skipulag og mannvirkjagerð. Hægt er að stýra áhættu með skipulags-ákvörðunum, svo sem með ráðstöfunum varðandi mannvirkjagerð á lágsvæðum og uppbyggingu flóðavarna.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er óheimilt að byggja á þekktum flóðasvæðum við ár, vötn og sjó. Á lágsvæðum nálægt sjó skal hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun um lægstu gólfhæðir bygginga. Vegagerðin gaf árið 2018 út viðmiðunarreglur til ákvörðunar á lágmarkslandhæð á byggðum svæðum við ströndina. Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar verða uppfærðar reglulega eftir því sem þekkingu fleygir fram.

Grænir innviðir

Uppbygging grænna innviða er mikilvægur liður í að efla viðnámsþrótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Grænir innviðir einkennast af því að vistkerfi og náttúruleg ferli eru nýtt til að sinna fjölbreyttum hlutverkum í hinu byggða umhverfi. Uppbygging grænna innviða getur haft margvíslegan ávinning, svo sem kolefnisbindingu, viðhald líffræðilegrar fjölbreytni, heilnæmara og grænna umhverfi og bætt yfirbragð borga og bæja. Þeir geta falið í sér fjárhagslegan ávinning, bæði þegar litið er til þeirra mörgu hlutverka sem þeir geta sinnt og með hliðsjón af því að þeir eru oft ódýrari og hafa lengri líftíma en hefðbundnir innviðir.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að sveitarfélög leiti leiða til að nýta græna innviði við skipulagsgerð. Mikilvægt er að það sé gert með heildstæðum hætti fyrir viðkomandi svæði til að unnt sé að nýta samlegðarmöguleika sem best og aðlaga byggð og landnotkun að möguleikum grænna innviða. Græn svæði og skógar geta til að mynda nýst sem flóðavarnir og einnig þjónað íbúum sem útivistarsvæði.

Þá geta gróður, jarðvegur og aðrir náttúrulegir þættir nýst til að taka við og stýra ofanvatni. Í gildandi landsskipulagsstefnu eru sveitarfélög hvött til að huga að sjálfbærum ofanvatnslausnum þar sem það á við, sbr. markmið 3.3. Með því er átt við útfærslu á fráveitu sem felur í sér

að vatn sem fellur sem úrkoma eigi leið um gegndræpt yfirborð í jarðveg innan viðkomandi vatnasviðs, fremur en að því sé veitt burt af viðkomandi svæði um hefðbundnar fráveitulagnir. Í skipulagsreglugerð segir jafnframt að stefnt skuli að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis eftir aðstæðum og því sem unnt er. Skipulag og hönnun sjálfbærra ofanvatnslausna þarf að byggja á greiningu á staðbundnum aðstæðum hvað varðar vatnafar, rennislíleiðir o.fl.

Leiðbeiningar um aðlögun í skipulagi byggðar

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð leiðbeiningarefnis um aðlögun að loftslagsbreytingum í skipulagi. Á vinnustofu sem Loftslagsráð hélt vorið 2019 með fjölmörgum stofnunum, fyrirtækjum og samtökum var kallað eftir auknu aðgengi að gögnum og upplýsingum, þar með talið að komið verði á fót miðlægri gagnasöfnun og gagnamiðlun. Hér er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun haldi utan um gagnasöfnun og miðlun upplýsinga til sveitarfélaga um þá þætti aðlögunar að loftslagsbreytingum sem snúa sérstaklega að skipulagsgerð. Slík gagnasöfnun getur meðal annars falist í að taka saman fyrirmyndir, innlendar og erlendar, um skipulagsáherslur sem miða að auknum viðnámsþrótti byggðar og samfélags.

6. Staðarmótun og landslagsvernd

Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

6.0.1 Skipulag með tilliti til landslags

Við skipulagsgerð sveitarfélaga taki ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. Leitast verði við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

6.0.2 Mat á áhrifum skipulags á landslag

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á áhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma á náttúrulegt og byggt landslag.

Önnur verkefni stjórnvalda:

6.0.3 Leiðbeiningar, hvatning og vitundarvakning um staðarmótun, landslagsgæði og landslagsvernd í skipulagi

Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis fyrir sveitarfélög, skipulagsráðgjafa og hönnuði um staðarmótun og landslagsvernd í skipulagi, í samráði við hlutaðeigandi aðila. Skipulagsstofnun hafi jafnframt frumkvæði að og hvetji til annarra verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um landslagsgæði og staðarmótun í skipulagi.

Greinargerð


Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er mótuð stefna um þróun byggðar, nýtingu lands og uppbyggingu innviða. Mikilvægt er að skipulagsgerð sé beitt til að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar hámarki tækifæri til að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni, sérstakar landslagsheildir og búsetu-landslag sem hefur menningarlegt gildi. Ekki er síður mikilvægt að nýta skipulagsgerð til þess að ný byggð, hvort sem er innan eða utan þéttbýlis, skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi útfærslu á fyrirkomulagi byggðar og almenningsrýma.

Skipulag með tilliti til landslags

Við alla mannvirkjagerð er mikilvægt að hugað sé að því hvernig staðbundin gæði sem felast í landslagi viðkomandi svæðis eru nýtt, sem og hvernig mannvirki falla að og sóma sér best í landi og skapa góða umgjörð um mannlíf á viðkomandi stað. Þetta á við hvort sem unnið er að skipulagsgerð í þéttbýli, dreifbýli eða óbyggðum.

Með landslagi er bæði átt við svokallað borgarlandslag, byggðamynstur og almannarými í þéttbýli (e. townscape), menningar- eða búsetulandslag í dreifbýli (e. cultural landscape) og hið náttúrulega landslag í dreifbýli og óbyggðum.

Landslag samanstendur af bæði náttúrufarslegum og menningarlegum þáttum og skynjun okkar á þeim. Mannvirkjagerð og breyting á landnýtingu getur haft áhrif á landslag með ólíkum hætti. Byggingar og skógrækt geta lokað sjónlínunum og stór mannvirki eins og háspennulínur og vindmyllur geta breytt yfirbragði svæða, svo dæmi séu tekin. Eins getur húsum, götum í þéttbýli, vegum í sveitum og útivistarstígum verið þannig fyrir komið að fólki gefist tækifæri til að skynja og öðlast nýja sýn á landslag viðkomandi svæðis.



*Hvað er landslag?
(Mynd þýdd og staðfærð úr
An approach to Landscape
Character Assessment.)*

Mikilvægt er að leitast sé við að haga skipulagi byggðar og landnotkunar þannig að verðmætt landslag sé varðveitt og að hönnun byggðar og bæjarrýma leggi af mörkum til að efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu.

Mat á áhrifum skipulags á landslag

Í ljósi þeirra breytinga sem skipulagsákvæðanir geta haft á landslag er mikilvægt að ávallt sé lagt mat á áhrif á landslag við umhverfismat skipulagsáætlana. Það er einnig í samræmi við áherslur evrópska landslagssamningsins og markmið sem fram koma í skipulagslögum og náttúruverndarlögum um landslagsvernd. Þá má nefna áherslu í lögum um menningarminjar á verndun menningar- og búsetulandslags og áherslu í lögum um verndarsvæði í byggð á verndun svipmóts byggðar.

Kerfisbundið umhverfismat við mótn skipulagstillagna er kjörin leið til að leggja mat á slík áhrif, meðal annars til að leggja grunn að vali á milli ólíkra valkosta um uppbyggingu á tilteknu svæði.

Leiðbeiningar og hvatning

Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis um staðarmótn og landslagsvernd í skipulagi, eftir atvikum í samstarfi við sérfróða aðila innan og utan stjórnkerfisins. Tilgangur þess er að tryggja aðgengi að bestu fáanlegu upplýsingum og þekkingu á hverjum tíma til stuðnings sveitarstjórnnum og þeim sem vinna að skipulagsgerð fyrir þeirra hönd. Meðal þess sem slík upplýsingamiðlun gæti falið í sér er útgáfa hugmynda og dæma um skipulagsgerð og borgarhönnun (e. urban design).

Þá er lagt til að Skipulagsstofnun hafi frumkvæði að og hvetji til annarra verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um landslagsgæði og staðarmótn í skipulagi. Það getur meðal annars falist í viðurkenningum til skipulagsverkefna sem skara fram úr á því sviði.

6.1 VARÐVEISLA OG EFLING LANDSLAGSGÆÐA OG STAÐAREINKENNA

Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi, byggt á landslagsgreiningu og mati á staðareinkennum.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

6.1.1 Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind. Niðurstöður landslagsgreiningar verði lagðar til grundvallar við mörkun stefnu um ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar með það að markmiði að byggja á, viðhalda og efla þau gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar.

6.1.2 Skipulagsgerð með tilliti til víðerna

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar, með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum.

6.1.3 Skipulagsgerð um skóga og skógrækt

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulagi, verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt. Hún feli í sér áherslur sveitarstjórnar um verndun og viðhald náttúruskóga og um framfylgd landsáætlunar um skógrækt að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna, meðal annars með tilliti til landslagsverndar.

6.1.4 Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landbúnaðarland flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða. Stefna í skipulagsáætlunum sveitarfélaga um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta, land sem hentar vel til ræktunar. Jafnframt byggji ákvæðanir um uppskiptingu lands á skipulagsáætlunum.

Önnur verkefni stjórnvalda:

6.1.5 Flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu

Skipulagsstofnun hafi forgöngu um flokkun, kortlagningu og lýsingu meginlandslagsgerða og landslagssvæða á landsvísu í samráði við hlutaðeigandi aðila. Verkefnið taki til alls lands, innan og utan þéttbýlis og strandsvæða. Skipulagsstofnun gefi jafnframt út leiðbeiningarefni um landslagsgreiningu og greiningu staðareinkenna við skipulagsgerð.

6.1.6 Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna

Skipulagsstofnun, í samráði við Umhverfisstofnun, hafi forgöngu um að ávallt sé aðgengilegt uppfært kort af óbyggðum víðernum á landsvísu ásamt lýsingu megin víðernissvæða. Skipulagsstofnun gefi jafnframt út leiðbeiningarefni fyrir staðbundna greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna við skipulagsgerð.

Við kortlagningu óbyggðra víðerna, og mat á skerðingaráhrifum skipulagsáforma á óbyggð víðerni verði eftirfarandi lagt til grundvallar:

- Mörk óbyggðra víðerna miði almennt við 5 km frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum sem teljast ágeng gagnvart náttúrugæðum óbyggða.
- Skerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja og tæknilegra ummerkja, en styttri en 5 km vegna umfangsminni mannvirkja og tæknilegra ummerkja, sem þó teljast skerða náttúrugæði óbyggða.
- Skerðingarfjarlægð ráðist jafnframt af því hvort landform byrgja sýn að viðkomandi mannvirki.
- Innan óbyggðra víðerna geti verið stök, umfangslítill mannvirki og tæknileg ummerki sem samrýmst geta óbyggðaupplifun og náttúrugæðum óbyggða.

6.1.7 Leiðbeiningar um skipulag landbúnaðarlands

Skipulagsstofnun, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, gefi út leiðbeiningarefni um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.

Greinargerð

Markmið 6.1 í tillögu að landsskipulagsstefnu lýtur fyrst og fremst að skipulagsgerð sem hefur áhrif á hið opna land og náttúrulegt landslag. Þetta getur varðað útpenslu þéttbýlis, uppbyggingu stakra mannvirkja eða húsaþyrpinga í dreifbýli, mannvirkjagerð í óbyggðum og ákvarðanir um skógrækt, svo dæmi séu tekin.

Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna

Í gr. 6.1.1 í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind og niðurstöður slíkrar greiningar nýttar við mótun og útfærslu skipulags viðkomandi svæðis. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um útgáfu leiðbeininga um landslagsgreiningu, sjá umfjöllun að neðan um gr. 6.1.5.

Skipulagsgerð með tilliti til víðerna

Í tillögu að landsskipulagsstefnu, gr. 6.1.2, er gert ráð fyrir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði óbyggð víðerni greind og kortlögð. Stefna um uppbyggingu og ræktun utan þéttbýlis taki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar, með það að markmiði að viðhalda óbyggðum víðernum. Jafnframt er gert ráð fyrir að stjórnvöld á landsvísu kortleggi víðerni og gefi út leiðbeiningar fyrir sveitarfélög og framkvæmdaraðila um kortlagninu víðerna, sjá umfjöllun að neðan um gr. 6.1.6.

Skipulagsgerð um skóga og skógrækt

Í gr. 6.1.3 í tillögunni er því beint til aðalskipulags sveitarfélaga, og eftir því sem við á svæðisskipulags, að marka stefnu um skóga og skógrækt. Í gr. 5.3 að framan er vikið að þýðingu skóga og skógræktar í loftslagstilliti sem hafa þarf í huga við skipulagsgerð sveitarfélaga. Við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að taka afstöðu til verndunar og viðhalds náttúruskóga og hvernig talið er eiga við að vinna staðbundið út frá landsáætlun um skógrækt (þegar hún liggur fyrir). Þar þarf að vega saman ávinning í bindingu kolefnis gagnvart öðrum skipulagssjónarmiðum, svo sem varðandi verðmætt landslag og sjónása og útfæra stefnu í skipulagi sem tryggir að tækifæri séu nýtt til kolefnisbindingar í skógi um leið og gætt er að öðrum hagsmunum, svo sem um landslagsvernd, útivist og líffræðilega fjölbreytni.

Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða

Í gr. 6.1.4 í tillögunni er gert ráð fyrir því að landbúnaðarland verði flokkað með tilliti til ræktunarskilyrða, þegar unnið er að skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Niðurstaða flokkunarinnar verði síðan lögð til grundvallar þegar mótað er skipulag í dreifbýli, svo sem um uppbyggingu og ræktun. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð leiðbeininga um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands. Markmið þessarar vinnu er að varðveita til framleiðslu matvæla og eftir atvikum orkujurta það land sem hentar vel til ræktunar.

Einnig er í sömu grein vikið að því að ákvarðanir um uppskiptingu lands byggji á skipulagsáætlunum. Með því er vakin athygli á mikilvægi þess að ákvarðanir um stofnun nýrra landeigna byggji á áður samþykktu skipulagi, sbr. breytingu sem gerð var á jarðalögum með lögum nr. 85/2020.

Flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu

Í gr. 6.1.5 í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um flokkun, kortlagningu og lýsingu meginlandslagsgerða og landslagssvæða á landsvísu í samráði við hlutaðeigandi aðila. Verkefnið taki til alls lands, innan og utan þéttbýlis og strandsvæða. Skipulagsstofnun gefi jafnframt út leiðbeiningarefni um landslagsgreiningu og greiningu staðareinkenna við skipulagsgerð.

Þegar er hafin vinna við þetta verkefni. Árið 2019 samdi Skipulagsstofnun við Eflu og LUC í Skotlandi um vinnu að fyrstu heildstæðu flokkun og kortlagningu landslagsgerða á Íslandi. Niðurstaða þess verkefnis liggur nú fyrir og er verkefnisskýrslan aðgengileg samhliða kynningu tillögu að landsskipulagsstefnu.

Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna

Þegar umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun að vinna að mótun viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu, var sérstaklega tilgreint að þar yrðu sett fram viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum.

Mikilvægi óbyggðra víðerna hefur verið viðurkennt og undirstrikað í löggjöf og stefnu stjórnvalda. Í árána rás hefur verið gengið á óbyggð víðerni með mannvirkjagerð, til dæmis inni á miðhálandinu, sem hefur enn frekar varpað ljósi á þörf fyrir verndun víðerna. Það sem hefur hinsvegar gert erfitt um vik að taka málefni óbyggðra víðerna föstum tókum er að skort hefur viðurkenndar aðferðir og viðmið til að kortleggja óbyggð víðerni og meta áhrif mannvirkjagerðar á þau með samræmdum hætti. Slíkar viðurkenndar og samræmdar aðferðir eru forsenda þess að hægt sé að ná yfirsýn yfir umfang óbyggðra víðerna og þróun þeirra og taka viðeigandi tillit til þeirra við skipulagsgerð og ákvarðanir um einstakar framkvæmdir.

Hugtakið óbyggð víðerni er skilgreint í náttúruverndarlögum og er gengið út frá þeirri skilgreiningu hér, en eins og áður segir hefur til viðbótar þeirri skilgreiningu verið talin þörf á að setja frekari viðmið fyrir kortlagningu óbyggðra víðerna og mat á skerðingu óbyggðra víðerna.

Til að undirbyggja tillögugerð um frekari viðmið hefur verið unnið að ýmsum greiningum og gagnaöflun á undanförunum misserum og árum. Þar er helst að nefna vinnu Þorvarðar Árnasonar og félaga hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði, en afrakstur hennar er birtur í tveimur skýrslum, frá 2017 og 2020. Þá vann starfshópur Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar að gagnaöflun og tilraun með ákveðna nálgun við kortlagningu víðerna á miðhálandinu 2018-

2019 og árið 2020 vann Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að verkefni þar sem reynt er að draga fram mat almennings á skerðingaráhrifum mannvirkja á óbyggð víðerni.

Með hliðsjón af niðurstöðum framangreindra verkefna eru sett fram frekari viðmið fyrir kortlagningu óbyggðra víðerna í gr. 6.1.6 í tillögu að landsskipulagsstefnu sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun byggi á við gerð korts á landsvísu yfir óbyggð víðerni.

Leiðbeiningar um skipulag landbúnaðarlands

Í gr. 6.1.7 í tillögunni er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð leiðbeiningarefnis um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.

6.2 LANDSLAGSHÖNNUN OG MANNVIRKI Í LANDSLAGI

Skipulag byggðar skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

6.2.1 Fjölbreytt og lifandi bæjarrými

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um bæjarrými og bæjahönnun í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að tryggja fjölbreytt og lifandi bæjarrými og góð tengsl á milli þeirra.

6.2.2 Gatnakerfi og göturými

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gatnakerfi og hönnun og útfærslu göturýma sem tekur mið af fjölpættu hlutverki gatna sem umferðarleidda og bæjarrýma. Sérstaklega verði hugað að hönnun og útfærslu aðalгатna, sem þjóna gegnumumferð auk þess að gegna hlutverki sem umferðarleidir og bæjarrými í viðkomandi hverfi.

6.2.3 Grænir innviðir

Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru og leggja af mörkum til loftslagsmála með gróðri, viðhaldi líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærum ofanvatnslausnum.

6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

Önnur verkefni stjórnvalda:

6.2.5 Leiðbeiningar um skipulag og hönnun bæjar- og göturýma

Skipulagsstofnun, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, hafi forgöngu um gerð leiðbeiningarefnis um skipulag og hönnun bæjar- og göturýma.

Greinargerð

Þær áherslur sem lagðar eru til í markmiði 6.2 og aðgerðum 6.2.1-6.2.5 tengjast skipulagshugmyndinni um 20 mínútna bæinn sem fjallað er um í greinargerð við kafla 5.1 að framan og vísast því hér til þeirrar umfjöllunar.

Þá er mikil samsvörun milli áherslna í þessum kafla, þar sem sett er fram stefna um bæjar- og göturými, græna innviði og hönnun mannvirkja með tilliti til landslags og staðarmótunar, við stefnu í 5. kafla um loftslagsmiðað skipulag og stefnu í 7. kafla um heilsuvæna byggð og landnotkun. Sérstaklega varðar það markmið og aðgerðir sem kynntar eru í köflum 5.1 og 5.4 hvað varðar loftslagsmiðað skipulag og markmið og aðgerðir sem kynntar eru í köflum 7.1, 7.2 og 7.4 um heilsuvæna byggð og landnotkun. Því er hér vísað til greinargerða með þeim köflum, sem varpa ljósi á á inntak og áherslur markmiðs 6.2 og aðgerða 6.2.1-6.2.5.

6.3 NÝTING VINDORKU Í SÁTT VIÐ UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Samhliða mótun viðmiða um nýtingu vindorku með tilliti til landslags í þessari tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu er unnið að breytingu á lögum um rammaáætlun. Tillagan sem kynnt er hér að aftan er sett fram með fyrirvara um að frumvarp til breytinga á lögum um rammaáætlun varðandi vindorku liggur ekki fyrir þegar þessi tillaga er kynnt. Hvaða leið verður farin þar um málsmeðferð vindorkukosta mun hafa ráðandi áhrif á hvort og hvaða ákvæði verða endanlega fest í landsskipulagsstefnu um viðmið fyrir nýtingu vindorku. Tillagan hér að neðan er því sett fram með fyrirvara um að hún falli að þeirri nálgun sem verður ofan á við breytingar á lögum um rammaáætlun.

Skipulag sveitarfélaga og önnur áætlanagerð um landnýtingu skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

6.3.1 Kortlagning svæða með tilliti til landslagssjónarmiða

Við gerð aðalskipulags verði land innan sveitarfélagsins kortlagt með tilliti til möguleika til vindorkunýtingar í eftirfarandi flokka:

Flokkur A: Svæði þar sem ekki verður heimiluð nýting vindorku vegna skilgreindra sjónarmiða um landslagsvernd.

Flokkur B: Svæði þar sem nýting vindorku kemur til greina að uppfylltum skilgreindum viðmiðum um landslagsvernd.

Flokkur C: Svæði þar sem nýting vindorku kemur til greina, án skilgreindra takmarkana.

Í flokk A falla eftirtaldar tegundir svæða:

- Þjóðgarðar á grundvelli laga um náttúruvernd og sérlaga.
- Svæði sem vernduð eru vegna landslags með sérlögum.
- Friðlýst svæði á grundvelli laga um náttúruvernd önnur en þjóðgarðar.

Í flokk B falla eftirtaldar tegundir svæða:

- Svæði í innan við 10 km fjarlægð frá svæðum sem falla í flokk A.
- Óbyggð víðerni ásamt 10 km svæði umhverfis þau.
- Miðhálandi Íslands samkvæmt landsskipulagsstefnu.
- Mikilvæg fuglasvæði.
- Svæði á B-hluta náttúru-minjaskrár.

- Svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Svæði á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- Jarðvangar sem hlotið hafa viðurkenningu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt Ramsar-samningnum um votlendi.
- Svæði innan þéttbýlis eða í innan 10 km frá vaxtarmörkum þéttbýlis.
- Friðunarsvæði samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í flokk C falla þau landsvæði sem ekki falla í annað hvort flokk A eða B.

6.3.2 Stefnumótun með tilliti til landslagssjónarmiða

Í aðalskipulagi verði mótuð stefna um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu, þ.e. hvort og með hvaða skipulagsákvæðum og skilyrðum gert er ráð fyrir nýtingu vindorku, að teknu tilliti til kortlagningar samkvæmt gr. 6.3.1.

Á þeim svæðum sem falla í flokk B samkvæmt gr. 6.3.1 verði eingöngu gert ráð fyrir nýtingu vindorku ef sýnt er fram á að staðsetning, umfang og hönnun vindorkuvera geti samrýmst þeim verndarákvæðum og sjónarmiðum sem liggja að baki skilgreiningu svæðanna eða hafi ekki í för með sér að verulega sé gengið á þau gildi sem standa skal vörð um með skilgreiningu þeirra. Sjá að öðru leyti gr. 6.3.3 og 6.3.4.

Um áform um nýtingu vindorku á svæðum sem falla í flokk C samkvæmt gr. 6.3.1 gilda að öðru leyti ákvæði í gr. 6.3.3 og 6.3.4.

6.3.3 Skipulagssjónarmið um nýtingu vindorku

Við skipulagsgerð um nýtingu vindorku skal leggja eftirfarandi atriði til grundvallar, auk þess sem tilgreint er í gr. 6.3.1, 6.3.2 og 6.3.4:

Við staðarval og ákvörðun um útfærslu vindorkuvera varðandi fjölda, stærð og niðurröðun vindmylla verði leitast við að lágmarka áhrif á landslag. Tekið verði mið af einkennum landslags, svo sem ráðandi línunum í landslagi og landformum og hlutföllum í landslagi viðkomandi svæðis.

Önnur verkefni stjórnvalda:

6.3.4 Umhverfismat nýtingar vindorku

Verkefnisstjórn rammaáætlunar tekur til skoðunar í samræmi við ákvæði laga nr. 48/2011 m.s.br. framkvæmdaáform um virkjun vindorku, 10 MW og stærri, á svæðum í flokki B samkvæmt gr. 6.3.1.

Verkefnisstjórn skilar álit til ráðherra um það hvaða framkvæmdaáform teljast samrýmast þeim verndarákvæðum og sjónarmiðum sem liggja að baki skilgreiningu svæðanna eða hafi ekki í för með sér að verulega sé gengið á þau gildi sem standa skal vörð um með skilgreiningu þeirra. Að þeirri niðurstöðu fenginni, getur sveitarstjórn gert ráð fyrir viðkomandi vindorkuveri í aðalskipulagi, sbr. gr. 6.3.2.

Í mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar á virkjunarhugmyndum á svæðum í flokki B og í umhverfismati skipulagstillagna og umhverfismati framkvæmda á svæðum í flokki B og C verði eftir atvikum greind og metin áhrif einstakra framkvæmdaáforma. Þar verði einnig, eftir því sem við á, metin samlegðaráhrif tveggja eða fleiri þegar byggðra og/eða áformaðra vindorkuvera og/eða samlegðaráhrif með öðrum mannvirkjum og landnýtingu á:

- Tegundir svæða sem tilgreindar eru í gr. 6.3.1.
- Einstakar landslagssgerðir samkvæmt landslagsflokkun fyrir Ísland.
- Landslag og ásýnd almennt frá nærliggjandi svæðum og völdum útsýnisstöðum og sjónarhornum.
- Varpsvæði og farleiðir fugla.
- Nærsamfélag og byggð, flugvelli og flugumferð, fjarskipti og aðra landnýtingu, svo sem gott landbúnaðarland.
- Ferðaleiðir og áfangastaði ferðamanna.
- Búsetulandslag og menningarminjar.
- Hljóð.
- Ljós og skuggaflökt.
- Gróður, dýralíf og vatnafar.

Hugað verði sérstaklega að áhrifum út fyrir mörk sveitarfélaga.

6.3.5 Leiðbeiningar um skipulag og umhverfismat vindorkunýtingar

Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningarefni fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga um kortlagningu svæða og um stefnumótun og skipulagssjónarmið um nýtingu vindorku með tilliti til landslagssjónarmiða. Þá verði fjallað um gögn og aðferðir við umhverfismat vindorkunýtingar.

Greinargerð

Nýting vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagi og umhverfismati hér á landi sem fylgja nýjar áskoranir, ekki síst varðandi áhrif á landslag. Stefna og viðmið um slíka nýtingu eru mikilvæg fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaga og hafa sveitarfélög ítrekað kallað eftir skýrri stefnu og leiðsögn um þetta efni.

Nútímavindmyllur sem reistar eru til orkuframleiðslu í atvinnuskyni geta verið mjög stór mannvirki og stærri heldur en þau mannvirki sem við þekkjum almennt í íslensku landslagi. Þær geta sést um langan veg og verið ráðandi í landslagi, sérstaklega þar sem þær standa margar saman eða sést til fleiri en eins vindorkuvers frá sama stað. Vindorkunýting getur þannig haft veruleg áhrif á landslagsgæði.

Tækniþróun í vindorku hefur verið ör á undanförunum áratugum og vindmyllur farið stækkandi. Þær tvær vindmyllur sem reistar voru við Búrfell árið 2013 eru 77 m háar (heildarhæð í hæstu stöðu spaða) og tvær vindmyllur sem reistar voru í Þykkvabæ árið 2014 voru 74 m háar. Í þeim áformuðu vindorkuverum hérlendis sem eru í umhverfismatsferli um mitt ár 2020 er gert ráð fyrir allt að 200 m háum vindmyllum. Til samanburðar eru möstur 220 kV háspennulína gjarnan 24 m há og möstur eldri 132 kV háspennulína 13 m há. Þekktar háar byggingar hér á landi eru Hallgrímskirkjuturn sem er 74,5 m og Turninn við Smáratorg í Kópavogi sem er 78 m hár.

Umhverfisáhrif vindorkuvera snúast ekki síst um áhrif á landslag þar sem vindmyllur geta verið áberandi og jafnvel ráðandi í landslagi, vegna stærðar og forms vindmylla, fjölda þeirra og hreyfingar spaða. Það hefur í för með sér að ásýnd landslags og upplifun af því breytist. Stærð og lögun vindmylla gerir að verkum að ósamræmi þeirra við önnur mannvirki og form og hlutföll í landslaginu getur verið mikið. Þekkt kennileiti og önnur landslagseinkenni geta verið borin ofurliði.

Auk þeirra beinu áhrifa sem vindmyllur hafa á landslag, geta vindmyllur skapað hættu fyrir fuglalíf. Bæði felur uppbygging stórra vindorkuvera í sér mikið jarðrask og þar með mögulega röskun á búsvæðum fugla. Einnig getur skapast hættu á að fuglar fljúgi á vindmyllur. Þá hafa vindorkuver ýmis önnur umhverfisáhrif.

Um leið og þörf er talin á að gaumgæfa, og eftir því sem við á hagnýta, möguleika á nýtingu vindorku hér á landi er mikilvægt að hafa framangreint í huga. Með þeirri tillögu sem hér er sett fram er lagður grundvöllur að því að beina uppbyggingu vindorkuvera að þeim stöðum og í þann farveg að nýting vindorku geti farið fram í sátt við umhverfi og samfélag.

Rétt er að minna á í þessu sambandi að evrópski landslagssamningurinn hefur nýverið tekið gildi hér á landi. Meðal markmiða hans er að stuðla að verndun landslags og að skipulag sé nýtt til að greina landslag og setja í senn fram stefnu um verndun sérstæðs landslags og stefnu um vandaða mótun byggðar og almenningsrýma.

Þá hefur umhverfis- og auðlindaráðherra í upphafi þessa landsskipulagsferlis lagt áherslu á að skipulagsgerð sé beitt til að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar

hámarki tækifæri til að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni, sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi.

Í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er sett fram markmið um að standa vörð um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist, þannig að uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess. Sett er fram markmið um að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja. Orkulindir á miðhálandinu verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega með tilliti til verndunar víðerna. Því er beint til sveitarfélaga að við skipulagsgerð á miðhálandinu sé lögð áhersla á virðingu fyrir náttúrulegu landslagi og viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggi að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir miðhálandisins.

Í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er jafnframt sett fram stefna um skipulagsmál í dreifbýli. Þar er lögð áhersla á að fjölbreytt nýting lands sé í sátt við náttúru og landslag. Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Skipulag og mannvirkjagerð í dreifbýli taki mið af og falli sem best að landslagi og stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Kortlagning svæða með tilliti til landslagssjónarmiða

Í gr. 6.3.1 er gerð tillaga um skiptingu lands í þrjá flokka, A, B og C. Er það gert að fyrirmynd skosku skipulagsstefnunnar, en þá nálgun sem þar er beitt má meðal annars kynna sér í skýrslunni Landslag og vindorka (sjá <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landslag-og-vindorka.pdf>).

Þessi nálgun felur í sér að ákveðið er fyrirfram að tiltekna tegundir svæða geti ekki komið til álita fyrir uppbyggingu vindorkuvera vegna skilgreindra sjónarmiða um landslagsvernd, þ.e. þau svæði sem falla í flokk A í tillögunni. Val á tegundum landsvæða í flokk A hefur verið unnið með hliðsjón af þeim tegundum landsvæða sem falla í samsvarandi flokk í skosku skipulagsstefnunni, en þar á það við þjóðgarða og svæði sem njóta verndar vegna landslags (National Scenic Areas). Þá er horft til þeirrar stefnu sem fest hefur verið hér á landi í löggjöf og stefnu stjórnvalda um landslagsvernd, svo sem í lögum um náttúruvernd og evrópska landslagssamningnum. Með hliðsjón af framangreindu er gerð tillaga um að eftirtaldar tegundir svæða falli í flokk A:

- Þjóðgarðar á grundvelli laga um náttúruvernd og sérlaga. Hér undir falla þeir þrír þjóðgarðar sem starfræktir eru hér á landi, en þeir eru taldir hér á eftir. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sem um gilda sérlög nr. 47/2004, en meðal markmiða þeirra er að varðveita ásýnd lands á Þingvöllum sem helgistaðar þjóðarinnar. Vatnajökulsþjóðgarður sem einnig gilda um sérlög, nr. 60/2007, en meðal markmiða með þeim er að vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki og jarðmyndanir. Þá er það þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sem er sá eini sem stofnað hefur verið til á grundvelli laga um náttúruvernd, en hann var settur á stofn á grundvelli eldri náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Samkvæmt þeim gat ráðherra lýst landsvæði þjóðgarð sem er sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu.
- Svæði sem vernduð eru vegna landslags með sérlögum. Tvö svæði hafa verið vernduð með sérlögum, þótt ekki sé þar um þjóðgarða að ræða. Það eru Mývatn og Laxá sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 97/2004 og Breiðafjörður sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Þegar horft er til markmiða og ákvæða þessara laga, þykir rétt að þau falli einnig í flokk A. Meðal markmiða laga nr. 97/2004 er að stuðla að náttúruvernd og verndun landslags á Mývatns- og Laxásvæðinu. Meðal markmiða laga nr. 54/1995 er að stuðla að verndun landslags og lífríkis á því svæði sem löggin ná til.
- Friðlýst svæði á grundvelli laga um náttúruvernd önnur en þjóðgarðar. Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru skilgreindir 11 flokkar friðlýstra svæða, en þeir eru: Náttúruvé, óbyggð víðerni, þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd, landslagsverndarsvæði, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, náttúruminjar í hafi, fólkvangar, svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar og heil vatnakerfi.

Við mótun tillögunnar var tekið til skoðunar hvort ætti við að horfa eingöngu til tiltekinna flokka friðlýstra svæða samkvæmt lögum um náttúruvernd gagnvart spurningunni um hvaða tegundir landsvæða skuli falla í flokk A, þar sem óheimilt verði að reisa vindorkuver. Var þá fyrst í stað horft til þeirra flokka sem beint varða verndun landslags, þ.e. friðlýsingarflokkanna óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði, auk þjóðgarða sem gerð er grein fyrir sérstaklega að ofan. Rétt þykir hins vegar að miða hér við alla friðlýsingarflokka samkvæmt náttúruverndarlögum. Byggir sú niðurstaða á því að almennt eru forsendur fyrir verndun svæða í öllum umræddum friðlýsingarflokkum þær að standa vörð um og varðveita náttúru viðkomandi svæðis, hvort sem verndunin hverfist um landslag, lífríki og/eða jarðmyndanir. Verður að ætla að stór inngríp eins og bygging vindorkuvera, eigi ekki

við á slíkum svæðum, vegna áhrifa á landslag, fuglalíf og það jarðrask sem slíkar framkvæmdir fela óhjákvæmilega í sér. Hér undir falla þá einnig þau svæði sem friðlýst hafa verið á grundvelli eldri náttúruverndarlaga.

Þá eru tilteknar tegundir landsvæða skilgreindar í flokk B, en hann nær til landsvæða þar sem nýting vindorku getur komið til greina, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum um landslagsvernd. Val á tegundum landsvæða í flokk B hefur verið unnið með hliðsjón af þeim tegundum landsvæða sem falla í samsvarandi flokk í skosku skipulagsstefnunni (sjá bls. 18 í <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landslag-og-vindorka.pdf>). Þá er horft til þeirrar stefnu sem fest hefur verið hér á landi í löggjöf og stefnu stjórnvalda. Hér er um að ræða tegundir landsvæða sem um gilda tiltekin, skilgreind verndarsjónarmið með tilliti til landslags, byggðar og/eða náttúruverndar sem ætla má að uppbygging vindmylla geti illa samrýmst, en þó geti komið til álita að reisa einstök vindorkuver á slíkum svæðum, að vandlega athuguðu máli. Um málsmeðferð framkvæmdaáforma á þessum svæðum vísast til greina 6.3.2, 6.3.3 og 6.3.4. Hér er lagt til að í flokk B falli eftirtaldar tegundir landsvæða:

- Svæði í innan við 10 km fjarlægð frá svæðum sem falla í flokk A. Vindmyllur geta verið mjög stór mannvirki og vindorkuver geta samanstaðið af klasa margra slíkra vindmylla sem geta verið ráðandi í landslagi um langan veg. Því er lagt til að í flokk B falli 10 km belti umhverfis þau landsvæði sem falla í flokk A. Í fyrstu var lagt upp með að miða hér við 5 km, sem er sú fjarlægð sem miðað er við sem skerðingu vegna mannvirkja í skilgreiningu á hugtakinu óbyggð víðerni í lögum um náttúruvernd. Rétt þykir hinsvegar að miða hér við 10 km, enda liggur fyrir út frá erlendum rannsóknum að vindorkuver geta haft veruleg áhrif á landslag um mun lengri leið en 5 km.
- Óbyggð víðerni ásamt 10 km svæði umhverfis þau. Hér undir teljast þau svæði sem falla að skilgreiningu 5. gr. laga um náttúruvernd um óbyggð víðerni, önnur en þau sem hafa verið friðlýst samkvæmt 46. gr. sömu laga. Í lögum um náttúruvernd er sett fram markmið um að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Sambærileg áhersla er sett fram um óbyggð víðerni á miðhálandinu í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að óbyggð víðerni falli í flokk B. Rétt þykir jafnframt að skilgreina jaðarsvæði umhverfis óbyggð víðerni, sem hér er lagt til að sé 10 km.
- Miðhálandi Íslands samkvæmt landsskipulagsstefnu. Um miðhálandið gilda sérstakar reglur samkvæmt skipulagslögum. Um svæðið er sett fram sérstök stefna í landsskipulagsstefnu, sbr. 3.

mgr. 10. gr. skipulagslaga. Í gildandi landsskipulagsstefnu er skýr áhersla á verndun landslags miðhálandisins. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta miðhálandið kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að miðhálandið falli í flokk B.

- Mikilvæg fuglasvæði.
Þetta á við svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem alþjóðlega mikilvæg svæði fyrir varpfugla eða reglulega gesti hér á landi. Meðal helstu mögulegra neikvæðra umhverfisáhrifa vindorkuvera eru áhrif á fuglalíf, bæði búsvæði og farleiðir. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að mikilvæg fuglasvæði falli í flokk B.
- Svæði á B-hluta náttúruminjaskrár.
B-hluti náttúruminjaskrár tekur til svæða sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Það eru því svæði þar sem fyrir liggur mat á verndargildi og ætla má að uppbygging vindmylla geti illa samrýmst. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að svæði á B-hluta náttúruminjaskrár falli í flokk B.
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.
Í 61. gr. laga um náttúruvernd eru tilgreindar tilteknar tegundir vistkerfa og jarðminja sem njóta skulu sérstakrar verndar. Hér undir fellur meðal annars votlendi, 2 ha og stærra. Í vernd samkvæmt 61. gr. felst að forðast skal að raska viðkomandi vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd falli í flokk B.
- Svæði á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Skráning svæðis á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna felur í sér viðurkenningu á því að viðkomandi staður hafi sérstakt alþjóðlegt gildi og eigi að tilheyra sameiginlegri arfleifð mannkynsins og varðveita sem slíkan. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að svæði á heimsminjaskrá falli í flokk B. Þrjú landsvæði hér á landi hafa verið skráð á heimsminjaskrá, en það eru Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Surtsey og Vatnajökulsþjóðgarður.

- Jarðvangar sem hlotið hafa viðurkenningu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Útnefning svæðis sem jarðvangs af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna felur í sér að svæði telst jarðfræðilega mikilvægt á heimsvísu. Tvö landsvæði hafa verið útnefnd sem jarðvangar hér á landi, Katla jarðvangur á Suðurlandi og Reykjanes. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að jarðvangar falli í flokk B.
- Svæði sem njóta verndar samkvæmt Ramsar-samningnum um votlendi.
Ramsar-samningurinn er alþjóðasamningur um verndun og skynsamlega nýtingu votlendissvæða. Votlendi hafa meðal annars gildi sem mikilvæg búsvæði fugla. Ef votlendi á skrá samningsins er raskað verður að bæta fyrir það eins og hægt er á sama stað eða þar sem lífríkisaðstæður eru svipaðar. Rétt þykir því að gera tillögu um að áform um vindorkunýtingu sem snerta slík svæði kalli á sérstaka, gaumgæfilega skoðun. Því er hér gerð tillaga um að Ramsar-svæði falli í flokk B. Á skrá Ramsar-samningsins eru sex svæði hér landi, en þau eru Andakíll, Guðlaugstungur, Grunnafjörður, Snæfell og Eyjabakkar, Þjórsárver og Mývatn og Laxá.
- Svæði innan þéttbýlis eða í innan 10 km frá vaxtarmörkum þéttbýlis. Vegna áhrifa vindorkuvera á landslag og ásýnd og annarra umhverfisáhrifa, svo sem skuggaflökts og áhrifa á hljóðvist, þykir tilefni til að þéttbýlisstaðir og svæði umhverfis þéttbýlisstaði falli í flokk B. Í skosku skipulagsstefnunni er miðað við 2 km frá mörkum þéttbýlis. Hér er lagt til að miða við 10 km, með í huga íslenskt landslag og víðsýni.
- Friðunarsvæði samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands
Samkvæmt lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands getur ráðherra með reglugerð ákveðið friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar, til að tryggja hagkvæma nýtingu nytjastofna og varðveislu viðkvæmra hafsvæða. Erlendis hefur færst í vöxt að vindorkuver sé reist á hafi. Með það í huga þykir rétt að í flokk B falli þau svæði sem ákveðið hefur verið að vernda á þessum grundvelli.

Skörun getur verið á milli þessara svæðisskilgreininga innbyrðis. Þannig getur sama landsvæði notið verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og Ramsar-samningnum og talist alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, svo dæmi sé tekið. Einnig getur verið skörun milli svæða sem falla í flokk A og flokk B, og er þá gert ráð fyrir að gildi þær takmarkanir sem lagðar eru til varðandi flokk A í gr. 6.3.1.

Stefnumótun með tilliti til landslagssjónarmiða

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn marki stefnu í aðalskipulagi um nýtingu vindorku á landsvæðum sem falla í flokk B og C samkvæmt gr. 6.3.1. Þannig verði mörkuð stefna um það í aðalskipulagi hvort sveitarstjórn telur að almennt skuli stefnt að virkjun vindorku, síður eða ekki á landsvæðum innan sveitarfélagsins sem falla í flokk B og C og þá hvaða frekari skipulagsákvæði eða skilyrði eru sett um þá uppbyggingu.

Jafnframt er gert ráð fyrir að í aðalskipulagi skuli marka stefnu um hvert og eitt vindorkuver sem heimilt er að reisa með skilgreiningu orkuvinnslusvæðis og skipulagsákvæðum um það varðandi afl og orkugetu, hæð og fjölda vindmylla og önnur þau atriði um hönnun og útfærslu með tilliti til áhrifa á landslag, náttúru og nálæga byggð og landnotkun sem sveitarstjórn metur viðeigandi til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdahönnun.

Umhverfismat nýtingar vindorku

Á vettvangi verkefnisstjórnar rammaáætlunar gefst tækifæri til að greina umhverfisáhrif áforma um vindorkuver heildstætt á landsvísu, sem og að greina samlegðaráhrif, sem ekki er mögulegt að fjalla um með sama hætti við gerð aðalskipulags sveitarfélaga. Í þessari tillögu er gengið út frá því að það verði gert fyrir öll framkvæmdaáform á svæðum í flokki B, en að nægilegt sé að umhverfismeta og móta stefnu um framkvæmdaáform á svæðum í flokki C í skipulagsgerð sveitarfélaga og mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar, þar sem þau svæði teljist ekki með sama hætti viðkvæm gagnvart uppbyggingu vindorkuvera.

Leiðbeiningar um skipulag og umhverfismat vindorkunýtingar

Tilfni þykir til að mæla fyrir um gerð leiðbeininga, þar sem áherslur landsskipulagsstefnu verði nánar útskýrðar og þannig stuðlað enn frekar að vandaðri og samræmdri vinnu við greiningu umhverfisáhrifa vindorkuvera og stefnumótun um vindorkuver í skipulagsáætlunum.

7. Heilsuvæn byggð og landnotkun

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.0.1 Skipulag í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.

7.0.2 Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags

Umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á lýðheilsuáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar og landnotkunar sem til greina koma.

Önnur verkefni stjórnvalda:

7.0.3 Leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til lýðheilsu og hvatning til heilsuvæns lífsstíls

Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis fyrir sveitarfélög, skipulagsráðgjafa og hönnuði um heilsuvænt skipulag, í samráði við hlutaðeigandi aðila. Skipulagsstofnun hafi jafnframt frumkvæði að og hvetji til annarra verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um lýðheilsuáhrif skipulags. Sveitarfélög hvetji íbúa til heilsuvæns lífsstíls með aðgengilegum upplýsingum um skipulag og innviði.


Greinargerð

Upphaf nútímaskipulagsgerðar í kringum aldamótin 1900 má meðal annars rekja til áherslu frumkvöðla í skipulagsmálum á þeim tíma á umbætur í heilbrigðismálum. Þá tengdist það ekki síst hóbólum fólks, loftgæðum í bæjum og borgum, aðgangi að hreinu neysluvatni og fráveitu skólps. Á seinni árum hefur athygli á ný, í vaxandi mæli, verið beint að áhrifum skipulags á lýðheilsu. Þá er meðal annars horft til þess hvernig fyrirkomulag byggðar getur hvatt til og auðveldað útiveru og hreyfingu í daglegu lífi. Einnig hvernig má, með útfærslu byggðar og almenningsrýma, stuðla að vellíðan og skapa tækifæri til samveru, auk þess að tryggja heilnæmi umhverfisins almennt.

Rannsóknir sýna að offita hefur aukist jafnt og þétt undanfarna áratugi meðal fullorðinna Íslendinga, en offita er meðal annars áhættuþáttur

fyrir háþrýsting og sykursýki 2. Jafnframt sýna kannanir embættis landlæknis að lágt hlutfall svarenda stundar ráðlagða hreyfingu, sem samsvarar rösklegri hreyfingu í 30 mínútur daglega. Þá eru vísbendingar um að geðheilbrigði ungs fólks hér landi fari hrakandi og að ungt fólk finni frekar fyrir einmanaleika en þeir eldri. Samkvæmt könnunum embættis landlæknis finnur fjórðungur fullorðinna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi og konur frekar en karlar. Auk framangreinds þarf að hafa í huga aldursamsetningu þjóðarinnar, en hlutfall 65 ára og eldri mun hækka umtalsvert á næstu áratugum samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.

Manngert og náttúrulegt umhverfi hafa áhrif á heilsu með margvíslegum hætti. Framangreind þróun lýðheilsu og lýðfræði gefur tilefni til að huga að því hvernig nýta má skipulag byggðar og landnotkunar til að efla allar hliðar heilsu; líkamlega, andlega og félagslega. Heimsfaraldur kórónuveirunnar árið 2020 og aðgerðir sem grípa hefur þurft til vegna hans hefur síðan enn frekar minnt á mikilvægi þess að tryggja góðar aðstæður til göngu og hjólræiða og aðgengi að góðum og fjölbreyttum útivistarmöguleikum og náttúrusvæðum.



Á myndinni eru dregnir fram margvíslegir áhrifaþættir heilbrigðis sem er að finna í umhverfi okkar og hægt er að vinna með í skipulagi. (Mynd þýdd og staðfærð úr: Hugh Barton og Marcus Grant, 2006. A health map for the local human habitat. *Journal of the Royal Society for the Promotion of Public Health*, 126(6), bls. 252-261.)

Skipulag í þágu lýðheilsu

Í yfirmarkmiði 7. kafla og í aðgerð 7.0.1 er lagt til að skipulagsgerð verði markvisst beitt til að stuðla að heilsu og vellíðan. Þannig verði lýðheilsa almennt sýnilegt stef í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Birtingar-myndir slíkra áherslna í skipulagi geta verið ýmsar. Nefna má byggðamynstur sem styður virka ferðamáta og almenningsamgöngur, áherslu á útivistarsvæði og matjurtaræktun og aðgerðir til að bæta hljóðvist og loftgæði við umferðaræðar. Einnig áherslur í skipulagi til að

tryggja umferðaröryggi og öryggi fólks gagnvart náttúruvá, svo eitthvað sé nefnt.

Í þessari tillögu hefur framar verið vísað til skipulagshugmyndarinnar um 20 mínútna bæinn. Hún á einnig vel við í samhengi skipulagsgerðar með tilliti til lýðheilsu. Til þess að staður sé heilsuvænn þarf hann að styðja við og hvetja til hollra lífshátta og bjóða heilnæmt umhverfi sem veitir tækifæri til að bæta líkamlega og andlega heilsu og njóta félagslegra samskipta. Hann þarf jafnframt að styðja við samfélagslega þátttöku og velferð. Sérstaklega þarf að mæta þörfum barna og ungmenna til að vaxa og þroskast og laga sig að þörfum stækkandi hóps aldraðra sem og þeirra sem glíma við vit- eða skynræna skerðingu eða skerta hreyfigetu.

Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags

Í lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda eru umhverfisáhrif skilgreind vítt. Þau geta tekið til áhrifa á náttúru, náttúruauðlindir og heilbrigði manna, auk áhrifa á menningararfleifð og samfélag. Með hliðsjón af þýðingu hins byggða umhverfis fyrir lýðheilsu er mikilvægt að ávallt sé lagt mat á lýðheilsuáhrif við umhverfismat skipulagsáætlana. Það er einnig í samræmi við megininntak Heimsmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna nr. 3 um heilbrigði og vellíðan.

Leiðbeiningar og hvatning

Þekking um tengsl umhverfis, skipulags og lýðheilsu er í stöðugri þróun. Það endurspeglast meðal annars í nýlegum erlendum leiðbeiningarritum þar sem finna má dæmi um lýðheilsuáherslur í skipulagsstefnu og skipulagsaðgerðum á ólíkum stöðum. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi frumkvæði að því að taka saman og miðla upplýsingum og leiðbeiningarefni í samráði við hlut- aðeigandi aðila. Það getur meðal annars verið á formi hugmyndabanka með innlendum og erlendum dæmum um skipulag sem hvetur til virkra ferðamáta og útivistar, gerir ráð fyrir góðu og fjölbreyttu húsnæði, skapar öruggt og nærandi umhverfi og veitir tækifæri til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis. Jafnframt geta leiðbeiningar verið á formi gátlista yfir viðmið um lýðheilsu fyrir umhverfismat skipulagstillagna.

Í tillögunni er því einnig beint til Skipulagsstofnunar að hafa frumkvæði að og hvetja til annarra verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um lýðheilsuáhrif skipulags. Að sama skapi er því beint til sveitarfélaga að hvetja íbúa til heilsuvæns lífsstíls með aðgengilegum upplýsingum um skipulag og innviði. Slík verkefni geta til dæmis falist í viðurkenningum fyrir fyrirmyndarverkefni. Þá er ástæða til að skoða möguleika á samlegð með verkefnum á vegum embættis landlæknis um heilsueflandi samfélag. Vitundarvakning meðal íbúa getur til dæmis verið á formi korterskorta eins og þeirra sem vikið er að í 5. kafla að framan.

7.1 HEILSUVÆNIR FERÐAMÁTAR OG HREYFING Í DAGLEGU LÍFI

Skipulag byggðar og landnotkunar hvetji til göngu og hjólreiða og annarra virkra ferðamáta og stuðli að hreyfingu í daglegu lífi.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.1.1 Byggðamynstur í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að móta byggðarheildir með þetta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn með það að markmiði að bæta göngu- og hjólahæfi og auka hreyfingu í daglegu lífi.

7.1.2 Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að skipulag gatnakerfis og hönnun og útfærsla göturýma innan byggðarheilda tryggja góðar aðstæður fyrir alla ferðamáta, með áherslu á göngu og hjólreiðar og aðra virka ferðamáta, með það að markmiði að auka hreyfingu í daglegu lífi. Innan og utan þéttbýlis verði miðað að því að stígakerfi geti þjónað sem samgöngu- og útivistarleiðir.

Greinargerð

Mikilvægi hreyfingar sem forvarnar og meðferðar við margskonar lífsstílstengdum sjúkdómum sem og gildi hennar fyrir almenna vellíðan á öllum æviskeiðum er vel staðfest. Hreyfing minnkar meðal annars líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og sykursýki 2, bætir stoðkerfið og andlega líðan og eykur almennt líkur á að fólk lifi lengur, sjálfstæðu og betra lífi. Samkvæmt ráðleggingum um hreyfingu ættu fullorðnir að stunda rösklega (miðlungserfiða eða erfiða) hreyfingu í minnst 30 mínútur samtals daglega.

Áhrif umhverfis á hreyfingu eru einnig vel rannsökuð og er sjónum í skipulagsmálum jafnt sem heilbrigðismálum í auknum mæli beint að því hvernig hvetja má fólk til aukinnar hreyfingar í daglegu lífi. Skipulag sem styður við göngu og hjólreiðar og aðra virka ferðamáta, sem og almenningssamgöngur, getur lagt þar verulega af mörkum.

Byggðamynstur í þágu lýðheilsu

Byggðarheildir eins og hverfi, þorp eða bæir eru vettvangur daglegs lífs okkar flestra. Ástæða er til að sá vettvangur styðji sem best við lýðheilsu. Skipulagsáherslur um heilsuvæn hverfi og bæi falla vel að skipulagshugmyndinni um 20 mínútna bæinn, en í henni felst að innan 20 mínútna göngufæris (10 mínútur hvora leið) megi nálgast flest það sem þörf er fyrir dagsdaglega – verslanir, skóla, heilsugæslu, félagsþjónustu og leik-, íþrótt- og útivistarsvæði. Jafnframt að þessir áfangastaðir séu vel tengdir saman með öruggum götum og hjóla- og

göngustígum. Til þess að skapa slíkt umhverfi þarf byggðamynstur, þ.e. fyrirkomulag og útfærsla bygginga, gatnakerfis og landnotkunar að vera með þeim hætti að vegalengdir séu sem stýstar. Það næst með viðeigandi þéttleika byggðar og blöndun landnotkunar í kjörnum og eftir ásum þar sem helstu þjónustu er að finna, sem auðveldar að sinna mörgum erindum í sömu ferð. Þannig byggðamynstur styður einnig við rekstur almenningsgangna. Því fleiri sem búa í göngu- og hjólafæri frá almenningsvagnaleið, því fleiri eiga auðveldan möguleika á að nýta sér hana. Þá eru svæðisbundin hjólastígakerfi einnig mikilvæg til að tengja hverfi saman og veita gott aðgengi að svæðisbundinni þjónustu og vinnustöðum utan hverfis.

Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu

Stuttar vegalengdir á milli daglegra áfangastaða nægja ekki einar og sér til að fólk kjósi að ganga, hjóla eða nota aðra virka ferðamáta. Það hversu aðlaðandi, öruggt og þægilegt umhverfið er skiptir líka miklu máli. Gönguhæfi er skipulagshugtak sem lýsir því hversu vel umhverfi styður við göngu sem fararmáta. Ýmsir gátlistar eru tiltækir til að meta gönguhæfi umhverfis. Skipulagsáherslur sem gera umhverfi gönguvænt eiga sérstaklega vel við á Íslandi þar sem flestir þéttbýlisstaðir eru af þeirri stærð að ganga er raunhæfur ferðamáti. Ganga er jafnframt sá ferðamáti sem er á færi flestra. Gönguvænt umhverfi hvetur ennfremur til almennrar útiveru og getur stutt við samskipti fólks með vel útbúnum almenningsrýmum sem laða fólk að og bjóða upp á að staldrað sé við.

Vel útfært og heildstætt stígakerfi, utan gatnakerfis, getur hvatt fólk enn frekar til að fara fleiri af sínum daglegu ferðum gangandi og einnig til að stunda göngu og hjólreiðar sem útivist. Í því samhengi er mikilvægt að huga að aðstöðu eins og hjólastæðum/-skýlum, vatnsbrunnnum, hleðslustöðvum fyrir rafhjól, útfærslu gatnamóta með tilliti til hjólreiða, merkingu stíga, grávatni til upphitunar gangstétta og stíga, viðhaldi og snjómokstri. Huga þarf sérstaklega að öryggi á þeim stígum þar sem saman fer gangandi og hjólandi umferð.

Hjólastígar á milli þéttbýlisstaða geta í einhverjum tilvikum, þar sem vegalengd er ekki of löng eða erfið, gagnast sem samgönguleiðir jafnt sem útivistarleiðir og þannig stutt við lýðheilsuáhrif, sem og loftslagsáhrif. Hjólastígar, hvort sem um er að ræða samgöngu- eða útivistarleiðir, auka jafnframt möguleika til að njóta landslags með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á heilsu.

7.2 FJÖLBREYTT ÚTIVIST Í NÁND VIÐ NÁTTÚRU

Skipulag byggðar og landnotkunar tryggi möguleika til dvalar og hreyfingar utandyra að sumri og vetri, með áherslu á nánd við náttúru.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.2.1 Fjölbreytt útivistarsvæði til margvíslegra nota

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra og vandaðra útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem gefi kost á hreyfingu, leik, samskiptum og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

7.2.2 Náttúra í almenningsrýmum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi, í þeim tilgangi að skapa heilsuvænt og fallett umhverfi og gott nærveðurfar.

Greinargerð

Á tímum fjölbreyttrar samskiptatækni sem oft dregur úr útiveru og samveru, er enn mikilvægara en áður að skipuleggja tækifæri fyrir hvort tveggja. Umhverfi sem hvetur til útiveru og veitir jafnframt möguleika til skipulagðra eða óvæntra samskipta getur unnið gegn einangrun og einmanaleika og styrkt samfélagstengsl.

Með vef stærri og smærri útivistarsvæða má bjóða upp á margvíslega útivist innan hverfa og á jaðri byggðar fyrir ólíka getu- og aldurshópa. Innan þéttbýlis er hægt að flétta náttúru inn í stærri og minni almenningsrými, allt frá stórum náttúrusvæðum til minni garða og torga. Heildstætt kerfi opinna og grænna svæða getur styrkt vistkerfi, skapað áhugavert landslag og stutt við virka ferðamáta. Kórónuveiru-faraldurinn hefur minnt á mikilvægi leik- og útivistarsvæða í grennd við heimili, sem og styttri og lengri útivistarleiða fyrir göngu og hjólreiðar. Þá geta svæði fyrir matjurtaræktun í grennd við heimili stutt lýðheilsu með því að hvetja til útiveru og hreyfingar, félagslegra samskipta og neyslu hollrar fæðu. Skógar eru einnig mikilvæg útivistarsvæði. Þeir skapa skjól og áhugavert og nærandi landslag til útiveru, auk þess að bæta loftgæði og gegna mikilvægu hlutverki við kolefnisbindingu.

Útivistarsvæði og önnur almenningsrými sem eru aðlaðandi og vönduð, veita ánægjulega upplifun og geta þannig hvatt til útiveru og hreyfingar í öllum veðrum, árið um kring. Jákvæð áhrif náttúru á líkamlega og andlega heilsu gefa tilefni til að leggja sérstaka áherslu á að nýta gróður og aðra náttúrufarsþætti til umhverfismótunar. Það gefur kost á að upplifa árstíðir á sterkan hátt, binda kolefni og bæta loftgæði og vatnsbúskap. Hönnun slíkra rýma út frá lýðheilsu má hugsa í samhengi við sjálfbærar ofanvatnslausnir og verndun sérkenna í landslagi.

7.3 FJÖLBREYTT HÚSNÆÐI SEM MÆTIR ÞÖRFUM ÓLÍKRA HÓPA

Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.3.1 Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun. Skýr tengsl verði á milli greiningar og stefnu í skipulagsáætlunum og húsnæðisáætlunar viðkomandi sveitarfélags. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt miðað að því að innan hverrar byggðarheildar sé fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði, í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn.

7.3.2 Vandað íbúðarhúsnæði

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að gæðum íbúðarhúsnæðis, svo sem hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými.

Greinargerð

Við gerð skipulagsáætlana þarf að taka mið af húsnæðisáætlunum sveitarfélaga sem unnar eru til fjögurra ára í senn, en jafnframt er mikilvægt að horfa lengra fram í tímann, með tilliti til áætlaðrar íbúaþróunar og þróunar í fjölskyldugerðum og aldurssamsetningu. Meta þarf framboð og eftirspurn eftir mismunandi búsetuformum og skoða þarf einstakra hópa, svo sem fatlaðs fólks, aldraðra, tekju- og eignaminni og námsmanna. Ef staðbundinn vinnumarkaður gefur tilefni til þarf einnig að taka tímabundið húsnæði til sérstakrar skoðunar og huga að hentugri staðsetningu fyrir það. Með blöndun húsaagerða og íbúðastærða innan hverfis eða byggðarheildar má stuðla að því að þörfum sem flestra verði mætt og jafnframt styðja við blöndun félagshópa og gera fólki kleift að flytja innan hverfis eða bæjar þegar aðstæður þess breytast. Þá getur staðsetning nýs íbúðarhúsnæðis innan núverandi byggðar og í kjörnum og ásum skipt miklu máli í þeirri viðleitni að styðja við virka ferðamáta.

Metnaður við skipulag og hönnun íbúðarhúsnæðis með tilliti til birtu, loftgæða, aðgengis og byggingarlistar hefur þýðingu fyrir heilsu og vellíðan. Einnig er tækifæri til að vinna gegn félagslegri einangrun með vel útfærðum sameiginlegum rýmum innan- og utandyra. Við staðsetningu íbúðarhúsnæðis og hönnun einstakra bygginga er enn fremur tækifæri til að huga að tengslum við náttúruna. Gróður í gördum og á þökum getur laðað að fugla og jafnvel skapað ný búsvæði fyrir utan að bæta loft. Gluggar og svalir geta veitt útsýni í átt að gróðri, náttúrulegum kennileitum eða opnum svæðum. Skýr stefna í aðalskipulagi og skilmálar í deiliskipulagi geta stuðlað að slíkum gæðum.

7.4 HEILNÆMT OG ÖRUGGT UMHVERFI

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.4.1 Loftgæði og hljóðvist

Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja loftgæði og góða hljóðvist, meðal annars með útfærslu byggðar og almenningsrýma sem dregur úr ferðaþörf og hvetur til virkra ferðamáta.

7.4.2 Aðgengi og öryggi í almenningsrýmum

Skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að tryggja aðgengi og öryggi á götum og stígum og í öðrum almenningsrýmum og beini sjónum sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

Greinargerð

Lýðheilsuáhrif byggðar og landnotkunar snúa að miklu leyti að þeim gæðum sem felast í hreinleika og öryggi umhverfis, svo sem með tilliti til náttúruvár, mengunarvalda, slyshættu og annarrar mögulegrar hættu.

Hreint loft og vatn og góð hljóðvist hefur mikið að segja fyrir heilsu og almenna vellíðan. Skipulag með tilliti til loftgæða, vatnsgæða og hljóðvistar snýst að lágmarki um að virða gildandi umhverfismörk og gera betur þar sem möguleiki er. Skipulag sem miðar að því að draga úr loft- og hljóðmengun frá umferð vélknúinna ökutækja getur lagt þar að mörkum. Aukinn gróður í byggðu umhverfi getur til viðbótar hjálpað til við hreinsun lofts og ofanvatns og við hljóðdempun.

Heilsuvæn almenningsrými hafa aðgengi fyrir alla og eru örugg að fara um og dvelja í. Þjóðvegir í gegnum miðkjarna þéttbýlis kalla á sérstaka athygli sem mikilvæg almenningsrými. Þeir þurfa í senn að þjóna hlutverki sem samgönguæðar og samkomustaðir (miðbæir). Víða er þörf á að endurhanna þá til að styðja við þessi hlutverk; gera umhverfi öruggt og aðlaðandi og styðja þannig virka ferðamáta og samveru.

7.5 TÆKIFÆRI TIL ÁHRIFA Á MÓTUN NÆRUMHVERFIS

Við skipulag byggðar og landnotkunar verði tryggð góð tækifæri fyrir ólíka aldurs- og félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi.

Skipulagsgerð sveitarfélaga:

7.5.1 Samráð við skipulagsgerð

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun síns nærumhverfis tryggður í gegnum allt skipulagsferlið; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. Beitt verði fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð til að tryggja aðgengi að upplýsingum og möguleika íbúa til þátttöku.

Önnur verkefni stjórnvalda:

7.5.2 Úttekt á áhrifum almennings á ákvarðanatöku

Skipulagsstofnun standi fyrir úttekt á áhrifum þátttöku almennings og félagasamtaka á ákvarðanatöku í skipulags- og framkvæmdaverkefnum.

7.5.3 Leiðbeiningar um samráð við almenning

Skipulagsstofnun í samvinnu við hlutaðeigandi aðila hafi forgöngu um útgáfu leiðbeiningarefnis um þátttöku almennings við skipulagsgerð og undirbúning framkvæmda.

7.5.4 Vefgátt og vefsja um skipulag og framkvæmdir

Skipulagsstofnun, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, vinni að þróun vefgáttar og landfræðilegrar vefsjár um skipulagsgerð, umhverfismat og leyfisveitingar til framkvæmda í því skyni að auka skilvirkni og auðvelda aðgengi að upplýsingum og þátttöku almennings við skipulagsgerð og undirbúning framkvæmda.

Greinargerð

Möguleiki borgaranna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta daglegt líf, þar með talið um heilsu og vellíðan, er meðal viðmiða sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin notar til að skilgreina heilbrigðar borgir. Tækifæri til þátttöku við mótun skipulags fellur þarna undir. Mikilvægt er að tryggja möguleika allra aldurs- og samfélagshópa til þátttöku, í gegnum allt skipulagsferlið og með fjölbreyttum aðferðum. Þannig er best tryggt að sem flestir geti koma sjónarmiðum, hugmyndum og tillögum á framfæri og átt um þær samtal. Skýr og góð framsetning skipulagsgagna auðveldar almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra. Annað sem samráð getur hjálpað við, er að mótun staðar taki mið af og styðji við þann staðaranda og þá sjálfsmynd sem viðkomandi samfélag hefur. Hugtakið staðarsjálfsmynd hefur verið

notað til að lýsa tilfinningatengslum og samsömun íbúa við sinn stað og allt sem hann innifelur – landslag, sögu, menningu og samskipti. Þessi staðarsjálfsmynd er oft hluti af sjálfsmynd hvers einstaklings og á sama hátt og það er gott fyrir einstaklinga að hafa sterka sjálfsmynd, er gott fyrir samfélag að hafa sterka staðarsjálfsmynd.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu eru sett fram áform um smíði miðlægrar vefgáttar og vefsjár um skipulag og framkvæmdir. Það er í samræmi við tillögur sem kynntar hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda haustið 2020 um breytingar á skipulagslögum og endurskoðun laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda.

Fylgiskjöl

- Yfirlit yfir ferlið við mótun tillögunnar
- Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda
- Umhverfismat tillögunnar

Umhverfismat tillögu að landsskipulagsstefnu

SAMANTEKT

Í umhverfismati tillögu að landsskipulagsstefnu hafa verið skilgreind umhverfisviðmið sem byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Landslagssamningi Evrópu. Umhverfisviðmiðunum er ætlað að lýsa æskilegri þróun m.t.t. sjálfbærni og umhverfismála. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort markmið og aðgerðir sem lagðar eru til í tillögu að landsskipulagsstefnu styðja eða ganga gegn þeirri þróun sem umhverfisviðmiðin fela í sér.



Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan og styðja framfylgd **Heimsmarkmiðs 3**. Áherslur tillögunnar á loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd og heilsuvæna byggð eru til þess fallnar að auka gæði manngerðs og náttúrulegs umhverfis og skapa umgjörð þar sem íbúar geta lifað heilbrigðu og öruggu lífi. Leiðbeiningagerð um skipulagsgerð með tilliti til lýðheilsu og hvatning til heilsuvæns lífsstíls eru líklegar til að vinna frekar að Heimsmarkmiði 3.



Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu hafa skýra samsvörun við **Heimsmarkmið 6** um sjálfbæra nýtingu og aðgengi að hreinu vatni, aukin vatnsgæði og endurheimt vatnstengdra vistkerfa. Aðgerðir sem lúta að loftslagsmiðuðu skipulagi, svo sem um byggð og landnotkun, vernd og endurheimt votlendis, græna innviði og með áherslu á landslagsvernd eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á vatn og vatnstengd vistkerfi og styðja við framfylgd Heimsmarkmiðs 6.



Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu um loftslagsmiðað skipulag og stefna um staðarmótun og landslagsvernd eru til þess fallin að styðja **Heimsmarkmið 7** sem miðar að því að tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði og auka hlut endurnýjanlegrar orku. Í tillögu að landsskipulagsstefnu er áhersla lögð á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og meðal annars vikið að möguleikum á ræktun orkujurta. Jafnframt er gert ráð fyrir nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag. Í tillögunni er einnig lögð áhersla á að ákvarðanir um landnýtingu taki mið af landslagsgæðum. Það getur takmarkað orkunýtingu sem að öðru leyti gæti talist hagkvæm. Samantekið eru áhrif tillögunnar metin jákvæð og líkleg til að styðja framfylgd Heimsmarkmiðs 7.



Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum, loftslagsmiðað skipulag og staðarmótun og landslagsvernd ríma ágætlega við **Heimsmarkmið 8** um sjálfbæran hagvöxt, bættu nýtingu auðlinda og að dregið sé úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Tengsl tillögunnar við áherslu heimsmarkmiðsins á ferðaþjónustustörf og staðbundna menningu og varning eru óljósari og háð

útfærslu. Aðgerðir sem lagðar eru til í tillögu að landsskipulags-stefnu eru líklegar til að stuðla að sjálfbærum hagvexti og sköpun starfa til lengri tíma lítið þar sem þeim er ætlað að bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu. Ný atvinnutækifæri geta skapast á haf- og strandsvæðum, í landbúnaði, við endurheimt landgæða og í skógrækt. Aðgerðirnar geta ýtt undir sjálfbæra ferðaþjónustu með áherslu á staðbundna menningu og varning og stutt markmið um að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið.



Markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu eru í heild sinni líkleg til að styðja við þróun traustra innviða og vinna að framfylgd **Heimsmarkmiðs 9**. Í tillögunni er áhersla á að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Þá er rík áhersla á sjálfbæra nýtingu lands, viðhald og endurheimt vistkerfa, ræktun matvæla og hringrásarhagkerfið með endurnýtingu og endurvinnslu auðlinda. Áhersla tillögunnar á landslagshönnun, varðveislu og eflingu landslagsgæða og skipulag í þágu lýðheilsu styður einnig framfylgd heimsmarkmiðs 9.



Heimsmarkmið 11 lýtur að sjálfbærum borgum og bæjum með viðnámsþol gagnvart breytingum. Þær áherslur endurspeglast í markmiðum og aðgerðum í tillögu að landsskipulagsstefnu varðandi loftslagsmiðað skipulag, stefnu um staðarmótun og landslagsvernd og stefnu um heilsuvæna byggð og landnotkun. Í tillögunni er stefnt að því að styrkja viðnámsþol samfélags og hins byggða umhverfis þannig að borg og bæir verði betur í stakk búin til að takast á við breytingar. Aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu um heilsuvæna byggð og fjölbreytt húsnæði styðja áherslur heimsmarkmiðs 11 á fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, aðgengi að grunnþjónustu og tengingu við örugga, sjálfbæra og aðgengilega ferðamáta. Aðgerðir í tillögunni um byggð með viðnámsþótt gagnvart umhverfisbreytingum geta þó takmarkað byggingarland eða aukið byggingarkostnað þar sem land er tekið undir græna innviði eða þar sem verja þarf strandlengju eða byggð gagnvart náttúruvá eins og flóðahættu. Áhersla tillögunnar á landslagshönnun sem snýr að bæjarrýmum, gatnakerfi og hönnun mannvirkja í landslagi styður ennfremur framfylgd heimsmarkmiðs 11.



Markmið og aðgerðir í tillögu landsskipulagsstefnu eru í heild sinni líklegar til að hafa jákvæð áhrif á ábyrga neyslu og framleiðsluáðferðir og nýtni á náttúruauðlindum og styðja þannig framfylgd **Heimsmarkmiðs 12**. Því til stuðnings má nefna gerð strandsvæðisskipulags og gagnagáttar um útgefin leyfi fyrir framkvæmdum á haf- og strandsvæðum, áherslu á ræktun matvæla og orkujurta, skógrækt og áherslu á hringrásarhagkerfið. Einnig er líklegt að skipulag byggðar út frá hugmyndafræði um 20 mínútna bæinn og hvatning til heilsuvæns lífsstíls feli í sér betri nýtingu á náttúruauðlindum, að minna land verði lagt undir nýja byggð og innviðir nýtist betur.



Heimsmarkmið 13 felur í sér að gripið verði til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra og að aðgerðirnar skuli fléttaðar inn í skipulagsgerð. Tillaga að landsskipulagsstefnu felur í sér stefnu um loftslagsmiðað skipulag með áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, landnotkun og samgöngum og auka kolefnisbindingu með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Einnig stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum áhrifa loftslagsbreytinga. Áherslur tillögunnar á varðveislu og eflingu landslagsgæða og heilsuvæna byggð og landnotkun fela í sér fjölbreyttar aðgerðir í skipulagsgerð og leiðbeiningum sem styðja einnig framfylgd heimsmarkmiðs 13. Áhrif tillögunnar með tilliti til heimsmarkmiðs 13 eru metin jákvæð.



Áherslur í tillögu að landsskipulagsstefnu á skipulag á haf- og strandsvæðum og loftslagsmiðað skipulag styðja við **Heimsmarkmið 14** um að varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Aðgerðir í tillögunni sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka kolefnisspor byggðar og landnotkunar hafa jákvæð áhrif á heilbrigði hafsins. Einnig felur gerð strandsvæðis- skipulags og gagnagáttar og kortavefsjár um útgefin leyfi fyrir framkvæmdum og starfsemi á haf- og strandsvæðum í sér að nýting á vistkerfum sjávar og strandsvæða byggi á traustari grundvelli.



Flest markmið og aðgerðir í tillögu að landsskipulagsstefnu styðja við **Heimsmarkmið 15** um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra. Heimsmarkmið 15 kveður á um sjálfbæra stjórnun skóga, stöðvun skógareyðingar, endurheimt skóga og að auka skógrækt. Jafnframt að endurheimta land og jarðveg, grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og sporna gegn áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi. Áherslur tillögunnar á loftslagsmiðað skipulag og landslagsvernd eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á líf á landi. Áherslur tillögunnar á sjálfbæra nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri styðja við heimsmarkmið 15. Samræmi tillögunnar við áherslu heimsmarkmiðsins á aukna skógrækt er háð útfærslu, en aukin skógrækt þarf samkvæmt tillögu að landsskipulagsstefnu að taka mið af landslagsvernd og flokkun lands með tilliti til ræktunarskilyrða.



Mótun skipulags og umhverfismat þess og annarra áætlana eru í eðli sínu til þess fallin að styðja við **Heimsmarkmið 17** um samstarf opinberra aðila, einkaaðila og almennings um sjálfbæra þróun, enda eru þessir aðilar kallaðir að borðinu til samtals og samráðs við mótun skipulagstillagna. Þá er gerð gagnagáttar og vefsjár um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum og vefsjár og veggáttar um skipulag og framkvæmdir til þess fallnar að gera fleirum kleift að koma að mótun umhverfis. Sama gildir um gerð upplýsingagáttar fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun. Mikilvægur hluti af tillögu að landsskipulagsstefnu felst í áformum um útgáfu leiðbeininga, meðal annars um aðlögun að loftslagsbreytingum í skipulagi, staðarmótun og landslagsvernd, landslagsgreiningu og skipulag og hönnun bæjar- og göturýma. Einnig er

stefnt að útgáfu leiðbeininga um skipulag og umhverfismat vindorku-
nýtingar og leiðbeininga um skipulagsgerð með tilliti til lýðheilsu. Gerð
og framfylgd leiðbeininga kalla á samstarf ólíkra aðila. Þá er ein af
áherslum tillögunnar að ólíkum aldurs- og félagshópum verði tryggður
möguleiki til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi í
gegnum allt skipulagsferlið. Það er niðurstaða umhverfismatsins að
tillaga að landsskipulagsstefnu styðji framfylgd heimsmarkmiðs 17.



Tillaga að landsskipulagsstefnu felur í sér markmið um landslagsvernd
og er líkleg til að stuðla að greiningu á sérkennum og verðmæti landslags
og mótun stefnu um landslag og þar með framfylgd **Landslagssamnings
Evrópu**. Áhrif nokkurra aðgerða í tillögunni eru þó háð því hvernig
staðið verður að útfærslu þeirra. Aðgerðir sem lagðar eru til í loftslags-
málum um aukna bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri, og þá
sérstaklega aukin skógrækt, kunna að hafa í för með sér breytingar á
landslagi og ásýnd lands, en þau áhrif eru háð útfærslu. Áhersla
tillögunnar á að tryggja útbreiðslu náttúruskóga og vernda líffræðilega
fjölbreytni er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum ný-
skógræktar á landslag. Aðgerðir til að bregðast við áhrifum loftslags-
breytinga, til dæmis hækkandi sjávarstöðu og ágangi sjávar geta haft
neikvæð áhrif á landslag strandsvæða, en það er einnig háð útfærslu.
Sama gildir um svæði þar sem verja þarf byggð vegna hættu á ofan-
flóðum. Þá eru áhrif byggðaþróunar á borgar- og bæjarlandslag og
verðmæti sem felast í svipmóti og yfirbragði byggðar háð útfærslu. Með
þéttri blandaðri byggð og áherslu á virka ferðamáta má hins vegar ætla
að minna landi sé ráðstafað undir byggð og samgöngumannvirki.

INNGANGUR

Við mótun landsskipulagsstefnu er umhverfismati beitt til að tryggja að stefnan stuðli að sjálfbærri þróun og hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif. Umhverfismat landsskipulagsstefnu er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og reglugerð um landsskipulagsstefnu og hefur það verið samþætt vinnu við mótun tillögunnar.

Umhverfisviðmið

Til grundvallar umhverfismati á landsskipulagsstefnu eru lögð svokölluð umhverfisviðmið. Þeim er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála.

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort tillögur um markmið og aðgerðir í landskipulagsstefnu styðja eða ganga gegn þeirri þróun sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

Í umhverfismati landsskipulagsstefnu hafa verið skilgreind eftirfarandi umhverfisviðmið(sjá töflu á næstu blaðsíðu). Þau byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þá sérstaklega þeim heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda. Auk umhverfisviðmiða sem byggja á heimsmarkmiðunum er jafnframt skilgreint viðmið byggt á Landslagssamningi Evrópu. Síðastnefnda viðmiðinu var bætt við eftir að lýsing fyrir landsskipulagsstefnu var kynnt.



Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar

Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.



Tryggja sjálfbæra nýtingu og aðgengi allra að hreinu vatni

Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatn og stöðuvötn.



Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

Auka hlut endurnýjanlegrar orku.



Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla

Viðhalda hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður. Bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu. Leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og varning.



Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun

Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Auka aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni.



Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópna, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum

Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðaröryggi og almennings-samgöngur. Standa vörð um náttúruáminjar og menningararfleifð. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.



Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir

Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum.



Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð.



Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt

Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vist-kerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi. Vinna gegn súrnun sjávar.



Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi

Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Stuðla að sjálfbærri stjórnun skóga af öllu tagi, stöðva eyðingu skóga, endurheimta skóga og auka skógrækt. Berjast gegn eyðimerkurmyndun, endurheimta land og jarðveg og vinna að sjálfbærri gróðurframvindu. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffr. fjölbreytni og koma í veg f. útrýmingu teg. í hættu. Koma í veg fyrir landnám og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni.



Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun

Hvetja til skilvirks samstarfs opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara.



Verndun, nýting og skipulag landslags

Stuðla að verndun, nýtingu og skipulagi landslags innan Evrópu og samvinnu meðal Evrópuþjóða. Auka almenna meðvitund og þekkingu á landslagi. Stuðla að greiningu á sérkennum og verðmæti landslags og mótun stefnu um landslag.

Samsvörun valinna umhverfisviðmiða við umhverfisþætti samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana

Í lögum um umhverfismat áætlana er gert ráð fyrir að lagt sé mat á, eftir því sem við á, áhrif áætlana á samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.

Í töflunni hér að neðan er tekið saman hvernig valin umhverfisviðmið sem byggja á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (HM) og Evrópska landslagssamningnum (ELS) samsvara þeim umhverfisþáttum sem þarna eru taldir.

	HM 3	HM 6	HM 7	HM 8	HM 9	HM 11	HM 12	HM 13	HM 14	HM 15	HM 17	ELS
Samfélag	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
Heilbrigði	■	■		■		■		■		■		
Dýr		■				■	■		■	■		
Plöntur		■				■	■		■	■		
Líffr. fjölbreytni		■				■	■	■	■	■		
Jarðvegur						■	■			■		
Jarðmyndanir						■	■			■		
Vatn		■				■	■		■	■		
Loft			■			■	■	■				
Veðurfar			■			■		■		■		
Eignir			■	■	■	■		■	■			
Menningarminjar				■		■						■
Landslag	■		■			■				■		■

Hér hefur *landslag* bæst við HM3 frá því sem gert var ráð fyrir í lýsingu vegna ábendinga sem fram komu við lýsinguna. Einnig hefur eins og áður segir verið bætt við umhverfisviðmiði sem byggir á Evrópska landslagssamningnum.

Umhverfisvísar





Auk umhverfisviðmiðanna hafa verið skilgreindir tilteknir umhverfisvísar. Umhverfisvísar geta nýst með þrennum hætti; við greiningu á stöðu og þróun skipulagsmála við mótun landsskipulagsstefnu, við umhverfismat tillögunnar og síðar við mat á árangri stefnunnar. Umhverfisvísarnir byggja meðal annars á þeim vísnum sem skilgreindir hafa verið af Sameinuðu þjóðunum til að fylgjast með framfylgd Heimsmarkmiðanna en einnig á Evrópska landslagssamningnum.

	HM 3	HM 6	HM 7	HM 8	HM 9	HM 11	HM 12	HM 13	HM 14	HM 15	HM 17	ELS
Almenningssamgöngur												
Ástand sjávar												
Binding kolefnis												
Endurnýjanleg orka												
Ferðamátar												
Ferðaþjónusta												
Fjarskipti												
Fráveita												
Hækkun sjávarborðs												
Íbúar												
Íbúðarhúsnæði												
Landgæði												
Landsframleiðsla												
Líffræðileg fjölbreytni												
Loftegæði												
Losun kolefnis												
Raforkuflutningur												
Samgöngukerfi												
Sjúkdómar												
Skógar												
Umferð												
Umferðarslys												
Úrgangsméðhöndlun												
Útivist												
Vatnsgæði												
Verndarsvæði												
Vinnu- og þjónustusv.												
Virkjanir												
Víðerni												
Votlendi												

Hér hefur *útivist* bæst við HM3 vegna ábendinga sem fram komu við kynningar lýsingar. Mælikvarðar á framfylgd Heimsmarkmiðanna eru birtir á vef þeirra en hafa ekki verið skoðaðir kerfisbundið við mat á áhrifum landsskipulagsstefnu.

Vægiseinkunnir

Í umhverfismati landsskipulagsstefnu eru notaðar fjórar vægiseinkunnir við mat á samræmi tillögunnar við umhverfisviðmið:

-  Jákvæð áhrif, ef tillaga að markmiði í landsskipulagsstefnu styður viðkomandi umhverfisviðmið.
-  Óveruleg áhrif, ef tillaga að markmiði í landsskipulagsstefnu hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-  Neikvæð áhrif, ef tillaga að markmiði í landsskipulagsstefnu vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfis viðmið.
-  Óviss áhrif, ef óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að markmiði í landskipulagsstefnu styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

Vinnsla og framsetning umhverfismatsins

Vinna við umhverfismat landsskipulagsstefnu skiptist í tvo áfanga.

Fyrri áfangi umhverfismatsins fór fram í janúar 2020 á meðan unnið var að forsendu-greiningu fyrir mótun stefnunnar. Þá voru haldnir tveir vinnufundir, annarsvegar með sérfræðingum Skipulagsstofnunar, öðrum en þeim sem komið hafa beint að mótun landsskipulagstillögunnar, og hinsvegar með ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu. Á fundunum var þátttakendum falið, í gegnum stýrðar umræður, að draga fram skipulagsáherslur sem væru til þess fallnar að vinna að settum umhverfisviðmiðum. Afrakstur fundanna hefur verið hafður til hliðsjónar við mótun og útfærslu tillögunnar.

Seinni áfangi umhverfismatsins var unninn samhliða endanlegri mótun landskipulagstillögunnar sumarið 2020, þar sem vinnslutillaga var rýnd með tilliti til umhverfisviðmiða. Það mat var framkvæmt af sérfræðingum Skipulagsstofnunar, öðrum en þeim sem komið hafa beint að mótun landsskipulagstillögunnar, og niðurstaða þess sett fram í töflum þar sem tillögur að markmiðum og aðgerðum í landskipulagsstefnu voru vegnar á móti umhverfisviðmiðum. Í hverri töflu var lagt mat á eina markmiðstillögu ásamt aðgerðum tengdum henni, gefin vægiseinkunn og skýring við hana. Ef tilefni var til, var jafnframt lögð til breyting á viðkomandi markmiði/aðgerðum landsskipulagstillögunnar til að þau styddu betur það umhverfisviðmið sem í hlut átti.

Í auglýstri tillögu landsskipulagsstefnu hefur tillagan verið endurskoðuð með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram komu í seinni áfanga umhverfismatsins og niðurstöður umhverfismats sem birtar eru með auglýstri tillögu uppfærðar til samræmis við það.

4. SKIPULAG Á HAF- OG STRANDSVÆÐUM (VIÐBÓT)

Markmið 4.1: Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsáskvarðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda. (óbreytt)

Aðgerð 4.1.3: Gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum (viðbætur)





















Aðgerð 4.3.2: Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga (viðbætur)

Aðgerð 4.3.3: Gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði (viðbætur)

Aðgerð 4.3.4: Mat á þörf fyrir strandsvæðisskipulag

Viðbótaraðgerðir við gildandi stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum lúta að bættri miðlun upplýsinga um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum (4.1.3), nýtingu upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga við skipulagsgerð (4.3.2), að hafin verði vinna við gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði og að sett verði fram tillaga um forgangsröðun svæða þar sem unnið verði strandssvæðisskipulag.

Styður tillaga um viðbætur við 4. kafla landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

	<p>Á ekki við.</p>	
	<p>Á ekki við.</p>	
	<p>Á ekki við.</p>	
		<p>Aðgengilegri upplýsingar um útgefin leyfi til fiskeldis og gerð strandsvæðisskipulags stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða, m.a. hvað varðar fiskeldi og ferðaþjónustu.</p>
		<p>Aðgengilegri upplýsingar um útgefin leyfi til fiskeldis og gerð strandsvæðisskipulags eru líkleg til að stuðla að nýsköpun og uppbyggingu, m.a. hvað varðar fiskeldi, ferðaþjónustu og aðra nýtingu á haf- og strandsvæðum.</p>
	<p>Á ekki við.</p>	
		<p>Gerð strandsvæðisskipulags á tilteknum svæðum og aðgengilegri upp-lýsingar um útgefin leyfi til fiskeldis stuðla að ábyrgri neyslu og fram-leiðslu sem byggir á auðlindum haf- og strandsvæða.</p>
		<p>Með aðgerðunum er enn frekar undirstrikað að taka beri tillit til loftslagsmála og áhrifa loftslagsbreytinga við skipulag á haf- og strandsvæðum. Gerð strandsvæðisskipulags innan Eyjafjarðar stuðlar jafnframt að framfylgd þessa markmiðs.</p>
		<p>Gerð strandsvæðisskipulags á tilteknum svæðum og aðgengilegri upplýsingar um útgefin leyfi til fiskeldis leiða til betri stjórnunar á nýtingu og vernd þessara svæða og stuðla þannig að varðveislu á umhverfi hafsins og auðlindum þess.</p>
		<p>Aðgerðirnar stuðla að því að við skipulag strandsvæða verði tekið tillit til loftslagsbreytinga, þ.m.t. hækkandi sjávarstöðu og áhrifa á búsvæði. Þeirra áhrifa gætir jafnt á landi sem við haf- og strandsvæði.</p>
		<p>Gerð strandsvæðisskipulags á tilteknum svæðum, samráð um þörf fyrir gerð slíks skipulags á landsvísu og aðgengilegri upplýsingar um útgefin leyfi til fiskeldis stuðla að samstarfi um sjálfbæra þróun.</p>
		<p>Áherslur um að taka mið af bestu fyrirliggjandi upplýsingum um áhrif loftslagsbreytinga á strandsvæði munu gera strandsvæðisskipulagi betur kleift að stuðla að vernd og viðhaldi landslags á strandsvæðum.</p>

5. LOFTSLAGSMIÐAÐ SKIPULAG

Markmið 5.0: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Aðgerð 5.0.1: Stefna um loftslagsmiðað skipulag

Aðgerð 5.0.2: Mat á loftslagsáhrifum og viðnámsþrótti skipulags




Aðgerð 5.0.3: Mat á loftslagsáhrifum annarra áætlana

Aðgerð 5.0.4: Leiðbeiningar um loftslagsmiðað skipulag og hvatning til loftslagsvæns lífsstíls

Aðgerð 5.0.5: Endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til loftslagsmála

Aðgerð 5.0.1 er sett fram með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsa-lofttegunda (GHL) og aðlaga byggð og samfélag að afleiðingum loftslagsbreytinga. Aðgerðir 5.0.2 og 5.0.3 fela í sér að mat verði lagt á loftslagsáhrif skipulags og viðnámsþrótt byggðar og samfélags við umhverfismat skipulagstillagna og annarra áætlana. Aðgerðir skv. 5.0.4 og 5.0.5 fela í sér leiðbeiningagerð og vitundarvakningu um loftslagsáhrif byggðar, samgangna og landnotkunar og endurskoðun laga og reglugerða um skipulagsmál m.t.t. loftslagsmála.

Styður tillaga um markmið 5.0 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Loftslagsmiðað skipulag, vitundarvakning um loftslagsáhrif og loftslagsvænn lífstíll styðja við markmið um heilbriggt lífverni og draga úr slysum og ótímabærum dauðsföllum vegna lífstístengdra sjúkdóma og umferðarslysa.</p>
		<p>Aðgerðir sem miða að því að draga úr losun GHG, aðlagast breytingum og efla viðnámsþrótt samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga stuðla að bættum gæðum umhverfis, þ.m.t. neysluvatns, og vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru líklegar til að stuðla að aukinni hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru líklegar til að stuðla að sjálfbærum hagvexti og sköpun starfa til lengri tíma lítið. Umbreyting getur orðið í lykilmálinum yfir aðlögunartímamenn aðgerðirnar eru taldar hafa jákvæð áhrif til langframa.</p>
		<p>Aðgerðirnar miða að því að byggja upp viðnámsþrótt í samfélaginu gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga og eru líklegar til að styðja nýsköpun og styrkja innviði.</p>
		<p>Eitt af meginmarkmiðum loftslagsmiðaðrar skipulagsgerðar er að styrkja viðnámsþrótt samfélags og hins byggða umhverfis.</p>
		<p>Nýting náttúruauðlinda sem byggir á bestu fánlegu gögnum með tilliti til loftslagsbreytinga styður við markmið um sjálfbæra neyslu og framleiðslu.</p>
		<p>Loftslagsmiðað skipulag er sett fram til að ná fram miklum og skjóttum árangri í loftslagsmálum með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</p>
		<p>Aðgerðir í loftslagsmálum um kolefnishlutleysi, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og gerð leiðbeininga um loftslagsmiðaða skipulagsgerð eru líklegar til að styðja við markmið um að varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess, m.a. með því að draga úr mengun sjávar frá starfsemi á landi og vinna gegn súrnun hafsins.</p>
		<p>Aðgerðir í loftslagsmálum sem snúa að útfærslu byggðar, samgangna og landnotkunar og aukinnar bindingar GHG eru til þess fallnar að styðja við markmið um varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og þjónustu þeirra.</p>
		<p>Gerð leiðbeininga, hvatning og vitundarvakning um loftslagsáhrif byggðar og landnotkunar ásamt ferli við gerð skipulags og umhverfismats þess, auk umhverfismats annarra áætlana, kalla á aðkomu og samstarf ólíkra aðila og styðja þannig markmið um samstarf um sjálfbæra þróun.</p>
		<p>Útfærsla byggðar og landnotkunar í því skyni að ná fram markmiðum um loftslagsmiðað skipulag er til þess fallin að styðja við markmið um vernd, stýringu og skipulag landslags.</p>

5.1 LOFTSLAGSVÆNAR SAMGÖNGUR

Markmið 5.1: Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur.

Aðgerð 5.1.1: Byggðamynstur í þágu loftslagsmála


Aðgerð 5.1.2: Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna

Aðgerð 5.1.3: Greining byggðaþróunar á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgar-svæðisins

Aðgerð 5.1.4: Könnun á viðhorfi til virkra ferðamáta og almenningssamgangna

Aðgerðir 5.1.1 og 5.1.2. eru settar fram til að ná markmiðum um að draga úr loftslagsáhrifum samgangna með skipulagi byggðarheilda og innviða sem stytta vegalengdir, draga úr ferðaþörf og auka hlutdeild virkra ferðamáta og almenningssamgangna auk þess sem áhersla er á orkuskipti og samtengd kerfi samgangna. Aðgerð 5.1.3 kveður á um úttekt á þróun búsetu- og samgöngumynsturs á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins og gerð sviðsmynda um framtíðarþróun þess m.t.t. markmiða í loftslagsmálum. Aðgerð 5.1.4 lýtur að upplýsingaöflun um viðhorf til virkra ferðamáta og almenningssamgangna og hvata og hindranir fyrir notkun þeirra.

Styður tillaga um markmið 5.1 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Bygðamynstur og þróun innviða í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn stuðla að virkari lífsstíl og meiri samskiptum íbúa og eru líkleg til að bæta vellíðan og draga úr tíðni dauðsfalla af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á vatnstengd vistkerfi vegna minni mengunar af völdum útblásturs bensín- og dísilknúinna öku-tækja.</p>
		<p>Minni hlutdeild einkabíla í umferð og aukin notkun virkra ferðamáta og almenningssamgangna auk orkuskipta hefur í för með sér minni notkun óendurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum en eykur notkun sjálfbærrar orku.</p>
		<p>Aðgerðirnar miða að bættri nýtingu auðlinda og fjárfestinga í innviðum og geta stutt við atvinnutækifæri sem byggja á staðbundinni menningu og varningi.</p>
		<p>Aðgerðirnar stuðla að betri samgönguinnviðum fyrir alla, með áherslu á sjálfbærni í samræmi við áherslur heimsmarkmiðs um trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru til þess fallnar að styðja við heimsmarkmið um örugga, sjálfbæra og aðgengilega ferðamáta fyrir alla, bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli.</p>
		<p>Aðgerðirnar miða m.a. að því að draga úr rýmisþörf fyrir umferðar-mannvirki, tengja byggðarheildir og stytta ferðavegalengdir sem hefur áhrif á nýtingu orkuauðlinda í samgöngum.</p>
		<p>Með aðgerðum í skipulagi og við þróun byggðar og samgangna sem draga úr loftslagsáhrifum er stutt við markmið um aðgerðir í loftslagsmálum.</p>
		<p>Aukin hlutdeild virkra ferðamáta og almenningssamgangna, góð tengsl milli byggðarheilda og skipulag innviða í þágu loftslagsvænni samgangna eru líkleg til að draga úr mengun sjávar frá starfsemi í landi.</p>
		<p>Aukin hlutdeild virkra ferðamáta og almenningssamgangna, góð tengsl milli byggðarheilda og skipulag innviða í þágu loftslagsvænni samgangna eru líkleg til að styðja við markmið um sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi.</p>
		<p>Aðgerð 5.1.3 kveður á um samstarfsverkefni á sviði skipulagsmála m.t.t. markmiða í loftslagsmálum auk viðhorfskönnunar til virkra ferðamáta og styðja samstarf opinberra aðila, einkaaðila og almennings.</p>
		<p>Markmið um minni þörf fyrir samgöngur og styttri vegalengdir eru líkleg til að hafa óveruleg jákvæð áhrif á landslag, að því leyti að þörf fyrir að taka nýtt land undir byggð og samgöngumannvirki í framtíðinni verður minni.</p>

5.2 LOFTSLAGSVÆN BYGGÐ























Markmið 5.2: Skipulag miði að því að minnka kolefnisspor mannvirkjagerðar og efla hringrásarhagkerfið.

Aðgerð 5.2.1: Loftslagsvæn mannvirkjagerð

Aðgerð 5.2.2: Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting

Aðgerð 5.2.1 miðar að því að kolefnisspor byggðar sé eins lítið og kostur er og að byggingar og almenningsrými séu sveigjanleg gagnvart breyttri nýtingu. Samkvæmt aðgerð 5.2.2 skal í skipulagi sveitarfélaga tryggja endurvinnslu og endurnýtingu með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið og draga eins og kostur er úr urðun úrgangs. Þá verði hugað að því hvernig skipulag geti stutt við endurnýtingu gróðurhúsa-lofttegunda (GHL), m.a. til orkuframleiðslu.

Styður tillaga um markmið 5.2 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Vistvænar áherslur við mannvirkjagerð styðja við markmið um heilbriggt lífveri og vellíðan.</p>
		<p>Loftslagsvæn byggð og mannvirkjagerð með minna kolefnisspori og bætt auðlindanýting með lágmörkun úrgangs styðja markmið um sjálfbæra nýtingu vatns, vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.</p>
		<p>Loftslagsvæn byggð og mannvirkjagerð og nýting auðlinda í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins um sjálfbæra orkugjafa, s.s. endurnýtingu affallsvarma og gróðurhúsalofttegunda til orkuframleiðslu, styðja við markmið um sjálfbæra orku.</p>
		<p>Loftslagsvæn byggð og mannvirkjagerð með minna kolefnisspori og lágmörkun úrgangs eru í samræmi við áherslur heimsmarkmiðs um bættu auðlindanýtingu til neyslu og framleiðslu. Áhersla á endurnýtingu og hringrásarhagkerfið vinnur að því markmiði að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið.</p>
		<p>Loftslagsvæn mannvirkjagerð, minna kolefnisspor byggðar, endurnýtingu og hringrásarhagkerfið eru líkleg til að leiða til nýsköpunar í byggingariðnaði og á sviði innviðaðróunar og orkuframleiðslu.</p>
		<p>Loftslagsvæn byggð og mannvirkjagerð og sveigjanleiki bygginga og almenningsrýma gagnvart breyttri nýtingu og eflingu hringrásarhagkerfisins styðja markmið um sjálfbærar borgir og samfélög, og eru líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum vegna loftmengunar og úrgangs.</p>
		<p>Vistvænar lausnir, minna kolefnisspor byggðar, endurnýting og endurvinnsla og sjálfbær auðlindanýting styður við sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir.</p>
		<p>Aðgerðir og áherslur um loftslagsvæna byggð vinna að því markmiði að bregðast við loftslagsbreytingum.</p>
		<p>Vistvænar áherslur í skipulagi á landi og áherslur um lágmörkun úrgangs og aukna endurvinnslu og endurnýtingu eru til þess fallnar að draga úr álagi á lífríki vatns.</p>
		<p>Vistvænar áherslur í skipulagi á landi og áherslur um lágmörkun úrgangs og aukna endurvinnslu og endurnýtingu eru til þess fallnar að draga úr álagi á lífríki á landi.</p>
		<p>Áherslurnar eru ekki sérstaklega settar fram í þeim tilgangi að hvetja til samstarfs á milli opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara, umfram það sem felst í samráði við mótun skipulags og umhverfismat þess.</p>
		<p>Vistvænar áherslur í skipulagi taka m.a. til landslags og ásýndar lands og eru því til þess fallnar að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu landslags í skipulagsgerð. Minni urðun úrgangs og endurvinnsla/-nýting mun jafnframt minnka eða koma alfarið í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd lands.</p>

5.3 LOFTSLAGSVÆN LANDNOTKUN

Markmið 5.3: Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

Aðgerð 5.3.1: Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri

Aðgerð 5.3.2: Vernd og endurheimt votlendis


Aðgerð 5.3.3: Skógar og skógrækt

Aðgerð 5.3.4: Ræktun matvæla og orkujurta

Aðgerð 5.3.5: Upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun

Aðgerð 5.3.1 felur í sér mat á ástandi lands m.t.t. kolefnisbúskapar og stefnu um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Jafnframt að tekin verði afstaða til ráðstöfunar lands fyrir bindingu kolefnis í bergi. Aðgerðir 5.3.2 og 5.3.3 kveða á um mörkun stefnu um vernd og endurheimt votlendis og stefnu um skóga og skógrækt með áherslu á náttúruskóga, líffræðilega fjölbreytni og bindingu kolefnis. Aðgerð 5.3.4 miðar að því að varðveita land sem hentar vel til ræktunar matvæla og eftir atvikum orkujurta og að uppbygging og ræktun utan þéttbýlis taki mið af flokkun landbúnaðarlands. Þá felst aðgerð 5.3.5 í gerð upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsa-lofttegunda vegna landnotkunar.

Styður tillaga um markmið 5.3 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Skóglendi og náttúrulegt umhverfi og aukið framboð af matvælum sem eru rækтуð innanlands geta haft jákvæð áhrif á heilbrigði og vellíðan fólks. Umfang áhrifa er háð útfærslu.</p>
		<p>Sjálfbær nýting lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt votlendis styðja við markmið um vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.</p>
		<p>Möguleiki á ræktun orkujurta til framleiðslu lífdísils styður við markmið um aukinn hlut endurnýjanlegrar orku.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um bættu nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu þar sem mögulega skapast ný atvinnutækifæri, m.a. við landbúnaðarframleiðslu, endurheimt landgæða og skógrækt. Aðgerðirnar geta ýtt undir sjálfbæra ferðapjónustu með áherslu á staðbundna menningu og varning.</p>
		<p>Aðgerðir sem fela í sér að draga úr jarðvegseyðingu, endurheimta vistkerfi og rækta matvæli og orkujurtir styðja við markmið um sjálfbæra og viðnámsþolna innviði, efnahagsþróun og velferð fyrir alla. Þessar aðgerðir geta ýtt undir nýsköpun s.s. í landbúnaðarframleiðslu og bindingu kol-efnis.</p>
		<p>Áhersla á matvælaræktun í dreifbýli, útbreiðsla skóga og verndun líffræðilegrar fjölbreytni getur stutt við markmið um að nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.</p>
		<p>Ræktun matvæla og orkujurta styðja við markmið um sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir þ.m.t. nýtni á náttúruauðlindum.</p>
		<p>Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri styðja við markmið um að berjast gegn loftslagsbreytingum. Aukin áhersla á uppgræðslu og skógrækt hefur í för með sér að hætta á skógareldum eykst.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um að tryggja varðveislu, endurheimta og styðja við sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í vatni og þjónustu þeirra. Einnig að grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Mörkuð verði stefna um skóga og skógrækt í skipulagi skv. landsáætlun um skógrækt að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna og landslagsverndar en að því leyti eru tengsl við HM15 sem kveður á um að auka nýskógrækt háð útfærslu.</p>
		<p>Gerð upplýsingagáttar fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun styður að vissu marki við markmið um samstarf opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara.</p>
		<p>Útfærsla er varðar aukna bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og þá sérstaklega aukin skógrækt kann að hafa í för með sér breytingar á landslagi og ásýnd lands en áhrifin eru háð útfærslu. Áherslur stefnu um að tryggja útbreiðslu náttúruskóga og vernda líffræðilega fjölbreytni eru til þess fallnar að draga úr áhrifum útbreiðslu nýskógræktar á landslag.</p>

5.4 BYGGÐ MEÐ VIÐNÁMSPRÓTT GAGNVART UMHVERFISBREYTINGUM

Markmið 5.4: Skipulag efli viðnámsprótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Aðgerð 5.4.1: Greining áskorana






















Aðgerð 5.4.2: Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga

Aðgerð 5.4.3: Grænir innviðir

Aðgerð 5.4.4: Leiðbeiningar um aðlögun í skipulagi byggðar

Aðgerð 5.4.1 og 5.4.2 fela í sér greiningu og mat á þeim áskorunum sem vænta má í sveitarfélögum vegna afleiðinga loftslagsbreytinga og að sett verði viðeigandi skipulagsákvæði m.t.t. til þess. Aðgerð 5.4.3 miðar að því að gert verði ráð fyrir grænum innviðum til að takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð og aðgerð 5.4.4 felur í sér gerð leiðbeiningarefnis um aðlögun að loftslagsbreytingum í skipulagi.

Styður tillaga um markmið 5.4 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Aðgerðirnar miða að því að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga, efla viðnámsþrótt og draga úr tjóni á byggð og samfélag s.s. vegna óveðurs, flóða og gróðurelda. Aðgerðirnar eru líklegar til að styðja við markmið um heilbrigði og vellíðan.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja með óverulegum hætti við sjálfbæra nýtingu og aðgengi að hreinu vatni þar sem grænir innviðir fela í sér viðhald og endurheimt vatnstengdra vistkerfa eins og votlendis, áa og stöðuvatna.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Tengsl aðgerðanna við markmið um sjálfbæran hagvöxt, góð atvinnutækifæri og ferðapjónustu eru óveruleg og háð útfærslu, þ.e. hvort og hvaða takmarkanir afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu. Umbreyting getur orðið í lykildgreinum yfir aðlögunartímann en aðgerðirnar eru taldar hafa jákvæð áhrif til langframa.</p>
		<p>Aðgerðirnar fela í sér þróun innviða sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Aðgerðirnar eru líklegar til að ýta undir nýsköpun þegar kemur að hönnun mannvirkja og notkun grænna innviða til að bregðast við loftslagsbreytingum.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um öruggar og sjálfbærar borgir og bæi með viðnámsþol gagnvart loftslagsbreytingum, m.a. með því að verja eignir/mannvirki og íbúa gagnvart náttúruvá og gera samfélagið betur í stakk búið til að takast á við breytingar en óvissa er um áhrif á markmið um húsnæði og sjálfbæra ferðamáta á viðráðanlegu verði. Aðgerðirnar geta takmarkað byggingarland eða aukið byggingarkostnað þar sem land er tekið undir græna innviði eða þar sem verja þarf strandlengju eða byggð gagnvart flóðum, þ.m.t. ofanflóðum.</p>
		<p>Aðgerðirnar hafa óveruleg tengsl við markmið um sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir.</p>
		<p>Miðað er að því að flétta aðgerðir inn í skipulagsgerð til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga og styðja markmið um að grípa til aðgerða til að berjast gegn áhrifum loftslagsbreytinga.</p>
		<p>Aðgerðirnar tengjast markmiði um heilbriggt umhverfi hafsins með þeim hætti að að í þeim felst stjórnun á nýtingu strandsvæða sem getur haft óveruleg jákvæð áhrif á vistkerfi sjávar og strandsvæða.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og þá sérstaklega þar sem grænum innviðum er beitt til að auka viðnámsþrótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.</p>
		<p>Aðgerðirnar hafa óveruleg tengsl við markmið um samstarf um sjálfbæra þróun.</p>
		<p>Nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga, t.d. hækkandi sjávarstöðu og auknum ágangi sjávar á stendur landsins, kunna að valda neikvæðum áhrifum á landslag strandsvæða en það er háð útfærslu. Það gildir einnig um svæði þar sem verja þarf byggð vegna hættu á ofanflóðum.</p>

6. STAÐARMÓTUN OG LANDSLAGSVERND

Markmið 6.0: Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

























Aðgerð 6.0.1: Skipulag með tilliti til landslags

Aðgerð 6.0.2: Mat á áhrifum skipulags á landslag

Aðgerð 6.0.3: Leiðbeiningar, hvatning og vitundarvakning um staðarmótun, landslagsgæði og landslagsvernd í skipulagi

Aðgerð 6.0.1 og 6.0.2 lúta að áherslum í skipulagsgerð sveitarfélaga varðandi það að við ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar sé tekið mið af þeim gæðum sem felast í landslagi, að skipulagi byggðar og landnotkunar sé hagað með þeim hætti að varðveita landslag og efla þau gæði sem felast í landslagi, náttúrulegu og byggðu. Við umhverfismat áætlana sé lagt mat á áhrif skipulagstillagna og valkosti við þær, á náttúrulegt og byggt landslag. Aðgerð 6.0.3 lýtur að leiðbeiningagerð um landslagsmótun og staðarmótun í skipulagi og því að stuðla að vitundarvakningu um landslagsgæði og staðarmótun.

Styður tillaga um markmið 6.0 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Landslagsgæði, hvort sem er náttúruleg eða innan byggðar, stuðla að bættri líðan og geðheilbrigði.</p>
		<p>Vernd náttúrulegs landslags og vernd eða endurheimt landslagsgæða er líkleg til að fela í sér vernd og endurheimt vatnstengdra vistkerfa.</p>
		<p>Með aðgerðunum er lögð áhersla á að við ákvarðanir um landnýtingu og valkostgreiningu við skipulagsgerð, sé tekið mið af gæðum landslags og lagt mat á áhrif á landslag við umhverfismat áætla. Það getur haft áhrif á nýtingu orkuvalkosta sem að öðru leyti gætu talist hagkvæmir m.t.t. kostnaðar.</p>
		<p>Aðgerðirnar munu styðja við markmið um að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Landslagsgæði, hvort sem er náttúruleg eða innan byggðar, skapa aðdráttarafli sem styður við ferðapjónustu.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Í heimsmarkmiðinu er lögð áhersla á að staðinn sé vörður um náttúru-minjar og menningararfleifið og að skipulag sé nýtt til að styðja umhverfisleg tengsl á milli þéttbýlis og dreifbýlis og styðja aðgerðirnar við þetta markmið.</p>
		<p>Aðgerðirnar stuðla að sjálfbærri nýtingu á þeirri auðlind sem felst í gæðum landslags.</p>
		<p>Leiða má að því líkum að vel ígrunduð stefnumótun um vernd gæða landslags og sjálfbarrar nýtingar stuðli að því að viðhalda bindingu kol-efnis í jarðvegi og gróðri.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Vernd náttúrulegs landslags og vernd eða endurheimt landslagsgæða eru líkleg til að stuðla að heimsmarkmiðinu í gegnum varðveislu vistkerfa og með því að koma í veg fyrir hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni.</p>
		<p>Aðgerðirnar munu stuðla að gagnsærri umfjöllun um verndun og viðhald landslags og auka umræðu um vægi landslags við staðarmótun. Leiðbeiningagerð og þá sérstaklega vitundarvakning um mikilvægi landslags við skipulagsgerð er í samræmi við heimsmarkmiðið.</p>
		<p>Aðgerðirnar stuðla með beinum hætti að því að ná fram markmiðum Evrópska landslagssamningsins.</p>

6.1 VARÐVEISLA OG EFLING LANDSLAGSGÆÐA OG STAÐAREINKENNA

Markmið 6.1: Skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi, byggt á landslagsgreiningu og mati á staðareinkennum.

Aðgerð 6.1.1: Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna

Aðgerð 6.1.2: Skipulagsgerð með tilliti til víðerna

Aðgerð 6.1.3: Skipulagsgerð um skóga og skógrækt

Aðgerð 6.1.4: Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða

























Aðgerð 6.1.5: Flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu

Aðgerð 6.1.6: Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna

Aðgerð 6.1.7: Leiðbeiningar um skipulag landbúnaðarlands

Í aðgerð 6.1.1 er sett fram stefna um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði landslag og staðareinkenni greind og niðurstöður þeirrar greiningar lagðar til grundvallar við skipulagsgerð. Í aðgerð 6.2.2 er samskonar markmið sett um greiningu og kortlagningu óbyggðra víðerna og nýtingu þeirra gagna við skipulagsgerð. Sveitarfélög skulu samkvæmt aðgerð 6.1.3 marka stefnu um skóga og skógrækt sem feli í sér áherslur um verndun og viðhald náttúruskóga og framfylgd landsáætlunar um skógrækt sem taki tillit til staðbundinna aðstæðna, m.a. með landslagsvernd í huga. Aðgerð 6.1.4 lýtur að flokkun landbúnaðarlands og að tekið sé tillit til þeirrar greiningar í skipulagsgerð. Í þeirri aðgerð er einnig kveðið á um að ákvörðanir um uppskiptingu lands byggji á skipulagsáætlunum. Í aðgerð 6.1.5 er kveðið á um flokkun, kortlagningu og lýsingu landslags á landsvísu í samráði við hlutaðeigandi aðila og gefi út leiðbeiningar um greiningu landslags og staðareinkenna. Aðgerð 6.1.6 felur í sér sambærilegar aðgerðir um kortlagningu óbyggðra víðerna á landsvísu og gerð leiðbeiningarefnis það að lútandi. Í aðgerð 6.1.6 eru einnig sett fram viðmið um hvað lagt skuli til grundvallar við kortlagningu óbyggðra víðerna við skipulagsgerð. Aðgerð 6.1.7 felur í sér gerð leiðbeininga um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.

Styður tillaga um markmið 6.1 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Aðgerðirnar taka til gagnaöflunar og nýtingar gagna í skipulagsgerð um landslag, óbyggð víðerni, landbúnaðarland, skóga og skógrækt. Jafnframt fela þær í sér að sett séu viðmið varðandi kortlagningu óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningagerð um gagnaöflun, kortlagningu og skipulagsgerð. Þessar áherslur stuðla að bættum umhverfisgæðum, svo sem gæðum landslags og víðerna og eru líklegar að leiða til jákvæðra áhrifa á vellíðan og geðheilsu.</p>
		<p>Stefnumótun um gæði landslags, vernd og viðhald náttúruskóga, kortlagningu og stefnumótun um landbúnaðarland og viðhald víðerna munu hafa óbein jákvæð áhrif á vatnstengd vistkerfi.</p>
		<p>Hluti af sjálfbærri orkuvinnslu er að ekki sé gengið á þær auðlindir sem felast í landslagi, óbyggðum víðernum, skógum og landbúnaðarlandi sem hentar vel til ræktunar. Áherslurnar styðja því við þetta markmið.</p>
		<p>Hluti af sjálfbærum hagvexti er að ekki sé gengið á þær auðlindir sem felast í landslagi, óbyggðum víðernum, skógum og landbúnaðarlandi sem hentar vel til ræktunar. Áherslurnar styðja því við þetta markmið. Jafnframt styðja aðgerðirnar við að viðhalda auðlindunum sem sjálfbær ferðamennska byggir sína tilvist á.</p>
		<p>Áhersla þessa heimsmarkmiðs er á uppbyggingu sjálfbærra innviða með viðnámsþol gagnvart breytingum. Kortlagning landbúnaðarlands og stefnumótun um nýtingu þess og áherslur í skógrækt sem aðgerðirnar fela í sér eru þáttur í því.</p>
		<p>Hluti af þessu heimsmarkmiði er að standa vörð um náttúruvinnur og menningararfleifð. Áherslur er varða gæði náttúrulegs og mann mótaðs landslags, áherslur um víðerni og skógrækt styðja við þennan þátt heimsmarkmiðsins.</p>
		<p>Gagnaöflun, greining og leiðbeiningagerð er undirstaða sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindum.</p>
		<p>Áherslur er varða landbúnaðarland og skógrækt eru mikilvæg skref í átt að því markmiði að flétta aðgerðum vegna loftslagsbreytinga inn í skipulagsgerð.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Stefnumótun um gæði landslags, vernd og viðhald náttúruskóga, kortlagningu og stefnumótun um landbúnaðarland og viðhald víðerna stuðlar að vernd, endurheimt og sjálfbærri nýtingu vistkerfa.</p>
		<p>Aukin gagnaöflun, nýting gagna við skipulagsgerð og leiðbeiningar við skipulagsgerð stuðla að skilvirkara samstarfi við ákvarðanatöku.</p>
		<p>Aðgerðir er varða gæði landslags, vernd og viðhald náttúruskóga, kortlagningu og stefnumótun um landbúnaðarland og viðhald víðerna sem fela í sér aukna greiningu, stefnumótun og miðlun upplýsinga eru í samræmi við áherslur Evrópska landslagssamningsins.</p>

6.2 LANDSLAGSHÖNNUN OG MANNVIRKI Í LANDSLAGI

Markmið 6.2: Skipulag byggðar skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma.

Aðgerð 6.2.1: Fjölbreytt og lifandi bæjarrými

Aðgerð 6.2.2: Gatnakerfi og göturými

























Aðgerð 6.2.3: Grænir innviðir

Aðgerð 6.2.4: Hönnun mannvirkja í landslagi

Aðgerð 6.2.5: Leiðbeiningar um skipulag og hönnun bæjar- og göturýma

Aðgerðirnar fela í sér áherslur um gæði umhverfis og mannvirkja í landslagi með það að markmiði að tryggja fjölbreytt, lifandi og vel tengd bæjarrými, áherslur er varða hlutverk gatnakerfa og göturýma sem taki mið af fjölbreyttu hlutverki þeirra sem umferðarleiða og bæjarrýma, mikilvægi gæða grænna innviða bæði vegna upplifunar þeirra sem í þeim dvelja og einnig notagildi þeirra er varða hreyfingu og útiveru og hlutverki þeirra tengt loftslagsmálum, líffræðilegum fjölbreytileika og sjálfbærum ofanvatnslausnum. Aðgerð 6.2.4 felur í sér að vandað verði til staðarvals og hönnunar mannvirkja og að tekið sé tillit til landslags, sjónrænna þátta og upplifunar við hönnun þeirra. Í aðgerð 6.2.5 er sett markmið um að undirbúið verði leiðbeiningarefni um skipulag og hönnun bæjar- og göturýma.

Styður tillaga um markmið 6.2 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Áherslur aðgerðanna eru á gæði umhverfis og mannvirkja hvað varðar upplifun, gæði og notagildi fyrir þá sem þau nýta, sem hluta af aðgerðum er varða loftslagsmál, líffræðilegan fjölbreytileika og vatnsgæði. Aðgengi að vönduðum bæjarrýmum og útisvæðum stuðla að bættri heilsu og vel-líðan þeirra sem þau nota.</p>
		<p>Áherslur og aðgerðir er lúta að sjálfbærum ofanvatnslausnum stuðla að framgangi þessa heimsmarkmiðs og áherslur er varða hönnun mannvirkja, notagildi og umhverfislegan ávinning grænna svæða getur haft jákvæð áhrif á vatnstengd vistkerfi.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Markmiðum um hagvöxt kann að fylgja aukin ásókn inn á græn svæði með aukinni uppbyggingu. Áherslur um landslagshönnun og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma er líkleg til að stuðla að bættri nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu og að leitast verði við að draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið, þ.m.t. græn svæði.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru í samræmi við áherslur heimsmarkmiðsins um sjálfbæra innviði sem eru með viðnámsþol gagnvart breytingum.</p>
		<p>Aðgerðirnar taka til gæða hins byggða umhverfis, bæði bæjar- og göturýma og grænna svæða. Þær munu ýta undir örugga, sjálfbæra og aðgengilega ferðamáta, eru til þess fallnar að stuðla að bættem almenningsamgöngum og umferðaröryggi og í þeim felst að staðinn sé vörður um náttúruminjar og menningararfleifð.</p>
		<p>Gæðamarkmið aðgerðanna munu stuðla að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum.</p>
		<p>Skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn og áherslan á græna innviði eru í samræmi við þetta heimsmarkmið.</p>
		<p>Gæðamarkmið aðgerðanna geta stuðlað að minni mengun frá starfsemi á landi.</p>
		<p>Áherslur á græna innviði og bæjarrými sem leggja af mörkum til loftslagsmála, líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærra ofanvatnslausna stuðla að framgangi þessa heimsmarkmiðs.</p>
		<p>Aukin fræðsla og leiðbeiningagerð í skipulagi stuðlar að skilvirkara samstarfi.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru í samræmi við áherslur Evrópska landslagssáttmálans um mótun stefnu um landslag og að stuðlað sé að greiningu á sérkennum og verðmæti landslags og til þess fallnar að auka við almenna meðvitund um landslag.</p>

6.3 NÝTING VINDORKU Í SÁTT VIÐ UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Markmið 6.3: Skipulag sveitarfélaga og önnur áætlanagerð um landnýtingu skapi forsendur fyrir nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag, þannig að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.

Aðgerð 6.3.1: Kortlagning svæða með tilliti til landslagssjónarmiða

Aðgerð 6.3.2: Stefnumótun með tilliti til landslagssjónarmiða
























Aðgerð 6.3.3: Skipulagssjónarmið um nýtingu vindorku

Aðgerð 6.3.4: Umhverfismat nýtingar vindorku

Aðgerð 6.3.5: Leiðbeiningar um skipulag og umhverfismat vindorkunýtingar

Í aðgerð 6.3.1 felur í sér að við skipulagsgerð sé land kortlagt með tilliti til möguleika til vindorkunýtingar í svæði þar sem ekki verði heimiluð nýting vindorku, svæði þar sem nýting er heimil að uppfylltum fyrirfram skilgreindum viðmiðum og svæði þar sem nýting vindorku kemur til greina án skilgreindra takmarkana. Aðgerð 6.3.2 felur í sér að í aðalskipulagi verði mótuð stefna um nýtingu vindorku þar sem tekið er tillit til ofangreindrar kortlagningar. Aðgerð 6.3.3 setur fram atriði sem leggja skal til grundvallar við skipulagsgerð. Aðgerð 6.3.4 er vísað til umhverfismats rammaáætlunar og skipulagsáætlana hvað varðar mismunandi svæði, sbr. kortlagningu samkvæmt aðgerð 6.3.1. Aðgerð 6.3.5 felur í sér gerð leiðbeiningarefnis um kortlagningu svæða og stefnumótun um nýtingu vindorku með tilliti til landslagssjónarmiða.

Styður tillaga um markmið 6.3 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Áherslur aðgerðanna eru á að draga úr neikvæðum áhrifum af framleiðslu vindorku á landslag. Sýnt hefur verið fram á að aðgengi að svæðum þar sem landslag er af góðum gæðum stuðlar að bættri geðheilsu og vellíðan.</p>
		<p>Vernd náttúrulegs umhverfis með hátt gildi landslags og vernd eða endurheimt landslagsgæða er líkleg til að stuðla að auknum gæðum.</p>
		<p>Hluti af sjálfbærri orkuvinnslu er að ekki sé gengið á þær auðlindir sem að felast í landslagi. Áherslurnar styðja því við þetta markmið.</p>
		<p>Hluti af sjálfbærum hagvexti er að ekki sé gengið á þær auðlindir sem að felast í landslagi. Áherslurnar styðja því við þetta markmið. Jafnframt styðja aðgerðirnar við að viðhalda auðlindunum sem sjálfbær ferðamennska byggir sína tilvist á.</p>
		<p>Aukin framleiðsla orku sem byggir á sjálfbærum grunni felur meðal annars í sér að tekið er tillit til áhrifa á landslag við stefnumótun um nýtingu vindorku. Aðgerðirnar styðja því við þetta heimsmarkmið.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Aukin framleiðsla orku sem byggir á sjálfbærum grunni felur meðal annars í sér að tekið er tillit til áhrifa á landslag við stefnumótun um nýtingu vindorku. Aðgerðirnar styðja því við þetta heimsmarkmið.</p>
		<p>Sjálfbær nýting vindorku þar sem tekið er tillit til umhverfisáhrifa og stuðlað að því að halda áhrifum á landslag í lágmarki er í samræmi við þetta heimsmarkmið.</p>
		<p>Ekki er sérstaklega vikið að nýtingu vindorku á hafsvæðum, en aðgerðir sem lúta að því að taka tillit til landslags eiga jafnt við á haf- og strandsvæðum og á landi.</p>
		<p>Aukin framleiðsla orku sem byggir á sjálfbærum grunni felur meðal annars í sér að tekið er fullt tillit til áhrifa á umhverfið við stefnumótun um nýtingu vindorku. Aðgerðirnar styðja því við þetta heimsmarkmið.</p>
		<p>Aukin greining og útgáfa leiðbeininga stuðlar að aukinni skilvirkni í samstarfi allra hagsmunaaðila sem koma að skipulagsgerð.</p>
		<p>Aðgerðirnar stuðla að greiningu og stefnumótun um landslag í samræmi við áherslur Evrópska landslagssamningsins.</p>

7. HEILSUVÆN BYGGÐ OG LANDNOTKUN

Markmið 7.0: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsu og vellíðan.























Aðgerð 7.0.1: Skipulag í þágu lýðheilsu

Aðgerð 7.0.2: Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags

Aðgerð 7.0.3: Leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til lýðheilsu og hvatning til heilsuvæns lífsstíls

Markmið aðgerðar 7.0.1 er að skapa heilnæmt umhverfi og möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta og að gætt verði að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa. Aðgerð 7.0.2 felur í sér mat á áhrifum á lýðheilsu við skipulagsgerð og aðgerð 7.0.3 kveður á um gerð og miðlun leiðbeiningarefnis um heilsuvænt skipulag og vitundarvakningu um lýðheilsuáhrif skipulags.

Styður tillaga um markmið 7.0 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Gott aðgengi að grænum svæðum og umhverfi sem hvetur til hreyfingar og endurnæringar styður við markmið um heilbriggt lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Heilsuvæn byggð er líkleg til að styðja óverulega við markmið um að bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu og sjálfbæra ferðaþjónustu. Aukið heilbrigði og vellíðan íbúa getur haft jákvæð áhrif á efnahagslífið m.t.t til atvinnuþátttöku og minni fjarveru vegna veikinda.</p>
		<p>Með skipulagi heilsuvænnar byggðar er líklegt að komið verði til móts við markmið um trausta og sjálfbæra innviði með viðnámsþoli gagnvart breytingum, m.a. við hönnun mannvirkja og við gerð hjóla og göngustíga.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um öruggar og sjálfbærar borgir og bæi fyrir alla þjóðfélagsþópna, fullnægjandi og öruggt húsnæði, aðgengilega ferðamáta og betri loftgæði.</p>
		<p>Heilsuvænt skipulag og hvatning til að tileinka sér heilsuvænan lífsstíl styður við markmið um sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir.</p>
		<p>Aðgerðir og lausnir við að móta heilsuvænt samfélag hafa beina tengingu við aðgerðir sem miða að því að berjast gegn loftslagsbreytingum s.s. með áherslu á virka ferðamáta og græn svæði og jafnræði og öryggi allra þópna samfélagsins.</p>
		<p>Aðgerðirnar hafa óveruleg tengsl við markmið um að varðveita umhverfi hafisins og vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum þess.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja með óverulegum hætti við markmið um að vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi en þó einkum áherslu um að auka græn svæði í þéttbýli og umhverfismótun til að tryggja heilnæmt umhverfi til útiveru.</p>
		<p>Aðgerðir eins og mótun skipulags, leiðbeiningagerð, vitundarvakning um lýðheilsuáhrif skipulags og hvatning á heilsuvænum lífsstíl fela í sér samráð og samstarf ólíkra aðila.</p>
		<p>Aðgerðirnar eru til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif á yfirbragð og ásjáð byggðar og gæði svæða til útiveru.</p>

7.1 HEILSUVÆNIR FERÐAMÁTAR OG HREYFING Í DAGLEGU LÍFI






















Markmið 7.1: Skipulag byggðar og landnotkunar hvetji til göngu og hjólreiða og annarra virkra ferðamáta og stuðli að hreyfingu í daglegu lífi.

Aðgerð 7.1.1: Byggðamynstur í þágu lýðheilsu

Aðgerð 7.1.2: Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu

Markmið aðgerðar 7.1.1 er að skapa byggðarheildir með þétta og blandaða byggð í samræmi við skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn. Einnig miði skipulag gatnakerfis og hönnun og útfærsla göturýma innan byggðarheilda að því að tryggja góðar aðstæður fyrir alla ferðamáta með áherslu á göngu og hjólreiðar og aðra virka ferðamáta með það að markmiði að auka hreyfingu í daglegu lífi, sbr. aðgerð 7.1.2.

Styður tillaga um markmið 7.1 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Með skipulag og hvatningu til notkunar virkra ferðamáta og hreyfingu í daglegu lífi er stutt við markmið um heilbriggt lífni og vellíðan.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Þétt blönduð byggð og stígakerfi sem þjónar sem samgöngu- og útivistarleið eru líklegar aðgerðir til að styðja óverulega við markmið um að bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu og mögulega ýta undir staðbundna menningu og varning.</p>
		<p>Með skipulagi þéttar byggðar og stígakerfis er líklegt að komið verði til móts við markmið um trausta og sjálfbæra innviði með viðnámsþoli gagnvart breytingum sem styðja við velferð allra hópa samfélagsins.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um örugg og sjálfbær samfélög fyrir alla þjóðfélagsþópa með útfærslu 20 mínútna bæjarins, útfærslu gatna og stígakerfis í þéttbýli og ferðamáta á viðráðanlegu verði. Einnig styðja aðgerðirnar jákvæð félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis, m.a. með stígakerfi sem þjónar sem samgöngu- og útivistarleið.</p>
		<p>Byggðamynstur í þágu lýðheilsu vinnur með markmiði um sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir, þ.m.t. nýtni á náttúruauðlindum þar sem ætla má að minna land verði lagt undir nýja byggð og innviðir nýtist betur.</p>
		<p>Aðgerðir sem miða að þéttari byggð og því að byggja á hugmyndafræði 20 mínútna bæjarins, auk áherslna á virka ferðamáta og svæðisbundið stígakerfi, eru til þess fallnar að draga úr losun GHG og styðja við aðgerðir í loftslagsmálum.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja með óverulegum hætti við markmið um að vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi en með þéttari blandaðri byggð og áherslu á virka ferðamáta má ætla að minna landi sé ráðstafað fyrir nýja byggð, vegi og stærri samgöngumannvirki.</p>
		<p>Ferli við mótn skipulags felur í sér samráð og samstarf ólíkra aðila og styður við markmið um samvinnu um sjálfbæra þróun.</p>
		<p>Byggðarheildir sem fela í sér þetta blandaða byggð hafa áhrif á borgar- og bæjarlandslag og verðmæti sem kunna að felast í yfirbragði byggðar og nýtingu rýmis. Áhrifin eru háð nánari útfærslu. Með þéttari blandaðri byggð og áherslu á virka ferðamáta má hins vegar ætla að minna land sé ráðstafað fyrir nýja byggð og vegi.</p>

7.2 FJÖLBREYTT ÚTIVIST Í NÁND VIÐ NÁTTÚRU




















Markmið 7.2: Skipulag byggðar og landnotkunar tryggji möguleika til dvalar og hreyfingar utandyra að sumri og vetri, með áherslu á nánd við náttúru.

Aðgerð 7.2.1: Fjölbreytt útivistarsvæði til margvíslegra nota

Aðgerð 7.2.2: Náttúra almenningsrýmum

Aðgerð 7.2.1 miðar að því að gera ráð fyrir heildstæðu kerfi fjölbreyttra útivistarsvæða sem gefa kost á hreyfingu og endurnæringu fyrir ólíka aldurs- og getuhópa. Markmið 7.2.2 miðar að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi.

Styður tillaga um markmið 7.2 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Aukið aðgengi að útivistarsvæðum og náttúruríkum svæðum stuðla að bættri heilsu, geðheilbrigði og vellíðan.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Net útivistarsvæða og vel hönnuð almenningsskými nýtast jafnt ferðamönnum sem íbúum en að öðru leyti eru áhrif talin óveruleg.</p>
		<p>Net útivistarsvæða og vel hönnuð almenningsskými eru verðmætir innviðir sem stuðla að velferð íbúa en að öðru leyti eru áhrifin talin óveruleg.</p>
		<p>Með fjölbreyttum útivistarsvæðum og náttúru í hinu byggða umhverfi er stutt við markmið um að standa vörð um náttúruminjar og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli með áherslu á loftgæði.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Með því að því að flétta náttúru sem víðast inn í hið byggða umhverfi er stutt við aðgerðir í loftslagsmálum, m.a. aðgerðum sem miða að aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Aðgerðir sem miða að því að flétta náttúru sem víðast inni í hið byggða umhverfi geta stutt við sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi, en eru þó háðar umfangi og útfærslu.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Skipulag og aðgengi að heildstæðu kerfi fjölbreyttra og vandaðra útivistarsvæða styðja við markmið Evrópska landslagssamningsins.</p>

7.3 FJÖLBREYTT HÚSNÆÐI SEM MÆTIR ÞÖRFUM ÓLÍKRA HÓPA




















Markmið 7.3: Skipulag skapi umgjörð fyrir uppbyggingu vandaðs íbúðarhúsnæðis sem mætir þörfum ólíkra aldurs- og félagshópa.

Aðgerð 7.3.1: Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði

Aðgerð 7.3.2: Vandað íbúðarhúsnæði

Í markmiðum 7.3.1 og 7.3.2 er gert ráð fyrir að skipulagsgerð miði að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis svari þörfum miðað við lýðfræðilega þróun, fjárhag og þarfir ólíkra aldurs- og félagshópa og að skýr tengsl verði á milli greiningar og stefnu í skipulagsáætlunum og húsnæðisáætlun viðkomandi sveitarfélags. Gert verði ráð fyrir fjölbreyttu og vel staðsettu íbúðarhúsnæði innan hvernar byggðarheildar og að stuðlað verði að gæðum húsnæðis, m.a. hvað varðar byggingarlist, birtu, hljóðvist og útirými.

Styður tillaga um markmið 7.3 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Með því að stuðla að framboði af viðeigandi íbúðarhúsnæði fyrir alla hópa þar sem lögð er áhersla á gæði á borð við útirými, birtu og hljóðvist er stutt við markmið um heilbriggt líferni og vellíðan.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Framboð á íbúðarhúsnæði m.t.t. lýðfræðilegar þróunar íbúa og þarfa mismunandi hópa innan byggðarheildar styður við markmið um sjálfbæran hagvöxt.</p>
		<p>Framboð á íbúðarhúsnæði m.t.t. lýðfræðilegrar þróunar íbúa og þarfa mismunandi hópa innan byggðarheildar styður við markmið um sjálfbæra og viðnámsþolna innviði og velferð allra.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, aðgengi að grunnþjónustu og tengingu við örugga, sjálfbæra og aðgengilega ferðamáta.</p>
		<p>Aðgerðir sem felast í að stilla saman þörf íbúa fyrir fjölbreyttu íbúðarhúsnæði og framboði þess innan hvernar byggðarheildar stuðla að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum.</p>
		<p>Markmiðin tengjast þessu heimsmarkmiði óbeint með því að stuðla að samstillingu framboðs og þarfar íbúa, og stuðla þar með að betri nýtingu auðlinda.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Markmið um gæði og fjölbreytni íbúðarhúsnæðis þar sem aðgengi að útirými er tryggt og skipulag byggðarheildar er í samræmi við skipulags-hugmyndir um 20 mínútna bæinn styðja við markmið Evrópska landslags-samningsins.</p>

7.4 HEILNÆMT OG ÖRUGGT UMHVERFI


















Markmið 7.4: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.

Aðgerð 7.4.1: Loftgæði og hljóðvist

Aðgerð 7.4.2: Öryggi og aðgengi í almenningsrymum

Markmið aðgerða 7.4.1 og 7.4.2 er að tryggja loftgæði og hljóðvist, m.a. með útfærslu byggðar og almenningsryma sem dregur úr ferðapörf og hvetur til virkra ferðamáta og að tryggja öryggi á götum og stígum og öðrum almenningsrymum, sértaklega m.t.t. þarfa viðkvæmra hópa.

Styður tillaga um markmið 7.4 í landsskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?

		<p>Loftgæði og góð hljóðvist styðja markmið um heilbriggt lífarni og vellíðan fyrir alla og útfærsla byggðar og almenningsrýma sem draga úr ferðaþörf er líkleg til að draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Aðgerðirnar miða að öryggi á götum og stígum og hönnun gatnakerfis og göturýma sem styðja við markmið um trausta sjálfbæra innviði og velferð fyrir alla.</p>
		<p>Aðgerðirnar styðja við markmið um borgir og bæi fyrir alla þjóðfélags-hópa, bætt umferðaröryggi og sjálfbæra og aðgengilega ferðamáta.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Hönnun almenningsrýma, gatnakerfis og göturýma og hvatning til notkunar virkra ferðamáta með betri loftgæði og hljóðvist að leiðarljósi, er til þess fallin að styðja við markmið í loftslagsmálum</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Á ekki við.</p>
		<p>Markmið um hönnun almenningsrýma, gatnakerfis og göturýma styðja við markmið Evrópska landslagssamningsins.</p>

7.5 TÆKIFÆRI TIL ÁHRIFA Á MÓTUN NÆRUMHVERFIS

Markmið 7.5: Við skipulag byggðar og landnotkunar verði tryggð góð tækifæri fyrir ólíka aldurs- og félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um þeirra nærumhverfi.

Aðgerð 7.5.1: Samráð við skipulagsgerð










Aðgerð 7.5.2: Úttekt á áhrifum almennings á ákvarðanatöku

Aðgerð 7.5.3: Leiðbeiningar um samráð við almenning

Aðgerð 7.5.4: Vefgátt og vefsja um skipulag og framkvæmdir

Markmið aðgerðanna er að tryggja og víkka möguleika almennings til að hafa áhrif á mótun umhverfis með þátttöku í skipulagsgerð og að í skipulagsferlinu verði beitt vel útfærðum og virkum samráðsleiðum. Einnig er gert ráð fyrir gerð verklagsleiðbeininga til að tryggja þátttöku almennings við skipulagsgerð og að gerð verði úttekt á áhrifum þátttöku almennings og félagasamtaka á ákvarðanatöku við skipulagsgerð og undirbúning framkvæmda. Þróuð verði vefgátt og landfræðileg vefsja í því skyni að auka skilvirkni og auðvelda aðgengi að upplýsingum og þátttöku almennings við gerð skipulags og undirbúning framkvæmda.

Styður tillaga um markmið 7.5 í landskipulagsstefnu eða gengur gegn völdum umhverfisviðmiðum?


	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>Á ekki við.</p>
	<p>  Aðgerðirnar styðja markmið um samstarf um sjálfbæra þróun með þátttöku opinberra aðila, einkaaðila og almennings. </p>
	<p>Á ekki við.</p>

Yfirlit yfir ferlið við móttun tillögunnar

Tillaga að landsskipulagsstefnu var unnin með víðtæku samráði við önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila, auk þess sem almenningur hefur átt þess kost að hafa áhrif á móttun hennar.

Lýsing og samráð við upphaf vinnunnar

Lýsing fyrir verkefnið var kynnt opinberlega á vormánuðum 2019 og í tengslum við þá kynningu voru haldnir opnir samráðsfundir á átta stöðum á landinu þar sem leitað var eftir hugmyndum og ábendingum varðandi móttun tillögunnar. Skriflegar athugasemdir við lýsinguna bárust frá 14 aðilum og var efni þeirra tekið saman og birt á vefsíðu landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is í maí 2019. Við ritun tillögunnar sem hér er kynnt var tekið mið af ábendingum og hugmyndum sem fram komu á samráðsfundunum og skriflegum athugasemdum sem bárust við lýsinguna.



Forsendugreining og undirbúningur

Viðamikil undirbúningsvinna liggur að baki tillögunni sem hér er lögð fram. Sú vinna fólst meðal annars í fjölbreyttum forsendu- og greiningarverkefnum sem tengjast viðfangsefnum tillögunnar og hafa verið unnin bæði innan Skipulagsstofnunar og af ráðgjöfum. Tilgangur verkefnanna var að stuðla að því að við mótun landsskipulagsstefnu væri byggt á bestu fáanlegu upplýsingum. Verkefnin fólust meðal annars í að safna saman og greina fyrirbyggjandi þekkingu um hin nýju áhersluefni landsskipulagsstefnu, loftslag, landslag og lýðheilsu, og draga fram fyrirmyndir hér á landi og erlendis um hvernig tiltekin markmið og áherslur á þessum sviðum endurspeglast í skipulagi.

Eftirfarandi eru helstu skýrslur og minnisblöð, þar sem niðurstöður framangreindra verkefna eru birtar:

- Lýðheilsa og skipulag – Samantekt vegna mótunar landsskipulagsstefnu um lýðheilsu. Unnin af Matthildi Kr. Elmarsdóttur hjá Alta fyrir Skipulagsstofnun.
- Loftslagsaðgerðir í skipulagi þéttbýlis, forsendugreining fyrir viðauka við landsskipulagsstefnu – Fyrirlestur Halldóru Hrólfsdóttur hjá Alta á morgunfundi um loftslagsmál og skipulag í þéttbýli.
- Kolefnisspor landnotkunar – Minnisblað um losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar. Unnið af Stefáni Gíslasyni hjá Environice fyrir Skipulagsstofnun.
- Landslag og vindorka – Samantekt vegna mótunar landsskipulagsstefnu um landslag. Unnin af Matthildi Kr. Elmarsdóttur hjá Alta fyrir Skipulagsstofnun.

Samhliða undirbúningsvinnu vegna landsskipulagsstefnu hefur Skipulagsstofnun unnið að nýrri útgáfu forsendu-skýrslunnar Skipulagsmál á Íslandi – Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir, sem kom út árið 2014. Skipulagsstofnun hyggst birta nýja útgáfu skýrslunnar á árinu 2021 og uppfæra hana reglulega eftir þörfum til að hún nýtist sveitarfélögum með markvissari hætti við skipulagsgerð. Gert er ráð fyrir að uppfærð útgáfa skýrslunnar fylgi tillögu að landsskipulagsstefnu við næstu heildarendurskoðun hennar, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Morgunfundaröð

Skipulagsstofnun hélt í samvinnu við ýmsa aðila morgunfundaröð um viðfangsefni landsskipulagsstefnu sem hófst í október 2019 og lauk í ágúst 2020. Alls voru haldnir fimm viðburðir:

Dags.	Yfirskrift viðburðar	Samstarfsaðilar
29. okt. 2019	Morgunfundur um vindorku og landslag	Verkefnisstjórn rammaáætlunar og Samband íslenskra sveitarfélaga
28. nóv. 2019	Morgunfundur um skipulag landbúnaðarlands – samfélag, landslag og loftslag	Samband íslenskra sveitarfélaga
28. jan. 2020	Morgunfundur um loftslagsmál og skipulag í þéttbýli	Loftslagsráð
5. mars 2020	Morgunfundur um skipulag og lýðheilsu	Embætti landlæknis
26. ágúst 2020	Lífið í landslaginu – málþing um skipulag og hönnun í landslagi	Félag íslenskra landslagsarkitekta

Morgunfundaröðinni var ætlað að hvetja til umræðu meðal stjórnvalda, hagsmunaaðila, fagaðila og almennings um viðfangsefni landsskipulagsstefnu og kalla eftir hugmyndum og sjónarmiðum um mótun tillögunnar. Góð aðsókn var á viðburðina og fylgdust margir með streymi frá þeim á vefnum. Síðasti viðburðurinn, málþing um skipulag og hönnun í landslagi, var eingöngu sendur út á vefnum vegna samkomutakmarkana sem tengjast COVID-19 faraldrinum.

Vefsíðan landsskipulag.is

Á sérstöku vefsetri Skipulagsstofnunar, www.landsskipulag.is, er að finna helstu upplýsingar um gerð landsskipulagsstefnu. Þar má meðal annars finna upplýsingar um ferlið við mótun stefnunnar, helstu greiningarverkefni og önnur skjöl sem orðið hafa til í ferlinu, auk upplýsinga um morgunfundaröðina.

Samráðsvettvangur

Í samræmi við reglugerð um landsskipulagsstefnu er starfræktur sérstakur samráðsvettvangur vegna mótunar landsskipulagsstefnu, sem í eru meðal annars fulltrúar sveitarfélaga og samtaka þeirra, opinberra stofnana, fyrirtækja sem sinna uppbyggingu og rekstri grunngerðar svo sem samgangna og orkuflutninga og samtaka á sviði atvinnuvega og náttúru- og umhverfisverndar.

Öllum sem þess óska er veittur aðgangur að samráðsvettvanginum og eru nú um 300 aðilar skráðir á hann. Skipulagsstofnun hefur reglulega sent upplýsingar með tölvupósti til aðila samráðsvettvangsins um stöðu og framgang vinnu við gerð landsskipulagsstefnu.

Ráðgjafarnefnd um landsskipulagsstefnu

Í skipulagslögum er kveðið á um skipan ráðgjafarnefndar sem skal vera Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar við undirbúning landsskipulagsstefnu. Ráðgjafarnefndin er skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra á grundvelli tilnefninga ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ný ráðgjafarnefnd var skipuð í desember 2018 til að veita ráðgjöf við gerð breytinga á landsskipulagsstefnu. Í henni eiga sæti:

- Steinunn Fjóla Sigurðardóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
- Páll Jakob Líndal, skipaður án tilnefningar (kom í stað Sigrúnar Birnu Sigurðardóttur 9. júlí 2020),
- Arnór Snæbjörnsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
- Erla Sigríður Gestsdóttir, tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,
- Hanna Dóra Hólm Másdóttir, tilnefnd af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti,
- Hrafnkell Á. Proppé, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Egill Pétursson, tilnefndur af forsætisráðherra (kom í stað Regínu Sigurðardóttur 9. júlí 2020; hún kom í stað Sigurðar Arnar Guðleifssonar 29. maí 2019),
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin hefur fundað sjö sinnum síðan hún var skipuð, en fundir voru haldnir 28. janúar 2019, 6. mars 2019, 24. apríl 2019, 3. september 2019, 22. janúar 2020, 29. júní 2020 og 27. ágúst 2020.

Kynning tillögunnar

Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026, ásamt umhverfismati, er hér með lögð fram til opinberrar kynningar í átta vikur, sbr. 5. mgr. 11. gr. skipulagslaga. Tillagan er birt á vefsíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is og á vefsvæði landsskipulagsstefnu, www.landsskipulag.is. Hún liggur auk þess frammi á skrifstofu Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík.

Tillagan er auglýst í dagblöðum á landsvísu, svæðisbundnum miðlum, á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan er jafnframt send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

Öllum er frjálst að senda athugasemdir við tillöguna og skulu þær annaðhvort berast með bréfpósti til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á netfangið landsskipulag@skipulag.is eða um athugasemdagátt á www.landsskipulag.is.

Ferli að loknum kynningartíma

Eftir að kynningartíma lýkur tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt tillögum stofnunarinnar að breytingum á landsskipulagsstefnu. Stofnunin skal gera þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar grein fyrir umsögn sinni um athugasemdirnar.

Umhverfis- og auðlindaráðherra tekur tillögu Skipulagsstofnunar ásamt umsögn stofnunarinnar um framkomnar umsagnir og athugasemdir til skoðunar og leggur í kjölfarið fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu á Alþingi, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Landsskipulagsstefna tekur gildi þegar hún hefur verið afgreidd sem þingsályktun frá Alþingi.

Yfirlit yfir stefnu stjórnvalda

Helstu áætlanir stjórnvalda sem varða skipulagsmál:

[Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis](#) (Ríkisstjórn, 2017).

Á málefnasviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis:

[Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2020).

[Aðgerðaáætlun um Árósasamninginn 2018–2021](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2019).

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Alþingi, 2013 og 2015).

[Hreint loft til framtíðar 2018–2029](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2017).

[Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2013).

[Landslagssamningur Evrópu](#) (tók gildi gagnvart Íslandi 2020).

[Landsskipulagsstefna 2015–2026](#) (Alþingi, 2016).

[Náttúruminjaskrá](#) (Umhverfisráðherra, 1999).

[Náttúruverndaráætlun 2009–2013](#) (Alþingi, 2010).

[Saman gegn sóun – Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016 – 2027](#) (Umhverfis- og auðlindaráðherra, 2016).

[Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029](#) (Alþingi, 2018).

Á málefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis:

[Aðgerðaáætlun um orkuskipti](#) (Alþingi, 2017).

[Kerfisáætlun 2019–2028](#) (Orkustofnun, 2020).

[Sjálfbær orkuframtíð – Orkustefna til ársins 2050](#) (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2020).

[Stefna um lagningu raflína](#) (Alþingi, 2015).

[Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku](#) (Alþingi, 2018).

[Vegvísir í ferðaþjónustu](#) (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015).

Á málefnasviði félagsmálaráðuneytis:

[Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021](#) (Alþingi, 2017).

Á málefnasviði forsætisráðuneytis:

[Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar – Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) (Ríkisstjórn, 2018).

[Stefna um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum](#) (Forsætisráðherra, 2019).

Á málefnasviði heilbrigðisráðuneytis:

[Heilbrigðisstefna til ársins 2030](#) (Alþingi, 2019).

[Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri](#) (Ráðherranefnd, 2016).

Á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis:

[Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist](#) (Mennta- og menningarmálaráðherra, 2014).

Á málefnasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:

[Ferðumst saman – Heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða](#) (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, 2019).

Fimm ára fjarskiptaáætlun 2019–2023 ([þingsályktunartillaga](#)) (Alþingi, 2019).

[Samgönguáætlun 2020–2034](#) (Alþingi, 2020).

[Stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024](#) (Alþingi, 2018).